


skoðun 24


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



**Alfræðirit um nýtingu villibráðar**

*Bók Úlfars Finnbjörnssonar, Stóra bókin um villibráð, er ein fimm íslenskra bóka sem eru tilnefndar til hinna virtu Gourmand-verðlauna.*


allt





# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
16. desember 2011
194. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011


# Buðu Íslandi aðeins 6,5% makrílkvótans

**Tillaga Evrópusambandsins og Noregs um hlutdeild Íslands í sameiginlegum makrílkvóta var 6,5 prósent. Áður lá fyrir hugmynd ESB um átta prósent til Íslands. Viðmið Íslands eru núverandi veiðar og tillagan því algjörlega óraunhæf.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Sameiginleg tillaga Evrópusambandsins (ESB) og Noregs, sem lögð var fram á fundi strandríkjanna í Clonakilty á Írlandi í síðustu viku, gerði aðeins ráð fyrir 6,5% hlutdeild Íslands í sameiginlegum makrílkvóta frá og með næsta ári, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Stjórnvöld hafa lýst tillögunni sem skrefi aftur á bak í viðræðum aðila en samkvæmt heimildum er það vegna þess að ESB hafði gert að tillögu sinni að hlutdeild Íslands yrði 8% á fundi í London í haust. Eins hafi ESB nefnt enn hærri tölur fyrr í samningaviðræðum strandríkjanna.

**1%** í aflahlutdeild árið 2011 gaf 2 milljarða í útflutningstekjur.

Í tilkynningu íslenskra stjórnvalda frá 9. desember er tillögunni lýst sem „algjörlega óraunhæfri“. Því er makríldeilan í verri hnút en um langt skeið enda fjarlægjast samningsaðilar augljóslega með þessari nýjustu tillögu ESB og Noregs. Engin ákvörðun hefur verið tekin um framhald viðræðnanna.

Eins og kunnugt er hefur hlutdeild Íslands í veiðum undanfarinna tveggja ára verið um 16%, eða 130 til 150 þúsund tonn, sem markar viðmið Íslands í viðræðunum. Nú liggur fyrir að útflutningsverðmæti makríls var um 30 milljarðar króna á þessu ári. Miðað við forsendur ársins 2011 er hvert prósent í aflahlutdeild í makríl því um tveir milljarðar króna.

Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um leyfilegan heildarafla fyrir árið 2012 eru 639 þúsund tonn. Noregur og ESB tóku sér rúmlega 90% af ráðlögðum heildarafla ársins 2011, án tillits til veiða Íslendinga, Færeyinga og Rússa. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að að óbreyttu verði hlutdeild Íslands í heildarveiðunum áfram um 16% á næsta ári. - shá

Þingsályktun undirbúin:

## Vilja afturkalla ákæruna á Geir

**ALÞINGI Sjálfstæðisflokkurinn vinnur nú að stuðningi þingmanna annarra flokka við að afturkalla ákæru Alþingis á hendur Geir H. Haarde. Líkur eru til að þingsályktunartillaga verði lögð fram í dag.**

**Þingflokkar stjórnarflokkanna funduðu um málið í gær. Vinstri græn samþykktu að flokkurinn stæði ekki að slíkri tillögu, en einstaka þingmenn réðu sér sjálfir. Þingflokksformaður Samfylkingarinnar sagði engan þingmanna flokkinn verða meðflutningsmann að tillögunni.**

**Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segist munu styðja slíka tillögu og jafnvel verða meðflutningsmaður. Leitað verður afbrigða til að taka tillöguna strax á dagskrá.**

- kóp /sjá síðu 4



**Þriðji í skíðakeppni**

*Baltasar Kormákur sýndi gamla takta í frönsku Ölpunum.*


fólk 66


**Áfram með smjörið!**

*Í íslenskri þjóðmálaumræðu er matvælaöryggi feluorð yfir tolla og innflutningshöft, segir Pawel Bartoszek.*


skoðun 25




**Haukar juku forskotið**

*HK vann Fram og Haukar eru komnir með þriggja stiga forskot í N1-deild karla í handbolta.*


sport 62


**veðrið í dag**




**BJART V-TIL** Í dag verða 8-13 m/s við A-ströndina en annars yfirleitt hægari. Nokkuð bjart V-til en dálítil snjókoma N- og A-til. Frost 0 til 13 stig.


VEÐUR 4




**GÆSAGANGUR VIÐ JÓLATRÉÐ** Froststillur laða fjölda manns í miðbæ Reykjavíkur hvern dag, eins og mátti sjá á Austurvelli í gær. Óslóartréð skartar sínu fegursta og hefur mikið aðdráttarafl sem fyrr.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magdalena Sara í Kína:

## Kom heim með stóran samning

**FÓLK** Magdalena Sara Leifsdóttir er nýkomin heim frá Kína þar sem hún tók þátt í alþjóðlegu Elite-keppninni. Magdalena heillaði forsvarsmenn Elite og kom heim með fyrirsætusamning við alþjóðlegu Elite-skrifstofuna.



MAGDALENA SARA LEIFSDÓTTIR

Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjóri Elite á Íslandi, segir að samningurinn sé einn sá stærsti sem hefur verið gerður við íslenska fyrirsætu. „Þetta þýðir að hún er komin inn hjá öllum 37 Elite-skrifstofum úti í heimi og í raun loforð um að þeir ætli að gera hana að ofurfyrirsætu,“ segir Arnar Gauti.

- áp/ sjá síðu 66

Erlendum gestum á Airwaves fjölgaði um fjórðung á milli ára:

# Eyddu hálfum milljarði á hátíðinni

**MENNING** Erlendir ferðamenn sem sóttu Iceland Airwaves-hátíðina heim eyddu 450 milljónum króna meðan á hátíðinni stóð. Þetta kemur fram í könnun á hagrænum áhrifum komu gesta hátíðarinnar hingað til lands, sem unnin er á vegum Útflutningsstofu íslenskrar tónlistar.

Iceland Airwaves stóð yfir dagana 31. október til 4. nóvember.

Gestum hátíðarinnar fjölgaði um 23 prósent frá árinu 2010. Erlendum ferðamönnum fjölgaði um 26 prósent og voru nú tæplega 3.000, en 3.500 Íslendingar sóttu hátíðina. Auk þeirra 450 milljóna króna sem erlendu gestirnir eyða hér á landi, eyða þeir 190 milljónum króna í ferðakostnað. Veltuaukning á milli ára nemur 44 prósentum. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir margföldunaráhrifum.

„Þetta sýnir að það er monní í menningunni sem skilar sér til samfélagsins,“ segir Grímur Atlason framkvæmdastjóri Airwaves. - kóp










## SPURNING DAGSINS



*Ingimar, hefurðu fengið sand af seðlum?*

„Það má segja að sandurinn hafi breyst í seðla."

Ingimar Georgsson, kaupmaður í Vöruvali í Vestmannaeyjum, selur nú sand úr Landeyjahöfn í verslun sinni.

Næsta vika umhleypingasöm og gæti farið að rigna sunnanlands á sunnudag:

# Óvíst með hvít jól í Reykjavík

**VEÐUR** Óvíst er hvort jólin verði hvít í höfuðborginni. Næsta vika verður umhleypingasamari í veðri en undanfarið, þá sér í lagi sunnanlands.

Meiri líkur eru á hvítum jólum á norðan-, vestan- og austanverðu landinu en fyrir sunnan, en Einar Magnús Einarsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir þó að ekki sé hægt að spá fyrir með vissu um snjóalög.

„Það eru meiri líkur á hvítum jólum fyrir norðan heldur en fyrir sunnan, en þetta er allt saman spurning enn þá," segir Einar. „Það er ekki hægt að segja að það séu litlar líkur á hvítum jólum í Reykjavík, en næsta vika verður umhleypingasamari."

Einar segir spána fyrir næstu helgi nokkuð fína. Dagurinn í dag og í kvöld verður víðast hvar góður, þó er hætta á éli með kvöldinu. Spáð er bjartviðri á Austurlandi og víðar á morgun, en á sunnudag koma skil upp að landinu með slyddu eða snjókomu. Þá gæti jafnvel farið að rigna sunnanlands. - sv



**RAUÐ JÓL Í REYKJAVÍK 2010** Líkur eru á rigningu í Reykjavík á sunnudaginn næsta, en rúm vika er til jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fundu minnstu froska í heimi:

## Komast tíu á 50 krónu pening

**VÍSINDI** Náttúrufræðingar hafa staðfest að froskategund sem fundist hefur á eyjunni Papúa Nýju-Gíneu í Kyrrahafi sé sú minnsta í heimi.

Froskarnir eru 8 til 9 millimetrar að lengd, sem þýðir að tíu froskar gætu komist fyrir á íslenskum 50 króna peningi. Þetta eru jafnframt smæstu landdýr heims sem eru með hrygg.

Þessi smávaxna froskategund fannst fyrir nærri tíu árum en nú fyrst hefur verið staðfest að um nýja tegund sé að ræða. - bj

Kanna hver fær að makast:

## Stærðin skiptir máli fyrir karla

**VÍSINDI** Stærðin skiptir vissulega máli í kvennamálum, í það minnsta fyrir þá sem eru rauðhærðir, sambrýndir og með átta útstæð augu. Nánar til tekið skiptir máli fyrir karlkyns stökkköngulær að vera með sem stærstar vígtennur til að fá að makast með kvendýrum.

Þetta er niðurstaða vísindamanna við Duke-háskóla í Bandaríkjunum. Þeir öttu saman karlkyns köngulóm til að kanna hvað ræður því hver fær kvendýrið. Í ljós kom að þeir karlar sem voru með stærstu vígtennurnar þurftu sjaldnast að berjast, þar sem andstæðingurinn gaf eftir áður en til slagsmála kom. - bj

Ný könnun Capacent Gallup:

## Neyslan 12% meiri en 2010

**KÖNNUN Dagleg neysla Íslendinga síðustu vikur hefur aukist um umtalsvert milli ára samkvæmt Þjóðarpúlsi Capacent Gallup.**

**Síðustu fjórar vikur hafa landsmenn eytt 12,1 prósentum hærri upphæð í vörur og þjónustu en á sama tímabili í fyrra, að því er fram kemur í niðurstöðunum.**

**Meðalmaðurinn eyðir um 4.900 krónum á dag nú, en 4.370 krónum á sama tíma í fyrra. Verðbólgan á árinu var um fimm prósent, og raunhækkun á eyðslu því um sjö prósentustig.** - bj

## LÖGREGLUMÁL

**Þrír í vímuefnaakstri**

Þrír ökumenn voru teknir fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu í fyrrakvöld og fyrrinótt. Þetta voru karlmenn á aldrinum 25 til 40 ára. Tveir þeirra höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi en sá þriðji var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, eftir á lögreglustöðina var komið.

# Togari knúinn áfram með orku úr dýrafitu

**Skip Samherja, Björgúlfur EA, nýtti lífdísil sem orkugjafa í síðustu veiðiferð. Eldsneytið er framleitt á Akureyri af nýsköpunarfyrirtækinu Orkey sem framleiðir 300 tonn á ári. Mögulegt væri að framleiða 2.500 tonn ef hráefni fengist.**

**NÝSKÖPUN** Björgúlfur EA 312, ísfisktogari Samherja, kom til heimahafnar á Dalvík í gær en í veiðiferðinni var nýttur innlendur orkugjafi, lífdísill, framleiddur hjá nýsköpunarfyrirtækinu Orkey á Akureyri. Þetta mun vera einsdæmi í heiminum að úrgangi sé breytt í orku sem nýtt er til að keyra fiskiskip.



KRISTJÁN VILHELMSSON

Kristján Vilhelmsson, framkvæmdastjóri útgerðarsviðs Samherja, segir að um tímamót sé að ræða. Veiðiferðin hafi verið þrír sólarhringar núna en fyrirtækið nýti allt það magn af lífdísli sem fáanlegur er. Framleiðslugeta verksmiðjunnar setji því hins vegar skorður að mögulegt sé að keyra eitt eða fleiri skip í lengri tíma, hvað þá á ársgrundvelli. „En það sem við getum fengið munum við nota," segir Kristján og bætir við að Björgúlfur brenni 5.500 lítrum af lífdísli á sólarhring við veiðar og á keyrslu.

„Þetta er verulega spennandi. Ég vil kalla þetta afganga sem verið er að nota til að búa til þetta eldsneyti því þetta er ekki notað í neitt annað," segir Kristján.

Spurður hvort það sé ódýrara að nýta lífdísil heldur en hefðbundna olíu svarar Kristján því til að sparnaðurinn liggi í því að gjaldeyrir sparast. „Þetta er unnið úr innlendu hráefni og það er stóri sparnaðurinn. Þjóðhagslegi sparnaðurinn."





**BJÖRGÚLFUR Í HEIMAHÖFN** Samherji hyggst nota lífdísil á skip sín í því magni sem olían fæst. Hráefnisskortur stendur Orkey í vegi ef auka á framleiðsluna frá því sem nú er. MYND/GIJ

> Í dag er þetta hráefni urðað að mestu leyti og er engum til gagns.
>
> **KRISTINN F. SIGURHARÐARSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ORKEYJAR

Kristinn F. Sigurharðarson, framkvæmdastjóri Orkeyjar, segir að framleiðslugeta verksmiðjunnar í dag sé fimmfalt þau 300 tonn sem framleidd eru í dag af lífdísli. „Það sem stendur í vegi fyrir aukinni framleiðslu eru aðdrættir á hráefni. Það fellur mikið til víða um land. Í dag er þetta hráefni urðað að mestu leyti og er engum til gagns."

Lífdísillinn er framleiddur úr notaðri steikingarolíu og dýrafitu. Áætlanir fyrirtækisins, sem skýrir framleiðslumagnið í dag, gerðu ráð fyrir að 300 tonn myndu duga til að greiða niður fjárfestinguna við verksmiðjuna, sem var töluverð. „Núna þegar við sjáum hvað er hægt að gera þá herðir það í mönnum," segir Kristinn sem getur þess að tækjabúnaður verksmiðjunnar sé að stærstum hluta smíðaður á Akureyri.

Tækifærin fyrir fyrirtækið liggja víða enda 500 þúsund tonn af olíu flutt til landsins á ári hverju. Skipaflotinn notar 300 þúsund tonn.

svavar@frettabladid.is

Myrti fólk fyrir þýska nasista:

## Hefur afplánun 90 ára að aldri

**ÞÝSKALAND, AP Maður sem sakfelldur var fyrir að myrða þrjá Hollendinga í síðari heimsstyrjöldinni hefur nú hafið afplánun á lífstíðardómi í þýsku fangelsi, 90 ára að aldri.**



HEINRICH BOERE

**Heinrich Boere var meðlimur í SS-sveitum nasista, og játaði við réttarhöld í fyrra að hafa skotið menn-ina þrjá. Einn þeirra var meðlimur hollensku andspyrnuhreyfingarinnar og annar hafði hjálpað gyðingum að komast undan ofsóknum nasista. Boere hélt því fram að hann hafi aðeins verið að fylgja skipunum.**

**Verjandi Boere hefur haldið því fram að hann sé of veikburða til að þola fangelsisvist, en á það var ekki hlustað.** - bj

Synja ósk hafnfirskra foreldra:

## Fá ekki fulltrúa í íþróttanefnd

**SVEITARSTJÓRNIR** Foreldraráð Hafnarfjarðar fær ekki áheyrnarfulltrúa í íþrótta- og tómstundanefnd bæjarins eins og ráðið óskaði eftir. Nefndin segist ekki geta orðið við óskinni að svo stöddu.

„Starfsemi sem fram fer í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum er ekki lögbundin líkt og starfsemi grunnskólanna og því ekki hægt að leggja að jöfnu," segir íþrótta- og tómstundanefnd sem þó kveður mikilvægt að eiga gott samstarf við foreldraráðið og hyggst bjóða fulltrúa þess „eftir þörfum" til fundar við nefndina þegar fjallað er um málefni frístundaheimila og félagsmiðstöðva. - gar





Sláandi niðurstöður í rannsókn á heimilis- og kynferðisofbeldi í Bandaríkjunum:

# Helmingur árása innan sambands

**BANDARÍKIN, AP** Fimmtungur bandarískra kvenna hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi, samkvæmt nýrri rannsókn bandarísku sóttvarnastofnunarinnar CDC. Helmingur árásanna átti sér stað meðal sambúðarfólks eða kærustupara.

Jafnframt kemur fram að fjórða hver kona sem rannsóknin náði til kveðst hafa verið beitt ofbeldi af hálfu maka eða kærasta.

Sérfræðingar í heimilisofbeldi segja tölurnar ekki koma sérstaklega á óvart en þó kunni ákveðnir þættir rannsóknarinnar að hafa leitt til hærri talna en áður hafa komið fram. Þannig segjast sjö sinnum fleiri konur hafa orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar en raunin var í könnun bandaríska dómsmálaráðuneytisins í fyrra.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við höfum fengið fram þessa tegund áætlunar á tíðni ofbeldis í samböndum," er haft eftir Lindu Degutis, starfsmanni CDC. Rannsóknin verður framkvæmd árlega hér eftir.

Ekki er gerð tilraun til að staðfesta frásagnir í rannsókninni, sem fengnar eru nafnlaust í símakönnun CDC. Hringt var af handahófi í um 9.000 konur og 7.400 karla. - óká

> **Rannsókn CDC**
>
> Nærri helmingur kvenna sem greina frá nauðgun eða tilraun til nauðgunar segir árásina hafa átt sér stað fyrir átján ára aldur.
>
> Allt að þriðja hver kona segist einhvern tímann á lífsleiðinni hafa orðið fyrir nauðgun, barsmíðum eða eltihrellingu maka, meðan einungis einn af hverjum tíu körlum segist hafa lent í sambærilegu.



**Í NEW YORK** Ný rannsókn bandaríska sóttvarnayfirvalda hefur leitt í ljós að umfang heimilisofbeldis þar í landi er meira en áður var talið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



LED ÚTI-SERÍUR FRÁ: 1.995

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**LED útiseríur**
Allar LED útiseríur á frábærum afslætti! Komdu og skoðaðu úrvalið!



**SANTA kertastjaki**
Sprittkertastjaki með englum.
Hæð: 15 sm.

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 795
395



50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 399
199

**Jólarós**
Flott jólarós í potti.

# JÓLAVÖRUÚTSALAN ER BYRJUÐ!



FULLT VERÐ: 2.995
1.495

50% AFSLÁTTUR

**COZY jólastelpa og jólastrákur**
Flott jólastelpa og jólastrákur.
Hæð: 55 sm.



50% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ: 249

**ROMANTIC HEART jólalína**
2 stk. pottaleppar **499** nú **249** Diskamotta **995** nú **499**
Brauðkarfa **995** nú **499** Vaxdúkur verð pr. mtr. **995** nú **499**
3 stk. viskastykki **1.495** nú **749** Löber 45 x 140 sm. **1.995** nú **995**
Jóladúkur 160 x 260 sm. **4.995** nú **2.495**



FULLT VERÐ: 2.495
1.495



40% AFSLÁTTUR

**Ljósaskreyting í glugga**
Flott ljósaskreyting í glugga!
4 mismunandi gerðir fáanlegar.



FULLT VERÐ: 2.495
1.495

40% AFSLÁTTUR

**Jóladyramotta**
Flottar mottur.
Stærð: 40 x 70 sm.



**Jólapar**
Sætt jólapar, stelpa og strákur.
Hæð: 20 sm.

2 STK.

2 STK. ÁÐUR: 795
499

37% AFSLÁTTUR



6 STK.

60% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 695
279

**NIS jólaglös**
Flott jólaglös á frábæru verði! 6 stk. saman í pakka.

FULLT VERÐ: 299
199



33% AFSLÁTTUR

**Jóladúllur**
Fallegar jóladúllur.
4 tegundir fáanlegar.
Stærð: Ø30 sm.

OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR TIL KL. 22:00 OG TIL KL. 23:00 Á ÞORLÁKSMESSU

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

FULLT VERÐ: 2.995
1.495

50% AFSLÁTTUR



**Jólahundur**
Flottur jólahundur sem syngur og dansar! Gengur fyrir rafhlöðum.

**GENGIÐ 15.12.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,20 | 122,78 |
| Sterlingspund | 189,24 | 190,16 |
| Evra | 158,68 | 159,56 |
| Dönsk króna | 21,348 | 21,472 |
| Norsk króna | 20,391 | 20,511 |
| Sænsk króna | 17,451 | 17,553 |
| Japanskt jen | 1,5675 | 1,5767 |
| SDR | 187,67 | 188,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 217,0188

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meirihluti velferðarnefndar leggur til að skipaður verði starfshópur sem smíði frumvarp um málið:

# Meirihlutinn vill leyfa staðgöngumæðrun

**SAMFÉLAGSMÁL** Meirihluti velferðarnefndar Alþingis hefur lagt til að þingsályktunartillaga um að heimila skuli staðgöngumæðrun verði samþykkt. Tveimur minnihlutaálitum var skilað þar sem lagst var gegn því að tillagan yrði samþykkt nú.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að velferðarráðherra skipi starfshóp til að undirbúa frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Flutningsmenn tillögunnar eru 23 þingmenn úr öllum flokkum nema Hreyfingunni.

Meirihluti velferðarnefndar telur að tillagan sé vel unnin og leggur áherslu á að breytingar sem gerðar hafi verið milli þinga séu mjög til bóta. Tillagan var einnig lögð fram á síðasta þingi, en nú hefur meðal annars verið lögð meiri áhersla á hag og réttindi barnsins og staðgöngumóður.

Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, skilaði minnihlutaáliti sem Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, var samþykk. Birgitta er áheyrnarfulltrúi í nefndinni. Þær segjast ekki geta stutt tillöguna að svo komnu máli. Meirihluti umsagnaraðila hafi verið á móti tillögunni í fyrra og hið sama sé uppi á teningnum nú. Erfið siðferðileg álitamál eigi eftir að gaumgæfa og ræða. Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokks, skilaði öðru minnihlutaáliti þar sem hún bendir á svipaða hluti og leggur áherslu á að málið verði unnið frekar áður en ákvörðun um smíði frumvarps verður tekin. - þeb



**STAÐGÖNGUMÆÐRUN** 23 þingmenn hafa lagt fram tillögu um að staðgöngumæðrun verði heimiluð. Tveimur minnihlutaálitum var skilað og meirihluti umsagnaraðila setur spurningarmerki við tillöguna. NORDICPHOTOS/GETTY



**FERÐAFÓLK** Erlendum ferðamönnum sem fara um Leifsstöð fjölgaði um fimmtung fyrri helming ársins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ferðamannatekjur aukast:

## Aukning um 16 prósent milli ára

**HAGTÖLUR** Heildarumsvif fyrirtækja í ferðaþjónustu árið 2009 námu ríflega 230 milljörðum króna, samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar.

Í Hagtíðindum er sagt að gera megi ráð fyrir að útgjöld erlendra ferðamanna hafi verið liðlega 117 milljarðar króna á árinu 2010 eða rúmlega fimm prósentum hærri en árið áður. Fram til júní í ár hafði erlendum ferðamönnum sem fara frá Leifsstöð fjölgað um tæpt 21 prósent. „Á sama tíma má gera ráð fyrir að útgjöld erlendra ferðamanna hér innanlands hafi aukist um tæp 16 prósent,“ segir á vef Hagstofunnar. - óká

Merkingar á skyndibitastaði:

## Vilja reglur um hitaeiningar

**NEYTENDUR Neytendasamtökin eru fylgjandi því að settar verði reglur sem skylda skyndibitastaði til að merkja hitaeiningar á matseðla. Samtökin hafa sent umsögn við þingsályktunartillögu þess efnis, að því er fram kemur á vef þeirra.**

**Neytendasamtökin telja að stjórnvöldum sé skylt að bregðast við þróun er varðar sívaxandi offitu Íslendinga. Því verði að telja st grundvallaratriði að neytendur séu upplýstir um næringargildi og fjölda hitaeininga í þeim mat sem þeir kaupa.** - sv

# Leita stuðnings við afturköllun ákæru

**Sjálfstæðisflokkurinn leitar stuðnings þingmanna annarra flokka um stuðning við að draga ákæru á hendur Geir H. Haarde til baka. Telja sig hafa stuðning í öllum þingflokkum nema Hreyfingunni. Stjórnarþingmaður styður tillöguna.**

**ALÞINGI** Unnið er að því að afla stuðnings við tillögu Sjálfstæðismanna um að ákæra Alþingis á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, verði dregin til baka. Vonast er til að hægt verði að leggja tillöguna fram í dag.

Heimildarmenn Fréttablaðsins innan Sjálfstæðisflokksins telja sig hafa aflað nægilegs stuðnings við tillöguna. Mikil áhersla er lögð á að fá meðflutningsmenn úr öðrum flokkum, en það mundi gera tillöguna sterkari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar fundaði um málið klukkan 13 í gær og til stóð að funda aftur í gærkvöldi. Af því varð þó ekki. Oddný G. Harðardóttir, formaður þingflokksins, sagði í samtali við Vísi að enginn þingmaður flokksins yrði meðflutningsmaður að slíkri tillögu.

Það fer ekki saman við orð Sigmundar Ernis Rúnarssonar sem útilokaði ekki, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi, að hann yrði meðflutningsmaður. „Ég þarf að skoða það hvort ég verð meðflutningsmaður, ég áskil mér allan rétt til þess,“ sagði Sigmundur, en hann var á leið til landsins.

Þingflokkur Vinstri grænna fundaði um málið í gærkvöldi. Þar var samþykkt að málið yrði ekki lagt fram í nafni þingflokksins. Einstaka þingmenn gerðu þó að ráða hvað þeir gerðu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kynnti Guðfríður Lilja Grétarsdóttir málið í þingflokknum og styður hún tillöguna. Ekki náðist í Guðfríði þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gær.

Líklega kemur þingsályktunartillaga um málið fram í dag. Heimildir Fréttablaðsins herma að afbrigða verði leitað til að koma málinu á dagskrá, en tvær nætur verða að líða frá útbýtingu til afgreiðslu. Sjálfstæðismenn telja að tillagan sé þess eðlis að rétt sé að taka hana strax á dagskrá. Stórf saksóknara Alþingis komist í uppnám verði tillagan hangandi yfir honum. Því sé best að kjósa strax um hana.

Óvíst er hvort stuðningur er við tillöguna inni á þingi.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÁKÆRÐUR** Líkur eru á því að þingsálykturnartillaga verði lögð fram í dag um að afturkalla ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Styður tillögu – níu kusu gegn ákæru

Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hyggst greiða atkvæði með tillögunni, komi hún fram. Til greina komi að vera meðflutningsmaður. „Ég fylgi áfram minni sannfæringu í málinu. Ég greiddi atkvæði gegn því að þessi fjórmenningar yrðu leiddir fyrir dóm og þar á meðal Geir. Mér finnst það ekki Íslendingum sæmandi að afgreiða hrunið með því að ákæra einn mann.“

Alls greiddu níu núverandi þingmenn Samfylkingarinnar gegn því að Geir yrði ákærður. Þeir eru: Árni Páll Árnason, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðbjartur Hannesson, Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Össur Skarphéðinsson.

Fékk þriggja mánaða fangelsi:

## Gat ekki unnið með glóðarauga

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra þess efnis að rúmlega tvítug kona skuli sæta þriggja mánaða fangelsi og greiða rúmlega 200 þúsund krónur í skaðabætur fyrir að kýla aðra konu í andlitið. Hin síðarnefnda hlaut glóðarauga og blóðnasir.**

**Atvikið varð á dansgólfi skemmtistaðar á Akureyri. Vegna áverka varð sú sem ráðist var á að vera frá vinnu dögum saman, því ekki þótti boðlegt að láta hana mæta til vinnu sem snyrtifræðingur, með bólgið og blátt auga, vegna eðlis starfsins.**

**Árásarkonan hafði áður verið dæmd fyrir ofbeldisbrot og rauf nú skilorð.** - jss

Amager-maður bíður dóms:

## Segist hafa sama DNA og morðinginn

**DANMÖRK** Málsmeðferð í dómsmáli Amager-mannsins svokallaða, sem ákærður er fyrir fjölda nauðgana og morða í nágrenni Amager í Kaupmannahöfn á rúmum 20 árum, lauk í gær. Dómur verður kveðinn upp á mánudag og refsing á fimmtudag.

Hinn ákærði þvertekur fyrir að hafa framið glæpina sem hann er sakaður um, þar af eru tvö morð, þrátt fyrir að lífsýni úr honum hafi fundist í þremur tilfellum.

„Ég veit að ég er 100% saklaus. Það er maður einhvers staðar þarna úti sem með sama DNA og ég. Hann er sjúkur og hatar konur, en það geri ég ekki.“ - þj


Klassískar kiljur í hundraðatali

Tilvalin jólagjöf!



Collins Classics ritröðin: 499 kr.

Mikið úrval bóka á góðu verði.
Jólatilboð á tugum nýrra íslenskra bóka.
Kynntu þér úrvalið á boksala.is

bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 boksala@boksala.is


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**HELGIN** Strekkingur austast í dag en fremur hægur vindur um allt land á morgun. Stöku él á morgun en fínt veður fyrir jólaundirbúning. Vaxandi S-átt SV-til á sunnudag með úrkomu síðdegis og á sunnudagskvöld. Nokkuð bjart og hægur vindur A-til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 5° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 10° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 1° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# FRÁBÆRT ÚRVAL

**OPIÐ**
til kl. 22 öll
kvöld til jóla

GOTT
– Eftirréttir –



Rikka

Silkimjúk súkkulaðimús
með hindberjum





Vanilluís með brownies-kökum,
karamellusósu og Bourbon vanillu

Heit súkkulaðikaka
með mjúkri miðju



## EINFALDIR OG GÓÐIR EFTIRRÉTTIR

**Debic Parfait**
**Gerðu þinn eiginn ís eða ístertu.**
Parfait er hrist í umbúðunum í ca 20 sek. og sett í skál. Þeytt í 2 mín. á miklum hraða. Síðan er tilvalið að bæta hinum ýmsu hráefnum við t.d súkkulaði, hnetum, líkjöri, sælgæti, marengs o.fl. Síðan er allt sett í form og inn í frysti í 4-6 klukkustundir.






**Debic Crème Brûlée**
Crème brûlé eins auðvelt og það gerist. Crème brûlé er hrist í umbúðunum í 20 sek. og síðan sett í pott og hitað. Því er síðan hellt í skál, kælt og sykur bræddur ofan á. (Sjá nánari leiðbeiningar á umbúðum).
Úr verður frábært crème brûlé eins og þekkist á veitingastöðum.






**BREYERS ÍS**
-ekta amerískur ís

**OSTAKAKA AÐ HÆTTI JÓA FEL**
-með appelsínusúkkulaði







**CAPPUCHINO KARAMELLU ÍS**



**SKYRTERTA**



**GULRÓTARKAKA**

ÍSLENSKA
HAMB ORGARA FABRIK KAN
2010

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að kaupa íslenskt jólatré?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 19,5% |
| NEI | 80,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú svikið undan skatti á árinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Karlmaður og kona stöðvuð við hefðbundið eftirlit í Leifsstöð í vikunni:

# Par með hundruð gramma kókaíns

**LÖGREGLUMÁL** Par sem var að koma frá Spáni í byrjun vikunnar reyndist vera með kókaín falið innvortis. Parið var úrskurðað í gæsluvarðhald fram á mánudag, en jafnvel er gert ráð fyrir að fólkið verði látið laust í dag þar sem rannsókn málsins hefur miðað mjög vel.

Það var á mánudag sem maðurinn og konan, sem bæði eru rúmlega þrítug, voru stöðvuð við hefðbundið eftirlit tollgæslunnar í Leifsstöð. Fólkið var að koma með flugi frá Spáni með viðkomu í Bretlandi. Grunur vaknaði um að það væri með fíkniefni í fórum sínum, sem reyndist á rökum reistur við nánari skoðun. Lögreglan á Suðurnesjum hafði því fólkið í haldi þar til það skilaði niður af sér samtals um 340 grömmum af kókaíni, sem það hafði komið fyrir í pakkningum innvortis.

Fólkið, sem er íslenskt og búsett á Suðurnesjum, hefur setið í gæsluvarðhaldi undanfarna daga. Það hefur komið við sögu hjá lögreglu, en brotin munu vera fá og í léttvægari kantinum. **- jss**



**KÓKAÍN INNVORTIS** Maðurinn og konan voru hvort um sig með um 170 grömm af kókaíni innvortis.

FÍB skorar á stjórnvöld:

# Glapræði að auka álögurnar

**SAMGÖNGUR** Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) skorar á stjórnvöld að lækka álögur á bifreiðaeldsneyti og að falla frá hugmyndum um auknar álögur á eldsneyti um komandi áramót. Með þessu móti yrði komið til móts við fjölskyldur og fyrirtæki í landinu.

Fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp um auknar álögur á eldsneyti. „FÍB hefur sent umsögn sína um þetta hækkanafrumvarp til allra alþingismanna [...] og skorar á þá að hætta við þetta glapræði," segir á vef FÍB. **- óká**







**SAMNINGAR FELLDIR** Íslendingar felldu lög um Icesave-samningana í tvígang í þjóðaratkvæðagreiðslu. Verði ríkissjóður dæmdur til að greiða dráttarvexti, sem er allsendis óvíst, hefur þegar safnast upp krafa um að lágmarki 183 milljarða króna. Frá þjóðaratkvæðagreiðslunni í mars 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Gæti þýtt milljarða vexti og minni tiltrú

**Versta mögulega niðurstaða úr málarekstri fyrir EFTA-dómstólnum getur þýtt mörg hundruð milljarða vexti á Ísland. Þá minnkar það tiltrú á íslenskt efnahagslíf og gæti dregið úr erlendri fjárfestingu og framlengt gjaldeyrishöftin.**

**EFNAHAGSMÁL** Versta niðurstaða fyrir íslenska ríkið, úr málarekstri fyrir EFTA-dómstólnum, væri að íslenska ríkið þyrfti að greiða dráttarvexti af allri fjárhæð sem var inni á reikningum Breta og Hollendinga þegar þeim var lokað. Þetta er niðurstaða greiningarfyrirtækisins IFS.

Fyrirtækið kemst að þeirri niðurstöðu að vextir, vegnir miðað við hlutfall innstæðna, yrðu um 8,3 prósent. Beri íslenska ríkinu að greiða dráttarvexti af lágmarkstryggingunni hafa þegar safnast um 183 milljarðar króna. Verði niðurstaðan sú að íslenska ríkinu beri að ábyrgjast allar innstæður á reikningunum, líkt og gert var í tilfelli reikninga innanlands, þarf að greiða dráttarvexti af 1.150 milljörðum króna. Þegar hafa safnast upp 312 milljarðar króna í dráttarvexti, verði sú raunin.

Rétt er að ítreka að hér er verið að tala um verstu mögulegu niðurstöðu úr dómsmálinu.

Ekki er gert ráð fyrir að niðurstaða fáist í dómsmálinu fyrr en eftir að minnsta kosti ár. Tapi Íslendingar málinu þurfa Bretar og Hollendingar að sækja rétt sinn fyrir íslenskum dómstólum. Annar möguleiki er að stjórnvöld virði niðurstöðuna og greiði út samkvæmt henni.

Greiningarfyrirtækið telur að óvissan sem fylgi dómsmálinu eigi eftir að auka áhættuálag á íslenskar stofnanir og fyrirtæki. Það gæti átt við skuldatryggingarálag á skuldabréf íslenska ríkisins. Þá muni draga úr beinni erlendri fjárfestingu og krafti íslensks efnahagslífs almennt næstu árin.

„Enn fremur á þetta eftir að minnka tiltrú á íslenskt bankakerfi og skuldabréfaútgáfu bankanna. Þar með tefst sala þeirra eða skráning á markað. Þessar tafir ásamt neikvæðum áhrifum á þáttatekjujöfnuð, gengi krónunnar og verðbólgu eiga einnig eftir að tefja fyrir afnámi gjaldeyrishafta," segir í greiningunni.

**kolbeinn@frettabladid.is**




Tekið var mið af aldri og heilsu fyrrverandi forseta þegar refsing var ákvörðuð:

# Jacques Chirac fær tveggja ára dóm

**FRAKKLAND, AP** Jacques Chirac, fyrrverandi Frakklandsforseti, hlaut í gær tveggja ára skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir fjárdrátt til að fjármagna starfsemi stjórnmálaflokks hans, PRP. Chirac, sem er 79 ára og heilsuveill, var formaður flokksins frá 1977 til 1995, en þá var hann jafnframt borgarstjóri í París.

Chirac tók ekki þátt í réttarhöldunum eftir að læknar sögðu hann plagaðan af alvarlegum minnisglöpum og var ekki viðstaddur dómsuppkvaðningu í gær. Hann hefur hins vegar oft vísað ásökunum á hendur sér á bug.

Í dómnum er Chirac sagður sekur um að hafa búið til gervistörf innan stjórnmálaflokks síns og að hafa með því dregið flokknum opinbert fé, brugðist trausti almennings og átt þátt í ólöglegum hagsmunatengslum.

Chirac er í hópi tíu manna sem sóttir voru til saka fyrir pólitíska spillingu. Hann var ekki lögsóttur fyrr vegna þess að árin 1995 til 2007 naut hann friðhelgi sem forseti Frakklands. Í dómnum segir að við ákvörðun refsingar hafi verið litið til aldurs, heilsufars og stöðu Chiracs.

Lögmaður Chiracs segir að farið verði vandlega yfir dóminn áður en tekin verður ákvörðun um hvort honum verður áfrýjað. **- óká**



**JACQUES CHIRAC** Forsetinn fyrrverandi í bíl sínum þegar mál á hendur honum var dómtekið í mars. NORDICPHOTOS/AFP

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardag
12–17
sunnudag
12-17

# UPPLIFÐU
## JÓLIN Í ALVÖRU GÆÐUM

**Yamaha 3D BluRay 5.1 heimabíó**

Stórglæsilegt 5.1 3D BluRay heimabíó frá Yamaha. Dolby True HD, DTS-HD. Hægt að tengja við tölvu með DLNA. 500 w RMS.

**Tilboð: 99.995**
**ÞÚ SPARAR 30.000**

**Verð áður: 129.995**



BDX610

YAMAHA

Full búð af frábærum jólagjöfum



**Tilboð: 69.995**
**ÞÚ SPARAR 10.000**

**Verð áður: 79.995**

**LG soundbar**

Frábær 2.1 „soundbar“ frá LG með þráðlausum bassa. Engar snúrur, ekkert vesen. 2x70 W hátalarar og 140 W bassabox.

HLS36W



LG

**Yamaha Restio**

Restio er ný upplifun í hljóði og hönnun frá Yamaha. Restio vekur fyrst athygli fyrir flott útlit og síðan fyrir frábæran hjómburð þegar kveikt er á tónlistinni.

Fæst í fjórum litum:

**Verð: kr. 149.995**



- iPod / iPhone-vagga
- Geislaspilari
- FM-útvarp
- Vekjaraklukka
- Hægt að tengja MP3-spilara
- USb 2.0 tengi

**Restio getur staðið á gólfi eða hangið á vegg.**

**42" LG LCD FHD DivX HD**



42LK450N

Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn. USB 2.0, DivX HD. Infinite 3D surround (2 x 10 W) hljóðkerfi.

**Tilboð: 129.995**
**ÞÚ SPARAR 20.000**

**Verð áður: 149.995**

LG

**32" LG LCD FHD DivX HD**



32LK430N

Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn. 1 x HDMI. USB 2.0. DivX HD, Infinite 3D surround (2 x10W) hljóðkerfi.

**Tilboð: 99.995**
**ÞÚ SPARAR 20.000**

**Verð áður: 119.995**

LG

**Yamaha smástæða**



TSX112

**Tilboð: 49.995**
**ÞÚ SPARAR 10.000**

**Verð áður: 59.995**

Frábær smástæða frá Yamaha. FM-útvarp, geislaspilari og iPod / iPhone-vagga. Spilar tónlist beint af USB 2.0. Klukka og vekjari. Lítil og nett, en ótrúlega kröftug.

YAMAHA

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 113353

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir utanríkisráðherra Palestínu?*
2. *Hjá hvaða erlenda tískurisa fékk Íslendingurinn Arnar Már Jónsson vinnu?*
3. *Hve miklu tapa erlendir kröfuhafar á föllnu íslensku bönkunum þremur?*

**SVÖRIN**

*1. Riad Malki. 2. Vivienne Westwood. 3. 5.245 milljörðum króna.*

### Meintur viðskiptafélagi Björgólfsfeðga ákærður fyrir peningaþvætti fyrir ráðherra:

# Seldu fjarskiptabúnað ríkisins

**ÞÝSKALAND** Saksóknari í Þýskalandi hefur gefið út ákæru á hendur fimm mönnum fyrir peningaþvætti. Þeir eru sakaðir um að hafa þvætt um 150 milljónir Bandaríkjadala, sem samsvarar um 18,4 milljörðum króna, fyrir rússneskan ráðherra.

Þetta kemur fram í frétt á vef bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal. Rannsókn málsins hefur staðið í sex ár.

Fullyrt hefur verið að einn hinna ákærðu, danski lögfræðingurinn Jeffrey Galmond, sé fyrrverandi samstarfsmaður Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar. Það kemur meðal annars fram í nýrri bók Ingimars Hauks Ingimarssonar, fyrrverandi viðskiptafélaga feðganna.

Björgólfur Thor hefur neitað því að hafa átt viðskipti við Galmond. Í pistli á vef hans segir hann að tveir lögmenn sem starfa á sömu lögfræðistofu og Galmond hafi unnið fyrir sig um tíma, en ekki Galmond sjálfur.

Auk Galmonds eru fimm fyrrverandi starfsmenn þýska bankans Commerzbank AG ákærðir. Mennirnir fimm eru sakaðir um að hafa hjálpað Leonid Reiman, sem var samskiptaráðherra Rússlands á árunum 1999 til 2008, að selja fjarskiptabúnað í eigu rússneska ríkisins og stinga hagnaðinum í eigin vasa.

Mennirnir fimm neita sök í málinu og Reiman hafnar ásökunum um að hafa selt eigur rússneska ríkisins og stungið hagnaðinum í eigin vasa. **- bj**



**ÁKÆRUR** Fjórir af fimm sem ákærðir hafa verið fyrir peningaþvætti störfuðu hjá þýska bankanum Commerzbank. NORDICPHOTOS/GETTY

Orginal Arctic Root

20% afsláttur*
í Lyfjum & heilsu

- eflir einbeitingu, úthald og þrek
- vinnur gegn streitu og álagi
- talin hjálpa gegn depurð og prófkvíða




Náttúrulegur orkugjafi

*gildir frá 1. - 15.desember

Lyf & heilsa
við hlustum!



**VIÐURKENNING AFHENT** Riad Malki, utanríkisráðherra Palestínu, ræðir við Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Svein Rúnar Hauksson, formann Félagsins Ísland-Palestína, og Salman Tamimi, formann Félags múslima á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjálfstæði Palestínu viðurkennt á Íslandi

**Raid Malki, utanríkisráðherra Palestínu, tók í gær við formlegri viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Palestínuríkis úr hendi Össurar Skarphéðinssonar. „Þetta verður bæði mér og öðrum viðstöddum ógleymanleg stund,“ sagði Össur.**

**UTANRÍKISMÁL** „Þetta er mjög mikilvægt því þetta auðveldar öðrum ríkjum að fylgja í kjölfarið,“ sagði Riad Malki, utanríkisráðherra Palestínu, þegar hann tók við viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Palestínuríkis í gær.

Það var Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sem lýsti yfir viðurkenningu íslensku þjóðarinnar á sjálfstæði Palestínuríkis, miðað við landamærin eins og þau voru fyrir hernám Ísraels árið 1967. Össur sagði þessa stund verða bæði sér og öllum viðstöddum ógleymanlega.

„Ísland hefur nú staðið við þau loforð sem gefin hafa verið um stuðning við Palestínumenn, og við ætlum að halda áfram að veita Palestínumönnum stuðning okkar,“ sagði Össur.

Viðstaddir athöfnina, sem haldin var í bókasal Þjóðmenningarhússins, voru meðal annars ýmsir íslenskir þingmenn og ráðherrar ásamt allmörgum þeirra Palestínumanna sem búsettir eru á Íslandi. Að lokinni athöfninni gaf Malki sér góðan tíma til að ræða við þessa palestínsku íbúa Íslands.

„Nú þegar hafa 130 ríki víðs vegar um heim viðurkennt sjálfstæði,“ sagði Malki, „en þessi ákvörðun Íslands hefur allt annað vægi.“ Ísland er fyrsta vestræna ríkið sem viðurkennir sjálfstæði Palestínu. Flest ríki Austur-Evrópu, Asíu, Afríku og Suður-Ameríku viðurkenndu hins vegar sjálfstæði Palestínu strax árið 1989, ári eftir að Jasser Arafat lýsti einhliða yfir stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis. Vesturlönd hafa hins vegar tekið þann pól í hæðina, að betra sé að Ísraelar og Palestínumenn semji sín á milli frekar en að viðurkenna þessa einhliða ákvörðun Palestínumanna.

Spurður um friðarferlið milli Palestínumanna og Ísraels sagði Malki það vera statt „í frystikistu“ og ekkert þokast.

Bæði Össur og Malki sögðu það hafa sérstaka þýðingu að Alþingi hafi samþykkt að viðurkenna sjálfstæði Palestínu 29. nóvember síðastliðinn, á alþjóðlegum samstöðudegi með Palestínu.

Malki utanríkisráðherra kom til landsins á miðvikudag og hefur átt fundi með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra, Jóni Gnarr borgarstjóra og utanríkismálanefnd. Þá heimsótti hann Alþingi og flutti í gær erindi í Norræna húsinu á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins. **gudsteinn@frettabladid.is**

Stækkunarglerslampar




Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

X-MAS

Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR

20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA




MIÐAVERÐ KR. 2.000.- Á midi.is
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00

### Liðhlaupar úr sýrlenska hernum leysa frá skjóðunni í viðtölum:

# Áttu að beita öllum ráðum

**SÝRLAND** Liðhlaupar úr sýrlenska hernum skýra frá því að yfirmenn þeirra hafi gefið þeim skipanir um að brjóta öll mótmæli á bak aftur með öllum tiltækum ráðum. Þeir segjast hafa skilið þetta sem svo að þeim væri frjálst að skjóta og drepa að vild til þess að stöðva mótmælin gegn Basher al-Assad forseta og öðrum stjórnvöldum.

Þetta kemur fram í skýrslu frá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch, sem byggð er á meira en 60 viðtölum við liðhlaupa úr sýrlenska hernum og sýrlensku leyniþjónustunni. Í skýrslunni eru jafnframt nafngreindir 74 yfirmenn sem gáfu slíkar skipanir.

„Liðhlauparnir gáfu okkur upp nöfn, tignarstöðu og embætti þeirra sem gáfu skipanir um að skjóta og drepa,“ segir Anna Neistat hjá Human Rights Watch. „Og hver einasti embættismaður sem nefndur er í þessari skýrslu, allt upp til æðstu embættismanna sýrlensku stjórnarinnar, ætti að svara fyrir glæpi sína gegn sýrlensku þjóðinni.“

Samkvæmt upplýsingum Sameinuðu þjóðanna hafa harkalegar aðgerðir stjórnvalda gegn mótmælendum kostað meira en fimm þúsund manns lífið síðan mótmælin hófust í vor.

Átökin í landinu hafa harðnað verulega síðustu vikur, ekki síst eftir að liðhlaupar úr hernum gengu til liðs við mótmælendur og tóku að berjast gegn fyrrverandi félögum sínum. **- gb**



**SÝRLENSKIR HERMENN** Skildu skipanir yfirmanna þannig að þeir mættu skjóta og drepa að vild. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Jólagjöfin í Dorma !





Dorma dúnkoddi
kr. 3.900,-
50x70 cm
FULLUR AF DÚN

## Full búð af sængum og koddum



TRÖLLAsængin
kr. 13.900,-
140x200 cm
FULLT AF DÚN



- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Góðar kantstyrkingar
- 100% bómullaráklæði
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir

## KOMNAR AFTUR !

N.Rest 160x200
kr. 99.900,-
JÓLATILBOÐ
KOMDU NÚNA



## Jólatilboð

### Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 39.000,- | 59.900,- |
| 100x200 | 42.000,- | 69.900,- |
| 120x200 | 48.000,- | 75.900,- |
| 140x200 | 53.000,- | 79.900,- |
| 160x200 | 67.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 73.900,- | 109.900,- |

Hægindastóll
kr. 39.900,-
FJÓRIR LITIR

## Milano hægindastóll Á frábæru verði !

Til í 4 litum:





Heilsuinniskór
Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!
Sendum frítt út á land!



3.900,- 1 par
6.980,- 2 pör
9.990,- 3 pör

**OPIÐ**
Mán-mið frá kl. 10-20
22.-23. des. frá kl. 10-22
Aðfangadag frá kl. 10-13

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími
☎ 512 6800
eða dorma.is



**PAKKAR** Ljónið Lúsífer rannsakar jólagjafir sem því voru færðar í ljónagryfjuna í dýragarðinum í London. NORDICPHOTOS/AFP

Mistök í prentun urðu til þess að glassúr frá Kötlu er vitlaust merktur:

# Glassúr og púðursykur reyndust of létt

**NEYTENDUR** Nettóþyngd Kötlu púðursykurs og glassúrs frá Kötlu eru undir leyfilegum mörkum sé miðað við merkingar á vörunum. Glassúrinn er að meðaltali um 30 prósentum undir nettóþyngd, vegur að meðaltali um 103 grömm, en samkvæmt pakkningu á varan að vega 150 grömm. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar Neytendastofu á þyngd sex vörutegunda sem notaðar eru í bakstur.

Hver einasta pakkning af Kötlu glassúr reyndist léttari en leyfilegt er. Kötlu púðursykurinn er merktur 500 g en um helmingur pokanna var meira en tveimur prósentum undir og meðalþyngdin reyndist líka minni en leyfilegt er.

Björn Jónsson, framkvæmdastjóri Kötlu, segir ástæðuna vera mistök í merkingum. Flaskan af glassúr taki einungis 100 millilítra og því geti varan ekki vegið 150 grömm eins og standi á miðanum.

„Þegar við uppgötvuðum þetta var jólaösin skollin á og ekkert hægt að gera," segir Björn. Varðandi púðursykurinn segir Björn honum vera pakkað í vélum og sýni séu tekin reglulega, en málið verði skoðað.

Neytendastofa kannaði einnig Síríus Konsum súkkulaði frá Nóa Síríus, Frón pipardropa frá Íslensk-Ameríska, Matarsóda frá Pottagöldrum og gróft kókosmjöl merkt Hagveri frá Góðu fæði. - sv




**PÚÐURSYKUR FRÁ KÖTLU** 500 gramma púðursykurinn frá Kötlu reyndist vera undir leyfilegri nettóþyngd samkvæmt könnun Neytendastofu.

Fimm vísindamenn styrktir:

## Styrkt til rannsókna á krabbameini í körlum

**VÍSINDI** Krabbameinsfélag Íslands hefur veitt fimm vísindamönnum styrki til rannsókna á krabbameini hjá körlum. Styrkirnir tengjast átaki sem snýr að baráttunni við krabbamein hjá karlmönnum. Átta umsóknir bárust og valdi vísindaráð félagsins fimm styrkþega.

Sigríður Klara Böðvarsdóttir fær milljón krónur, Jón Þór Bergþórsson hálfa milljón, Stefán Þ. Sigurðsson hálfa milljón, Jóhanna E. Torfadóttir 250.000 krónur og Tryggvi Þorgeirsson 250.000 krónur. Öll eru þau að rannsaka krabbamein í blöðruhálskirtli. - sh

**FERÐAMÁL**

**Umhverfisverðlaun í 17. sinn**

Hótel Eldhestar hlutu í gær umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2011. Var þetta í 17. sinn sem verðlaunin eru veitt, en fyrirtækið hlaut þau fyrir „markvissa umhverfisstefnu og sjálfbæran rekstur".

Stjórnvöld í Úkraínu í fullum rétti samkvæmt lögum:

# Dómsmálaráðherra á stolnum bíl

**ÚKRAÍNA** Dómsmálaráðherra Úkraínu, Alexander Lavrínovítsj, hefur um þriggja mánaða skeið ekið um á Mercedes GL 420, árgerð 2009, sem tilkynnt var í Þýskalandi að hefði verið stolið. Frá þessu er greint á vef þýska tímaritsins Der Spiegel.

Tilkynnt var í janúar 2010 í Stuttgart að bílnum, sem var í eigu tveggja kaupsýslumanna, hefði verið stolið. Lögreglan komst að því að kaupsýslumennirnir sjálfir hefðu smyglað bílnum til Úkraínu auk þess sem þeir hefðu átt þátt í að smygla fleiri bílum til Austur-Evrópu. Kaupsýslumennirnir hafa verið dæmdir til fimm ára og níu ára fangelsisvistar.

Samkvæmt frásögn Der Spiegel var lúxusbíllinn, sem upprunalega hafði verið kaupleigubíll frá Mercedes, gerður upptækur á landamærum Úkraínu. Í apríl síðastliðnum var hann skráður sem eign úkraínska dómsmálaráðuneytisins.

Samkvæmt lögum í Úkraínu geta yfirvöld slegið eign sinni á bíla sem gerðir hafa verið upptækir, jafnvel þótt þeim hafi verið stolið erlendis og þótt þeir séu á lista Alþjóðalögreglunnar Interpol. Vegna þessara laga ekur nú dómsmálaráðherra Úkraínu stolnum bíl í fullum rétti. - ibs



**MERCEDES GL 420** Dómsmálaráðherrann ók um á svona bifreið sem reyndist vera stolin.



**BARRSKÓGURINN OG FLUGVÖLLURINN** Allt að sextán metra há grenitré eru í elsta hluta skógarins í Öskjuhlíð sem einmitt er í aðflugs- og fráflugsstefnu við austur-vesturbraut Reykjavíkurflugvallar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ýktu hættuna af trjánum í Öskjuhlíðinni

**Aðflug að austur-vesturbraut Reykjavíkurflugvallar hefur á þessu ári verið brattara en áður vegna hárra trjáa í Öskjuhlíð. Umhverfisráð Reykjavíkur synjaði ósk um að lækka trén. Flugmálastjórn segir það ekki rétt hjá Isavia að trén ógni flugöryggi nú þegar.**

**FLUGMÁL** Hættan sem steðjar að flugumferð á Reykjavíkurflugvelli virðist hafa verið ýkt í bréfi flugvallarstjóra Isavia til Reykjavíkurborgar í september síðastliðnum.

Í bréfinu til borgarinnar sagði Jón Baldvin Pálsson flugvallarstjóri að athuganir við austur-vesturflugbraut sýndu að tré í Öskjuhlíð væru vaxin „verulega upp fyrir hindranaflöt flugbrautarinnar og þar með orðin hætta fyrir flugvélar í aðflugi og flugtaki". Lækka þyrfti tré í skóginum. Brýnt öryggismál væri að hraða því eins og kostur væri.

Umhverfis- og samgönguráð borgarinnar hafnaði í gær ósk Isavia um að lækka trén. Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, segir enn of snemmt fyrir félagið að tjá sig um niðurstöðu ráðsins og vísaði á eftirlitsaðilann, Flugmálastjórn.

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar, segir ekki rétt að flugi stafi nú þegar hætta af trjánum í Öskjuhlíð. Isavia hafi þó fyrr á þessu ári, með samþykki Flugmálastjórnar, breytt verklagsreglum þannig að aðflug yfir Öskjuhlíðina að umræddri braut sé brattara en áður. Það ógni ekki flugöryggi. „Fyrir reynda flugmenn held ég að það sé alveg gott og gilt. Aðflugið inn á völlinn er aðeins erfiðara en ekki hættulegt," segir Valdís.

Skógræktarfélag Reykjavíkur segir í umsögn til umhverfisráðs útilokað að saga ofan af trjám eins og Isavia leggi til án þess að trén drepist eða stórskaðist. Skógræktarmenn hafi á þriðjudag hitt fulltrúa Isavia sem hafi kveðið flugmálayfirvöld hafa lagaheimildir til að „fjarlægja fyrirstöður" til að bæta flugöryggi. „Isavia vildi heldur vinna málið í sátt við hlutaðeigandi aðila en að beita þeirri heimild til hins ýtrasta," segir í umsögn Skógræktarfélagsins. Einnig hafi komið fram að austur-vesturbrautin sé á undanþágu.

Valdís kveðst ekki þekkja til þess að flugmálayfirvöld hafi þær lagaheimildir sem skógræktarmenn vísi til. Flugbrautin sé ekki á undanþágu. „Flugmálastjórn Íslands er ekki að gefa undanþágu frá reglum eða stuðla að því að flugöryggi sé ógnað," segir hún.

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, sem fékk málinu frestað í umhverfisnefnd í síðustu viku til að fá álit Skógræktarfélagsins, segir ljóst að Isavia hafi stórlega vanáætlað fjölda trjáa sem þyrfti að fórna. Rætt hafi verið um 170 tré að hámarki. Það væru aðeins fyrstu trén sem féllu. „Flugbrautin á að vera þarna til 2024. Grenitrén sem enn standa eftir halda áfram að vaxa og á endanum yrði greniskógurinn á þessu svæði allur felldur," segir Gísli Marteinn.

gar@frettabladid.is

OPNUNARTILBOÐ

Bón og handþvottur á öllum bílum á aðeins

1500

frá föstudegi til sunnudags

Gamla Bón og þvottastöðin í Sóltúni á nýjum stað.

Ein ástsælasta bílaþvottastöð landsins hefur opnað í nýju húsnæði að Grjóthálsi 10. Af því tilefni bjóðum við bón og handþvott á öllum bílum frá föstudegi til sunnudags fyrir 1500 krónur, svo lengi sem hann kemst inn.

Aðkoma frá Vesturlandsvegi og Bitruhálsi




Opið alla virka daga: kl. 08:00 – 18:00
Laugardaga og sunnudaga: kl. 10:00 – 16:00

BÓN & ÞVOTTA STÖÐIN

Grjótháls 10, 110 Reykjavík. Sími 588 1010




**MOUNTAIN HARDWEAR NITROUS DÚNÚLPA KK**
Stærðir M–XXL, einnig til í svörtu
**54.990 KR.**

**COLUMBIA LAY 'D DÚNÚLPA**
Stærðir XS–XL, einnig til í svörtu
Jólaverð
**39.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 44.990 KR.

Afgreiðslutími í desember

| | |
|---|---|
| 17. des. **10–18** | 22. des. **10–22** |
| 18. des. **12–18** | 23. des. **10–23** |
| 19. des. **10–22** | 24. des. **10–12** |
| 20. des. **10–22** | 25. des. **lokað** |
| 21. des. **10–22** | 26. des. **lokað** |

**VIKING SUMMIT GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–47
**24.490 KR.**
**Öllum VIKING gönguskóm fylgja leðurhanskar**

PIPAR\TBWA • SÍA • 112883

**MOUNTAIN HARDWEAR NITROUS DÚNÚLPA KVK**
Stærðir S–XL, einnig til í fjólubláu
**54.990 KR.**

**COLUMBIA ALASKAN DÚNÚLPA**
Stærðir M–XXL, einnig til í bláu
Jólaverð
**39.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.

**CONWAY YELLOW BOOTS**
Stærðir 36–46
**19.990 KR.**

**MOUNTAIN HARWEAR SARPA GÖNGUBUXUR**
KK og KVK
**29.990 KR.**

**DEVOLD ACTIVE UNDIRBUXUR**
KK og KVK
**8.990 KR.**

**DIDRIKSONS AERO JAKKI**
Dömu- og herra-stærðir S–XXL
Jólaverð
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 17.990 KR.

**DIDRIKSONS ZEBRA 3-LAGA BUXUR**
Stærðir S–XXL, 36–44
**29.990 KR.**

**DEVOLD ACTIVE UNDIRBOLUR**
KK og KVK, einnig til án rennilás
**9.490 KR.**

**DIDRIKSONS CAMDEN BARNAÚLPA**
Einnig til í gráu og bleiku
Stærðir 80–140
**12.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!
Gjafabréf Ellingsen

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Aðstoðaði námsmann sem var á leið í próf þegar bensínið þraut:

# Ung lögga fékk heiðurverðlaun

**LÖGGÆSLA** „Þetta kom skemmtilega á óvart. Það er nú ekki svo oft sem okkur er hrósað og sjálfur lít ég á aðstoð lögreglunnar við borgarana sem sjálfsagðan hlut," segir lögreglumaðurinn Jóhann Birkir Guðmundsson sem í fyrradag hlaut heiðursverðlaun Stúdentaráðs.

Upphaf málsins fá rekja til hjálpsemi lögreglumannsins fyrr í vikunni. Þá varð ungur námsmaður fyrir því óláni að bifreið hans varð bensínlaus í morgunumferðinni á Miklubraut. Hann var á leið í próf og mátti því engan tíma missa. Manninum til happs kom Jóhann Birkir honum til aðstoðar og ók með hann á næstu bensínstöð til að sækja nokkra lítra af bensíni. Að því loknu var námsmanninum ekið aftur að bílnum. Þar var bensíninu hellt á tankinn og síðan hélt maðurinn áleiðis í prófið.

Fyrir þessa greiðvikni veitti Stúdentaráð Jóhann Birki heiðursverðlaun ráðsins. Þess má geta að Jóhann Birkir, sem er einn marga ungra og efnilegra lögreglumanna sem við eigum, útskrifaðist úr Lögregluskóla ríkisins á síðasta ári. - jss



**VERÐLAUN** Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Stúdentaráðs, afhenti Jóhanni Birki viðurkenninguna. Aðrir á myndinni eru Gunnar Hilmarsson aðalvarðstjóri, og Heimir Hannesson, hagsmuna- og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs.

Dæmdur til að greiða sekt:

# Stal 13 flöskum af kökudropum

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur til að greiða tuttugu þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir að stela sex flöskum af kardimommudropum og sjö flöskum af vanilludropum úr verslun Nettó í Reykjanesbæ.**

**Maðurinn játaði brot sitt. Hann á langan brotaferil að baki. Þar má nefna fíkniefnalagabrot, fölsun og skjalabrot, ölvunar- og lyfjaakstur. Árið 2006 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar og sviptur ökurétti fyrir lyfjaakstur. Með brotinu nú rauf maðurinn skilorð. - jss**

# Afnema má gjaldeyrishöftin hraðar

**Viðskiptaráð kynnti í gær áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem sérfræðingahópur úr atvinnulífinu og háskólunum hefur unnið að. Er það mat hópsins að áætlun Seðlabankans sé ekki nægilega markviss.**

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptaráð Íslands kynnti í gær tillögur sérfræðingahóps úr viðskiptalífi og háskólunum um hvernig afnema megi gjaldeyrishöft á einu ári. Er það mat hópsins að það megi gera á svo skömmum tíma án þess að verulegur þrýstingur verði á gjaldeyrismarkaði og þannig að kostnaður verði ekki of mikill. Við sama tækifæri kynnti ráðið nýja skýrslu um gjaldeyrishöftin.

„Við teljum að þessi áætlun sé raunhæf og framkvæmanleg. Hún er markvissari en áætlun Seðlabankans þar sem í henni er gengið ákveðnar til verks en nú við öflun upplýsinga um núverandi styrk gjaldmiðilsins og að losa um þrýsting vegna aflandskróna," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og bætir því við að eins árs tímarammann beri ekki að taka of bókstaflega. Yfirskrift áætlunarinnar endurspegli fyrst og fremst óþolinmæði með framgang áætlunar Seðlabankans og þá trú að fara megi fram með meiri ákveðni.



**ÁÆTLUN STJÓRNVALDA KYNNT** Sérfræðingahópur Viðskiptaráðs telur áætlun Seðlabankans ekki nægilega markvissa. Aðstoðarseðlabankastjóri fagnar framtaki Viðskiptaráðs en telur skynsamlegt að halda sig við fyrirliggjandi áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Finnur segir að ekki hafi farið fram nægilega djúp umræða um áætlun Seðlabankans og því hafi Viðskiptaráð haft frumkvæði að þeirri vinnu sem kynnt var í gær. Þá gerir hann sér vonir um að fleiri aðilar muni láta sig málið varða á næstunni.

Sérfræðingahópinn skipuðu átta sérfræðingar úr atvinnulífi og háskólunum, þar á meðal Gylfi Magnússon dósent, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, og Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

Í greinargerð hópsins segir að nauðsynlegt sé að draga eftir föngum úr líkum á því að sambærilegt ójafnvægi og skapaðist í gjaldeyrismálum fyrir fall krónunnar 2008 myndist á ný. Áætlun hópsins tekur mið af því en henni er skipt í tvennt. Fyrra skrefið snýr að því að losa um svokallaða snjóhengju óþolinmóðs fjármagns með því að gefa eigendum króna kost á að bjóða í langtíma ríkisskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum. Slík bréf væri svo hægt að selja á virkum eftirmarkaði og þannig breyta í aðrar tegundir erlendra eigna.

Seinna skrefið væri svo afnám almennra gjaldeyrishafta þar sem hömlum sem nú eru í gildi yrði aflétt í þrepum á um það bil tólf mánaða tímabili. Þessu til viðbótar þyrfti að útfæra reglur sem hefðu það hlutverk að koma í veg fyrir að þau mál sem leiddu til gjaldeyriskreppunnar 2008 endurtækju sig.

Ræðumenn voru sammála um að gjaldeyrishöftin yllu efnahagslífinu og landsmönnum öllum talsverðum skaða. Þau væru hamlandi fyrir framgang og vöxt atvinnulífsins og stæðu þar með hagvexti fyrir þrifum. Þá drægju þau úr skilvirkni og bjöguðu ákvörðunartöku.

Þó voru flestir sammála um nauðsyn þess að setja á höft á sínum tíma. Þau hefðu komið í veg fyrir að krónan félli talsvert meira en hún gerði. Það hefði leitt af sér aukna verðbólgu, hærri vexti, lægri kaupátt og enn verri skuldastöðu heimila og fyrirtækja.

Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, var meðal þeirra sem tóku til máls á fundinum. Hann fjallaði um áætlun Seðlabankans og sagði farsælast að styðjast áfram við hana. Hann fagnaði þó framtaki Viðskiptaráðs og hvatti fleiri til að viðra skoðanir sínar. magnusl@frettabladid.is

GÓÐ GJÖF
FYRIR ALLA SEM FERÐAST
Handhægt alfræðirit fyrir alla sem stunda útivist og ferðalög
Stútfull af gagnlegum fróðleik
Fæst í öllum helstu bókabúðum og á www.bokakaffid.is
Sæmundur bókaútgáfa

„En skírlífisbrækurnar runnu niður um lærin og þvældust um fótleggina."
Kanill
eftir Sigríði í Arnarholti.
Ljóð og ævintýri um kynlíf.
FJÓRU VERÐLAUNIN TILNEFND
Sæmundur bókaútgáfa

Okkar hlutverk er að dreifa
fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.
Póst dreifing
Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

Kröftugar NILFISK ryksugur
Tilboðsverð: 15.800 kr. áður: 19.900 kr.
Tilboðsverð: 16.800 kr. áður: 21.400 kr.
Tilboðsverð: 37.800 kr. áður: 44.600 kr.
FÖNIX - eitthvað gamalt og gott
FÖNIX Raftækjaverslun • Hátúni 6a • Sími 552 4420 • fonix@fonix.is • www.fonix.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP
vísir TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

Barcelona
Flugsæti, 28. des. - 2. jan.
Verð frá 27.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.
Verð án Vildarpunkta: 37.900 kr.
Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is
vita
VITA er lífið
VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is


Settu hjól í jólapakkann,
gjöf sem endist.
Mongoose Alvöru Hjól
20%
afsláttur
af hjólum fyrir Jólin
20%
afsláttur
af þrektækjum fyrir Jólin
Þú færð næstum allt fyrir
líkamsræktina í Gáp
Verð frá 3.990
Hjálmar, ljós og
hraðamælar
Verð frá 1.990
Mikið úrval af æfingadýnum
verð frá 3.990
Verð 1.990
Everlast boxvörur í úrvali
Verð frá 5.990
Verð frá 19.900
Æfingaboltar
verð frá 3.990
Mikið úrval af alvöru Yogadýnum, Hot
Yoga handklæði, belti, kubbar ofl
Stiga sleðar
verð frá 11.990
GÁP
HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200
GÁP býður upp á Alvöru æfingatæki fyrir Fyrirtæki og líkamsræktar-
stöðvar frá STARTRAC einnig sértæk íþróttagólfefni frá PAVIGYM
GÁP setti upp öll tæki og gólfefni fyrir Reebok Fitness Holtagörðum
www.reebokfitness.is
STAR TRAC
Reebok
FITNESS
WWW.GAP.IS

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

# *Heimilistæki í hæsta gæðaflokki - án vafa*

**ÚRVAL KÆLI- OG FRYSTISKÁPA**



SAMSUNG · RL56WGSW
Stál kæli- og frystiskápur · Frystihólf: 104 lítrar
· Kælihólf: 246 lítrar · Hæð: 185 cm
· Blásturskældur kælir og frystir með köldu vatni
**Verð: 219.900.-**



SAMSUNG RSH5UTTS
„AMERÍSKUR" · Titanium silfur

Verð: ***319.900.-***
Kælir/frystir · Aldrei að afþýða

Einnig til svartir og hvítir
og tvær gerðir með burstuðu stáli

"*G-SERÍAN*" Í KÆLISKÁPUM FRÁ SAMSUNG
Nýstárlegir kæli- og frystiskápar.
Ný tegund einangrunar sem gerir skápana A+
Einnig stærra kæli- og frystirými en gengur og gerist.

## BYLTING Í ÞVOTTAVÉLUM..!

*ECO BUBBLE er mætt til leiks*



WF1704YPC2



**70% minni orkunotkun**
**Orkunotkun A+++**
**Sama þvottahæfni með köldu vatni og í venjulegum þvottavélum við 40° hita**
**Sértakt þvottakerfi til að viðhalda vatnsvörn í regnfatnaði.**
**Verð á 7 kg þvottavél: 149.900.-**
**Verð á 8 kg þvottavél: 164.900.-**

SAMSUNG

### SAMSUNG ECO BUBBLE ÞVOTTAVÉL

- **Eco Bubble**
- Taumagn: 7 og 8 kg.
- Vindingarhraði: 1400 sn/mín
- Þvottahæfni: A
- Þeytivinduafköst: A
- Orkuflokkur: A+++
- Demants mynstruð tromla
  – Minna slit á fötum og vindur mun betur
- Fuzzy-logig magnskynjunarkerfi
- 15 mín. hraðkerfi
- Keramik element hitar betur og safnar ekki húð
- Hurðarlöm og krókur úr málmi
- Stórt hurðarop: 33 cm, opnast 142°
- UKS kerfi sem jafnar tau í tromlu fyrir vindingu
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott
- Ullarkerfi / Ullarvagga
- Allt að 19 klst. start tímaval fram í tímann
- Barnalæsing
- Sérstakt prógramm til að þvo tromluna.
- Aqua-Control öryggiskerfi gegn vatnsleka

Málin eru hxbxd: 85 x 60 x 64,6 cm

***Hvað er Eco Bubble?***
Eco Bubble þvottur er hefðbundin blanda af taui, vatni og þvottadufti.

En í stað þessa að þvottaefnið skolist beint inn í þvottatromluna með vatninu – fer þvottaefnisblandan í gegnum dælu, sem þrýstir lofti inn í blönduna.

Við þetta leysist þvottaefnið fyrr upp og byggir upp froðu. Froðan samanstendu af litlum þvottaefniskúlum sem flæða um tauið með meiri árangri en þekkst hefur hingað til.

---



VCC6240

EIGUM ÚRVAL AF
MJÖG FLOTTUM
RYKSUGUM
FRÁ SAMSUNG

*Verð frá kr. 14.900,-*



VCR8855

... OG
RYKSUGURÓBÓTINN
***NAVIBOT***
FRÁ SAMSUNG
ER KOMINN Í
SAMSUNG SETRIÐ



MW89MST

ERTU AÐ LEITA AÐ
HINUM FULLKOMNA
ÖRBYLGJUOFNI?
HANN ER HÉR ..!!

*Mikið úrval SAMSUNG örbylgjuofna.*

---

# *Plasma sjónvörp 43"og 51"*

## *– þrjú efstu sætin í óháðri gæðakönnun*



**SAMSUNG • PS43/51D455A2W • SJÓNVARP 43"/51" PLASMA**
600 Hz Subfield Motion • 1024 x 768 HD Ready • Clear Image Panel • HD DVB-T/C Stafrænn móttakari • USB Movie (DIVX HD) • 2 HDMI tengi, Scart, USB, Component, Composite, VGA o.fl.
**43" • *Verð: ~~179.900~~ kr.* • TILBOÐSVERÐ: 129.900 kr.**
**51" • *Verð: ~~209.900~~ kr.* • TILBOÐSVERÐ: 189.900 kr.**

# *Spjaldtölvan vinsæla Galaxy Tab*



**8,9"• SPJALDTÖLVA• WI-FI · 3G**
**Verð: 119.900,-**

**10,1"• SPJALDTÖLVA• WI-FI**
**Verð: 109.900,-**

---

KVIKA

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>MODEL-AKRANESI<br>SÍMI 431 3333 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 |

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
## – 6500 LÍNAN

EISA AWARD
Best Product 2011-2012
BEST BUY TV
Samsung UE40D6505




SAMSUNG hlaut fjögur
**EISA VERÐLAUN 2011-2012**
fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt
fyrir þetta sjónvarp:

SAMSUNG 6505
***„BESTU SJÓNVARPSKAUPIN"***
***"BEST BUY TV"***

SAMSUNG 6500 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
STÆRÐIR: 32"/37"/40"/46"/55"/60"

*KOMDU OG GERÐU BESTU KAUPIN!*

*OPIÐ:*
- *Laugardag 17. des. frá 11-18*
- *Sunnudag 18. des. frá 13-18*

# TOPPLÍNAN Í SAMSUNG
## – 8000 LÍNAN




GALAXY S
WiFi 5.0

**YP-G70 SPJALDTÖLVAN FYLGIR FRÍTT ÖLLUM SAMSUNG 8000 SJÓNVÖRPUNUM**



- 1 GHz örgjörfi
- Android stýrikerfi
- Fjarstýring fyrir sjónvarpið
- Auka skjár á sjónvarpið

SAMSUNG
8000 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
STÆRÐIR: 40"/46"/55"/60"

SAMSUNG SMART TV
*veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit*

SAMSUNG færir þér framtíðina með
8000 · LED · SMART TV

**SMART TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag.**
Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og *Search All*.
Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

**SAMSUNG 8000 LED SMART TV er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri*!**

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is




## Birting samkvæmt 6. grein tilskipunar Evrópuþingsins nr. 2001/24/EC og ráðs um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

## (2011/C 159/10)

**SKILYRÐI VEGNA ANGLO IRISH BANK CORPORATION LIMITED OG IRISH NATIONWIDE BUILDING SOCIETY SAMKVÆMT 50. LIÐ STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLA LÁNASTOFNANA FRÁ 2010.**

Þann 7. Apríl 2011 setti fjármálaráðherra Írlands („ráðherra") fram skilyrði („skilyrðin") vegna bæði Anglo Irish Bank Corporation Limited („Anglo") og Irish Nationwide Building Society („INBS") samkvæmt 50. lið stöðugleikasáttmála lánastofnana frá árinu 2010 („stöðugleikasáttmáli"):

1. Anglo skuli samkvæmt þeim:

1.1. fylgja lokaáætlun um stöðvun reksturs á ákveðnum skrifstofum Anglo í Hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og útibúum Anglo í Vín, Düsseldorf og Jersey;

1.2. fylgja lokaáætlun vegna ráðstöfunar þess hluta Anglo sem snýr að auðstýringu;

1.3. fylgja lokaáætlun vegna öflunar eigna INBS og/eða samruna Anglo og INBS; og

1.4. setja fram, í samvinnu við INBS og NTMA og, háð samþykki NTMA, fylgja lokaáætlun um endurskipulagningu og aðgerðaráætlun fyrir Anglo og INBS byggða á sameinaðri endurskipulagningar- og aðgerðaráætlun fyrir Anglo og INBS sem lögð var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þann 31. janúar 2011 (með fyrirvara um breytingar á nokkurri þeirri áætlun samkvæmt vilja og samþykki framkvæmdastjórnar ESB); og

2. INBS skuli samkvæmt þeim:

2.1. fylgja lokaáætlun vegna öflunar Anglo á eignum INBS og/eða samruna Anglo og INBS; og

2.2. setja fram, í samvinnu við Anglo og NTMA og, háð samþykki NTMA, fylgja lokaáætlun um endurskipulagningu og aðgerðaráætlun byggða á sameinaðri endurskipulagningar- og aðgerðaráætlun fyrir Anglo og INBS sem lögð var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þann 31. janúar 2011 (með fyrirvara um breytingar á nokkurri þeirri áætlun samkvæmt vilja og samþykki framkvæmdastjórnar ESB),

(sameiginlega, lýsa „skilyrðin");

3. því að framsetning þeirra er liður í endurskipulagningu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins nr. 2001/24/EC og leiðtogaráðs hins 4. apríl 2001 (CIWUD tilskipunin) og reglum Evrópubandalaganna frá 2011 varðandi endurskipulagningu og slit lánastofnana (2011 reglurnar) og, því samkvæmt, gilda samkvæmt CIWUD tilskipuninni, 2011 reglunum og stöðugleikasáttmálanum, þar með talið en ekki takmarkað við lið 61 sáttmálans; og

4. því að skilyrði þessi taki gildi nú þegar.

Samkvæmt lið 63 í stöðugleikasáttmálans geta þeir einstaklingar sem verða fyrir áhrifum vegna skilyrða þessa sótt um leyfi til Hæstaréttar Írlands, Four Courts, Inns Quay, Dublin 7, Írlandi, til að sækjast eftir endurskoðun dómstóla vegna ákvörðunar samkvæmt stöðugleikasáttmálanum sem tengjast þessum skilyrðum, innan 14 daga frá því ákvörðunin er tilkynnt viðkomandi, eða viðkomandi fær vitneskju um ákvörðunina á einhvern annan hátt.

**FRÉTTASKÝRING:** Bandaríkjaher fer frá Írak


NORDICPHOTOS/AFP

**FORMLEG STRÍÐSLOKAATHÖFN BANDARÍKJAHERS Í BAGDAD** Heimamenn taka nú alfarið við öryggisgæslu í landinu.

# Stríðinu í Írak lokið

**Bandaríkjaher hefur formlega lokið stríðsrekstri sínum í Írak, tæpum níu árum eftir að hann hófst. Írakar ætla sjálfir að taka við öryggismálum en Bandaríkin lofa samt víðtæku samstarfi áfram, bæði í efnahags- og hernaðarmálum.**

Leon Panetta, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði að fórnir bandaríska hermanna í Írak hefðu orðið til þess að nú væri landið komið á braut lýðræðis, í ávarpi sem hann flutti í Írak í gær þegar hernaði Bandaríkjanna þar lauk formlega, nærri níu árum eftir að hann hófst.

Stríðið hefur kostað um 150 þúsund manns lífið, þar af 4.500 bandaríska hermenn og um það bil hundrað þúsund almenna borgara í Írak. Heimamenn taka nú formlega við stjórn öryggismála í landinu, þrátt fyrir efasemdir margra um að her og lögregla landsins ráði við verkefnið.

Í byrjun vikunnar kom Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, í heimsókn til Bandaríkjanna í tilefni þessara tímamóta. Í máli bæði hans og Baracks Obama Bandaríkjaforseta gætti verulegrar bjartsýni á framtíð Íraks undir stjórn al-Malikis.

Í kosningabaráttunni, áður en Obama tók við embætti forseta, sagði hann Íraksstríðið vera „heimskulegt stríð" og lofaði ítrekað að draga Bandaríkin út úr þeim stríðsrekstri svo Bandaríkjaher gæti frekar einbeitt sér að Afganistan.

„Það verða erfiðleikar," sagði Obama um þær horfur, sem nú blasa við Írökum. „Og eg held að forsætisráðherrann verði fyrstur manna til að viðurkenna þessa erfiðleika. Margir þeirra eru reyndar efnahagslegir. Eftir margra ára stríð, og þar á undan hrottalega harðstjórn, mun það taka tíma að byggja upp borgaralegt samfélag, stofnanir verslunar og viðskipta og frjálsa markaðarins, þannig að hinir stórkostlegu möguleikar írösku þjóðarinnar fái að njóta sín til fulls. En ég efast ekki um að Írökum getur tekist þetta."

Bandaríkjastjórn hefur lofað Írökum víðtæku samstarfi næstu árin til að hjálpa til við uppbygginguna, meðal annars bæði í viðskiptasamstarfi og hernaðarsamstarfi.

Þúsundir Bandaríkjamanna verða því áfram í landinu, við misjafnar vinsældir heimamanna.

Meðal annars ætlar bandaríska öryggisfyrirtækið Blackwater, sem nú heitir reyndar Academi, að sækja um ný verkefni í Írak þrátt fyrir þá hörmungasløð sem voðaverk starfsmanna þess í Írak undanfarin ár skildu eftir sig.

Vandamálin eru þó engan veginn bara efnahagsleg. Innanlands getur liðið langur tími þangað til þjóðin hefur jafnað sig á átökunum og ástandið í nágrannaríkjunum getur hæglega kippt fótunum undan þeirri þróun í átt til lýðræðis og betri lífskjara, sem Obama og Maliki boða.

Meirihluti Íraka er súnní-múslímar sem flestir búa miðsvæðis í landinu, en um þriðjungur íbúanna er sjía-múslímar sem einkum búa í suðvesturhluta landsins. Í norðurhlutanum búa svo Kúrdar, sem helst vilja stofna sjálfstætt ríki með Kúrdum í suðvesturhluta Tyrklands.

Undanfarinn áratug hefur ekki bara geisað stríð herskárra heimamanna við innrásarherinn heldur börðust innlendir hópar sín á milli í harðvítugri borgarastyrjöld, með mismiklum stuðningi frá öðrum löndum. Grimmileg átök, einkum milli sjía og súnnía, urðu til þess að í hverfum þar sem áður bjuggu jafnt súnníar sem sjíar eru nú nánast eingöngu sjíar eða eingöngu súnníar búsettir.

Bandaríkjamenn hafa samt meiri áhyggjur af nágrannaríkinu Íran, sem er stjórnað af sjía-múslímum og gæti notfært sér tengslin við sjía-múslíma í Írak.

Maliki forsætisráðherra er sjálfur sjía-múslími en hefur sýnt lítinn áhuga á afskiptum Írana heldur lagt áherslu á sjálfstæði Íraks.

Maliki hefur sömuleiðis sýnt varkárni í ummælum sínum um annað nágrannaland, Sýrland, þar sem borgarastyrjöld gæti verið í uppsiglingu. Hann hefur ekki viljað krefjast afsagnar Bashers al-Assad forseta, en hefur tekið þátt í refsiaðgerðum Arababandalagsins og fordæmt dráp á mótmælendum.

## 800 milljarðar dala í stríðsreksturinn

Frá því að stríðið í Írak hófst með innrás Bandaríkjanna árið 2003 hafa Bandaríkjamenn varið meira en 800 milljörðum dala í stríðsreksturinn. Auk Bandaríkjanna hafa tugir ríkja tekið þátt í hernaðinum í Írak undanfarin tæp níu ár, og munar þar mest um Breta sem sendu 45 þúsund hermenn strax í upphafi. Síðustu bresku hermennirnir fóru frá Írak í maí á þessu ári. Meira en 150 þúsund manns hafa látið lífið vegna átakanna, og er yfirgnæfandi meirihluti þeirra almennir borgarar.

**Fjöldi bandarískra hermanna og stríðskostnaður Bandaríkjanna**




**Mannfall**




HEIMILD: GRAPHIC NEWS

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur

# Ekki niðurlæging að fá mat í poka

Jólin eru annasamasti tíminn hjá hjálparsamtökum enda leita þúsundir Íslendinga þeirra hjálpar til þess að geta haldið jól. Mæðrastyrksnefnd í Reykjavík tekur í hverri viku við um 500 manns sem þurfa matargjöf. **Ragnhildur G. Guðmundsdóttir**, formaður nefndarinnar, sagði ***Þórunni Elísabetu Bogadóttur*** frá starfinu.

Við viljum helst sjá bros á þeim sem fara frá okkur og reynum að miða við það," segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík. Jólin eru annasamasti tíminn hjá hjálparsamtökum eins og Mæðrastyrksnefnd, og jólaúthlutunin er í undirbúningi allt árið um kring.

„Við tökum eitt í dag og annað á morgun sem við sjáum að við getum notað í þessa jólasöfnun. Svo hófst þetta fyrir alvöru núna í september. Þá byrjuðum við á því að leita að húsnæði. Við leituðum víða og að lokum kom Landsbankinn inn í myndina og lánaði okkur húsnæði að Fiskislóð 14, sem við erum afskaplega þakklátar fyrir. Þar munum við geta tekið á móti gestum og gangandi, við munum ekki vísa neinum frá. Þarna verður í boði góður jólamatur, jólagjafir, fatnaður og ýmsar smávörur." Sjálfboðaliðar vinna bæði í húsakynnum Mæðrastyrksnefndar og í húsnæðinu að Fiskislóð alla daga. Á Fiskislóð er tekið á móti vörum, pakkað og skipulagt, en jólaúthlutunin fer fram í næstu viku.

Fjöldi kvenna vinnur sjálfboðastarf allan ársins hring fyrir nefndina, sem hefur eina manneskju á launum, en þeim finnst gott að þurfa ekki að hugsa um laun. Sjö kvenfélög standa að nefndinni og sumar kvennanna hafa staðið vaktina í mörg ár þó að alltaf sé einhver endurnýjun. Ragnhildur segir aðra hópa koma til nefndarinnar nú en áður. „Við erum að sjá fleiri öryrkja, fleiri eldri borgara, fleiri einstæðar mæður og fleiri stærri fjölskyldur. Í einum hópi hefur fækkað og það eru einstæðir karlmenn." Margt af því fólki sem leitar til Mæðrastyrksnefndar hefur afskaplega lítið milli handanna, segir Ragnhildur. „Fólk spyr hvernig standi á því. Hér sé góðæri, allir eru að fara til Boston og allir eru að gera þetta og hitt. Hverjir eru þessir allir, er það sem við spyrjum okkur að. Það er nefnilega stór hópur sem hefur verið skilinn eftir og þarna ætla ég að leyfa mér að kenna stjórnvöldum um. Þetta er fólkið sem er að vinna á lægstu launatöxtum. Það er náttúrulega ekki fólki bjóðandi að vinna fyrir 160 þúsund krónur á mánuði og vera einstæð móðir sem þarf að sjá fyrir tveimur börnum. Það segir sig sjálft að það lifir enginn á því. Þessi firring finnst mér vera hjá stjórnmálamönnum, og ég ætla ekki að taka neina sérstaka fyrir, heldur heildina. Þeir átta sig ekki á því að í öllum þjóðfélögum er fólk sem hefur orðið fyrir miklum áföllum í lífinu og á erfitt með að rísa upp aftur."

Ragnhildur vandar stjórnmálamönnum ekki kveðjurnar. „Það voru sett lög hérna árið 2009 sem við köllum ólög. Þar var lífeyrir eldri borgara skertur verulega og þá var sagt að þetta yrði skammtímaákvörðun og kæmi til baka. Svona ákvarðanir koma aldrei til baka hjá stjórnvöldum ef ég þekki þau rétt." Hún segir jafnframt að nú sé nánast skorið inn að beini hjá eldri borgurum í niðurskurði. „Margt eldra fólk er orðið hrætt, það verður óöruggt og því líður illa. Við erum að sjá svona fólk hérna, fólk sem hefur aldrei komið áður."

„Samfélagið sem slíkt hefur líka ákveðnar skyldur gagnvart þjóðfélagsþegnum. Það eru mannréttindi að geta lifað af þeim launum sem maður vinnur sér inn, en þannig er það ekki núna. Samfélag sem getur ekki séð sínu fólki fyrir lífsviðurværi, það hrynur til grunna. Soltinn maður ræður ekki við lífsbaráttuna." Þó að flestir komi til Mæðrastyrksnefndar fyrir jólin er þó fjöldi fólks sem fær aðstoð allt árið um kring. „Við erum með matarúthlutun fjórum sinnum í mánuði og fataúthlutun einu sinni í mánuði. Við afgreiðum um 450 og 550 manns í hverri viku. Þetta er staðreyndin og það sem blasir við. Það þýðir ekkert að segja að þetta sé að minnka, það er bara einfaldlega rangt."



**HJÁ MÆÐRASTYRKSNEFND** Nýir hópar eru farnir að sækja í aðstoð hjá nefndinni, fleiri eldri borgarar og fleiri öryrkjar meðal annarra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

> Samfélag sem getur ekki séð sínu fólki fyrir lífsviðurværi, það hrynur til grunna. Soltinn maður ræður ekki við lífsbaráttuna.

Ragnhildur segir sjálfboðaliðana gera miklar kröfur til sín. „Við verðum líka að standa okkur og gera þetta á eins þægilegan máta og hægt er fyrir fólkið, þannig að enginn fari leiður í burtu. Við viljum helst sjá bros á þeim sem fara frá okkur og reynum að miða við það. Auðvitað er alltaf eitthvað sem getur komið upp á og veldur misskilningi en við reynum að vinna úr því og gera þannig að enginn verði sár eftir, það skiptir óskaplega miklu máli." Mæðrastyrksnefnd sé rekin eins og heimili. „Við reynum að fara rosalega vel með. Við vinnum hér eins og heima hjá okkur." Það sem keypt sé inn fáist yfirleitt á góðum magnafslætti og þannig er hægt að gefa meiri mat. „Talað er um að það sé svo voðalega niðurlægjandi að afgreiða mat í poka. Við lítum ekki á það þannig. Við erum að bjóða þetta. Þetta er gjöf til þín, ef þú vilt þiggja hana þá gjörðu svo vel, en þú þarft ekkert að þiggja hana. Þetta er talað svolítið niður." Fyrst og fremst sé hugsað til þess að börn fái að borða. „Við vitum að það er misjafn sauður í mörgu fé og gleymum því ekki, en við höfðum hins vegar til hins góða í manninum, það er númer eitt, tvö og þrjú." Þannig sé mögulegt að fólk misnoti úrræðið, en þær ráði ekki við það hafi einhverjir smekk fyrir því.

Ragnhildur segist þakklát fyrir það mikla traust sem Mæðrastyrksnefnd hafi fengið. „Einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og það má segja öll íslenska þjóðin hefur stutt þessa starfsemi í gegnum árin. Það segir sig sjálft að þessi góði stuðningur hefur mikið að segja og gerir þetta kleift. Hér eru afskaplega margir sem styðja við þessa starfsemi og vilja láta gott af sér leiða. Í þjóðfélaginu er hópur af fólki sem vill ekki láta nafns síns getið sem leggur reglulega inn á reikninginn okkar og við erum afskaplega þakklátar fyrir það."

Mæðrastyrksnefnd styður við fólk á fleiri máta. Til dæmis eru sjóðir sem styrkja fermingarbörn og börn til leikjanámskeiða og sumarbúða. Þá geta verðandi mæður fengið barnapakka. Reynt er að koma til móts við fólk og hefur fólk í námi til dæmis fengið að koma á öðrum tímum til að fá mat, þegar það er í frímínútum. „Við styrkjum konur sem eru í námi og eiga erfitt með því að reyna að kalla þær til okkar. Við styrkjum þær ekki með peningum, ekki enn þá allavega. En okkur dettur ýmislegt í hug og það væri gaman að geta styrkt konur til náms, því námið er það sem fleytir fólki áfram í lífsbaráttunni. Nokkrar eru þær ungu stúlkurnar sem hafa komið brosandi til okkar í lok náms og þakkað okkur fyrir hjálpina, því hún hafi gert þeim kleift að klára sitt nám. Það finnst okkur mjög merkilegt. Það gefur okkur tilgang. Hugurinn á bak við allt hjá okkur er fyrst og fremst að reyna að hjálpa til, og við gerum þetta með glöðu geði og brosi á vör."



**Ný bók í ritröðinni um íslenskar laxveiðiár**




## Oftnefnd Drottning íslenskra laxveiðiáa

Grímsá og Tunguá eru oftast nefndar í sömu andránni og eru saman eitt af betri laxveiðisvæðum landsins. Fjölbreytni svæðisins í umhverfi og veiðistöðum er viðbrugðið. Þetta er auk þess ein af þeim laxveiðiám landsins þar sem sagan er rituð á hvern stein og í hverja þúfu, streng og foss. Þetta er þriðja bókin í ritröð um íslenskar laxveiðiár, áður hafa komið bækur um Langá á Mýrum og Laxá í Kjós. Umsjónarmenn eru hinir sömu, Guðmundur Guðjónsson ritstýrir bókinni og tekur saman í hana fjölbreytt efni, og Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari og blaðamaður á Morgunblaðinu sér um ljósmyndirnar.







## ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS




STÓRGLÆSILEG BÓK UM SKOTVEIÐI Í MÁLI OG MYNDUM

## ÓSKABÓK VEIÐIMANNSINS

STÓRSKEMMTILEG BÓK UM VEIÐI FRÁ LIÐNU SUMRI. FJÖLDI MYNDA, FRÉTTA OG SKEMMTILEGAR VEIÐISÖGUR.



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10



**1395** KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI**



**1695** KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSINN LAMBAHRYGGUR**



**3598** KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBAFILLET**




**1495** KR. KG
**ALI HAMBORGAR-HRYGGUR** *M.BEINI*
*VINSÆLASTI HRYGGURINN Í BÓNUS*




**1498** KR. KG
**KOFAREYKT HANGILÆRI** *M.BEINI*




**1195** KR. KG
BÓNUS
**HAMBORGARHRYGGUR** *M.BEINI*




**2498** KR. KG. HANGILÆRI
**1898** KR. KG. FRAMPARTUR
**KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT** FRÁ KJARNAFÆÐI

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
**BIRKIREYKT HANGIKJÖT**




**2298** KR. KG. HANGIFRAMPARTUR
**ÚRB. HANGI FRAMPARTUR**

**2798** KR. KG. HANGILÆRI
**ÚRB. HANGILÆRI**



**298** KR. STK
8 METRA
**JÓLAPAPPÍR**



**195** KR. 2 STK
**ÚTIKERTI MINNI OG STÆRRI**



**398** KR. STÓRT

**299** KR. PARIÐ
*GJÖFIN SEM JÓLASVEINARNIR ÞEKKJA !*
**BARNASOKKAR**




BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2 | 9 | | |
| | | | 9 | 6 | 8 | 7 | 5 | |
| | | 9 | | | 5 | | | 8 |
| 6 | | 7 | 5 | | | | | 3 |
| | | 4 | | 2 | | 8 | | |
| 9 | | | | | 4 | 1 | | 5 |
| 1 | | | 8 | | | 2 | | |
| | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |

**LJÓSMYNDASYRPA:** Aðventutónleikar Domus Vox í Hallgrímskirkju



**Á SVIÐINU** Stúlknakórinn stóð sig með mikilli prýði sem og allir sem komu fram á tónleikunum, enda voru tónleikagestir í sjöunda himni með frammistöðu listakvennanna. Stúlknakórinn var stofnaður árið 1994, en í honum eru nú um 130 stúlkur á aldrinum fimm ára til 21 árs. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Himnesk stemming hjá Domus Vox

**Húsfyllir var á hinum árlegu aðventutónleikum Domus Vox í Hallgrímskirkju í fyrrakvöld þar sem 230 konur og stúlkur í Stúlknakór Reykjavíkur, Vox feminae og Cantabile sungu hefðbundna kirkjutónlist undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur. Haraldur Guðjónsson fékk að fylgjast með undirbúningi stúlknakórsins og æfingum fyrir stóru stundina.**



**GENGIÐ INN KIRKJUGÓLFIÐ** Stúlkurnar ganga inn að sviðinu. Gestirnir horfa á, fullir eftirvæntingar. Nú er komið að stóru stundinni eftir þrotlausar æfingar og undirbúning. Strax er hafinn undirbúningur að næsta stórverkefni sem er flutningur á tónlistinni úr Hringadróttinssögu, með Sinfóníuhljómsveitinni í febrúar.



**LOKAÆFINGIN** Kórinn hitaði upp raddböndin við undirleik Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur, sem er stjórnandi yngri deilda Stúlknakórs Reykjavíkur.



**STÓRA STUNDIN NÁLGAST** Stúlkurnar voru greinilega spenntar fyrir tónleikana en það var samt stutt í brosið.



**ALLIR HJÁLPAST AÐ** Stúlkurnar hjálpuðust að við undirbúninginn. Hér er verið að leggja lokahönd á hárgreiðsluna.



**Í VEIÐIMANN** Fátt er betra en að taka í spil til að slappa af áður en alvaran tekur við.



**Í SÍNU FÍNASTA PÚSSI** Stúlkurnar komu afar vel fyrir og voru með allt á hreinu baksviðs þegar undirbúningurinn var á lokastigi.


Sumarblær - íslensk hönnun og smíði
19.300 kr.
17.700 kr.
7.800 kr.
Daisy hálsmen
17.900 kr.
Daisy lokkar
21.900 kr.
Daisy hringur
29.900 kr.
GEORG JENSEN
Skartgripir og úr - góðar jólagjafir
Adidas
13.600 kr.
Adidas
14.900 kr.
Armani
48.000 kr.
Casio
11.900 kr.
Casio
6.100 kr.
Arne Jacobsen
64.900 kr.
Arne Jacobsen
64.900 kr.
Arne Jacobsen
64.900 kr.
Rosendahl
24.900 kr.
Rosendahl
24.900 kr.
Jacques Lemans
35.400 kr.
Jacques Lemans
30.700 kr.
Jacques Lemans
70.500 kr.
Jacques Lemans
70.500 kr.
Movado
127.500 kr.
Diesel
18.900 kr.
Diesel
18.100 kr.
Fossil
19.900 kr.
Skoðaðu glæsilegt úrval
jólagjafa á michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ákvörðun um að stefna Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn var fyrirsjáanleg.

## Okkar val

Varla kemur nokkrum manni á óvart að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi ákveðið að stefna Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn vegna Icesave-málsins.

Þjóðaratkvæðagreiðslan um síðasta Icesave-samninginn í apríl síðastliðnum snerist einmitt um tvo kosti; að ljúka málinu með samningum við Bretland og Holland eða að útkljá það fyrir EFTA-dómstólnum. Samningamenn Íslands og margir fleiri töluðu skýrt um þessa kosti.


SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Munurinn á samningaleiðinni og dómstólaleiðinni er að í dómstólaleiðinni felst meiri áhætta. Með samningum er hægt að hafa stjórn á niðurstöðunni, gefa eftir í einum þætti málsins til að hafa sitt fram í öðrum. Niðurstaðan verður sú sem aðilar ná samkomulagi um. Eðli málsins samkvæmt er hún málamiðlun og hvorugur er fyllilega ánægður.

Fyrir dómstóli er sá möguleiki fyrir hendi að hafa allt sitt fram. En þar er líka hægt að tapa öllu. Hugsanlega verður niðurstaða EFTA-dómstólsins Íslandi hagstæð. En það er líka til í dæminu að niðurstaðan verði sú að Íslandi beri að greiða meira en innistæðutrygginguna til brezkra og hollenzkra innistæðueigenda, eða þá að dómurinn komist að annarri niðurstöðu um vextina í málinu. Hvort tveggja gæti kostað Ísland gífurlegar fjárhæðir.

Verði það niðurstaðan verða menn einfaldlega að vera við því búnir. Íslenzkir kjósendur þekktu kostina þegar þeir gengu til atkvæða um Icesave-samninginn. Þeim hafði verið bent á þá áhættu sem kynni að felast í dómstólaleiðinni. Meirihlutinn tók engu að síður þann kostinn fram yfir samninginn sem lá fyrir. Við getum lítið sagt, verði niðurstaðan okkur í óhag.

Nú skiptir máli að halda vel á málstað Íslands og fá til þess færustu lögfræðinga, þótt það geti orðið dýrt. Það er svolítið skondið að heyra nú stjórnmálamenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, sem töldu samningaleiðina áhættuminni en dómstólaleiðina, tala af nýfenginni kokhreysti um sterkan málstað Íslands í dómsmálinu. En þeir eiga í raun engan annan kost.

Við getum búizt við að lýðskrumarar innan þings og utan haldi áfram að nota Icesave-málið til að draga upp mynd af vondu útlendingunum sem vilji klekkja á Íslandi. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var byrjaður á því í gær; taldi að ákvörðun ESA hefði eitthvað með ástandið innan Evrópusambandsins að gera. Hann gleymir því eins og stundum áður að ESA er ekki stofnun vondu útlendinganna í ESB; hún er stofnun okkar og hinna smáríkjanna í EFTA. Hún tekur ákvarðanir út frá lögfræði. Og í 29 samningsbrotamálum sem hún hefur höfðað gegn aðildarríkjunum fyrir EFTA-dómstólnum hefur hún haft sigur í 27.

Þegar niðurstaða EFTA-dómstólsins liggur fyrir, hvort sem hún verður Íslandi í hag eða óhag, verður eitt á hreinu: Málið fór í dóm af því að það var val meirihluta íslenzkra kjósenda. Það er ekki hægt að færa ábyrgðina yfir á neinn annan.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bætt trúarheilsa

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra veitti á dögunum hvatningarverðlaun í heilsuferðaþjónustu. Að þessu sinni voru það forsvarsmenn „Heilsu og trúar“ sem urðu viðurkenningarinnar aðnjótandi. Þeir bjóða trúuðum Bandaríkjamönnum upp á heilsuferðir og er hver hluti verkefnisins nátengdur heilbrigði og trú með sterkri tilvísun í íslenska náttúru og menningu. Þeir sem ekki þekkja bandaríska trúarvinkil á íslenskri náttúru hafa ekki lifað.



### Svangir trúarleiðtogar

Af hverju iðnaðarráðuneyti Íslands telur verkefni hinna trúuðu bandarísku náttúruunnenda svo spennandi skal ósagt látið. Um er að ræða „14 daga hreinsandi meðferð, kennslu á andlega sviðinu og leiðtogaþjálfun samhliða föstu“ líkt og segir í tilkynningu ráðuneytisins. Kannski finnst ráðherra skortur á svöngum leiðtogum sem stjórna með trúna að leiðarljósi.

### Facebook-pólitíkin

Tækninni fleytir óðfluga áfram og nú er svo komið að fjölmiðlar eru, oft og tíðum, óþarfa milliliður á milli stjórnmálamanna og umbjóðenda þeirra. Þetta sást vel í gær þegar Margrét Tryggvadóttir setti það á Facebook-síðu sína að á þingi væri verið að safna fylgi fyrir tillögu um að afturkalla kæru á hendur Geir H. Haarde. Margrét nýtti sér tæknina og kom fregnum af þessu á netið. Frá síðu hennar bárust tíðindin í allar áttir og fréttin rataði fljótt inn á vefmiðlana. Að endingu höfðu flestallir fjölmiðlar sagt frá tíðindunum og fólk spjallað um þau sín á milli. Þetta dæmi sýnir okkur að hinar praktísku hliðar stjórnmálanna breytast ört.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Mikil arðsemi af raforkusölu til stóriðju


Orkumál



**Þorsteinn Víglundsson**

framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda


Á undanförnum áratug eða svo hefur raforkuverð til stóriðju hækkað um liðlega 120% í Bandaríkjadölum. Á sama tíma hefur raforkuverð til almennings lækkað um 10% í Bandaríkjadölum. Hækkun raforkuverðs til stóriðju skýrist að umtalsverðu leyti af álverðstengingu raforkuverðs til áliðnaðar. Álverð hefur hækkað umtalsvert á þessu tímabili, m.a. vegna hækkandi orkuverðs í heiminum, en afar sterk tengsl eru á milli þessara tveggja þátta.

Á sama tíma hefur arðsemi Landsvirkjunar aukist jafnt og þétt. Eigið fé fyrirtækisins hefur liðlega fjórfaldast í Bandaríkjadölum og nam nærri 1,7 milljörðum dala í lok júní sl. Árleg ávöxtun eigin fjár Landsvirkjunar er að jafnaði liðlega 18% á þessu tímabili, að teknu tilliti til arðgreiðslna. Er þar horft til þróunar eigin fjár í Bandaríkjadölum en ekki krónum. Raforkusala Landsvirkjunar til stóriðju hefur tvöfaldast á þessu tímabili.

Í nýlegri skýrslu Sjónarrandar er því haldið fram að arðsemi raforkusölu til stóriðju hafi verið umtalsvert lakari en almenn arðsemi íslensks atvinnulífs. Sennilega er þó leitun að fyrirtækjum af sambærilegri stærð og Landsvirkjun sem sýnt hafa hliðstæða arðsemi.

Í skýrslu Sjónarrandar kemur fram að arðsemi Landsvirkjunar af raforkusölu til stóriðju hefur verið liðlega tvöfalt hærri en arðsemi af raforkusölu til almennings.

**Þróun raforkuverðs til stóriðju**




Raforkuverð til heimila 2003-2008 áætlað með línulegri hækkun í kr. (2002, 2009 og 2010 skv. LV)

HEIMILD: LANDSVIRKJUN

# Áfram með smjörið

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Fyrir um þrjátíu árum voru sett herlög í Alþýðulýðveldinu Póllandi. Stjórnarandstæðingar voru sóttir heim í skjóli nætur og settir í fangelsi. „Samstaðan“ var orðin of sterk, stjórnvöld þurftu að skakka leikinn. Helstu forkólfar hins frjálsa verkalýðsfélags voru reyndar vistaðir við ágætisaðstæður í heilsulindum fyrir liðsforingja. Þeir fengu nógan mat og náðu meira að segja að hamstra smjör, sem þeir smygluðu til eiginkvenna þegar þær komu í heimsókn. Það segir sitthvað um vöruúrvalið í landinu þegar fólk er farið að smygla nauðsynjavörum úr fangelsum.

Minningin um tómar hillur er samofin minningunni um sósíalískt hagkerfi. Sú minning vaknar þegar birtar eru myndir af tómum norskum hillum, sem eitt sinn geymdu smjör. Noregur er auðvitað ekkert kommúnistaríki, langt því frá, en ástæðan fyrir smjörskortinum er samt í grunninn sú sama.

Smjörskorturinn norski stafar auðvitað ekki af „vinsældum kolvetnissnauðra matarkúra“ eða „óvenjuvætusömu sumri“. Það eru afsakanir en ekki ástæður. Grunnástæðan er að eitthvert fólk telur sig vita betur en markaðurinn. Landinu er lokað fyrir erlendri framleiðslu og kvótakerfi komið á til að tryggja að „rétt magn“ sé framleitt. Þegar fólk reynir að stýra markaði lætur það vörumagnið stýrast af „þörf“ og verðlagið af „sanngirni“. En ekki framboði eða eftirspurn. Niðurstaðan verður ýmist smjörfjall eða vöruskortur. Og það þýðir lítið að kenna hamstri eða smjörbraski um ástandið. Vandinn liggur einfaldlega í magni þess smjörs sem framleitt er og verðlagningu þess.

Sé mönnum svo umhugað um margnefnt matvælaöryggi má spyrja sig að einu: Hvernig má það annars vera að einu vörurnar sem reglulega skortir eru þær sem allt er gert til að tryggja nægt framboð af? Stutt er síðan við upplifðum skort á nautakjöti og þar áður kjúklingakjöti. Flestir yfir fertugu hafa lifað nokkur mjólkurverkföll. Nú vantar smjör í Noregi. Aldrei vantar samt kók, súkkulaði eða aðrar ónauðsynjavörur.

**Okkar smjör!**

Norðmenn vildu fá að kaupa smjör frá Íslendingum. Því var neitað, með þeim orðum stjórnanda einokunarrisans að það „væri nóg smjör til á Íslandi“ en að það væri „okkar smjör“. Það er skiljanlegt að einokunaraðilinn vilji ekki opnun. Þannig myndu líkur aukast á því að einhvern tímann snerist dæmið og við Íslendingar myndum flytja inn útlenskt smjör (þeirra smjör) í okkar búðir. Við gætum komist á lagið með að borða þeirra smjör og okkur gæti jafnvel þótt það gott. Þá hugsun má einokunarrisinn ekki hugsa til enda.

En sú ákvörðun að stofna ekki til viðskiptatengsla við Norðmenn er auðvitað ekki góð, sé litið til hagsmuna Íslendinga til lengri tíma. Það er auðvitað best fyrir alla að íslensk fyrirtæki selji allt það smjör sem þau geta losað sig við og íslenskar búðir geti keypt smjör frá hvaða birgjum sem er, innlendum eða erlendum. Þannig verður framboð matvöru best tryggt.

> Smjörskorturinn norski stafar auðvitað ekki af „vinsældum kolvetnissnauðra matarkúra“ eða „óvenjuvætusömu sumri“. Það eru afsakanir en ekki ástæður. Grunnástæðan er að eitthvert fólk telur sig vita betur en markaðurinn. Landinu er lokað fyrir erlendri framleiðslu og kvótakerfi komið á til að tryggja að „rétt magn“ sé framleitt.

Menn hugsa stundum: „Setjum upp tollamúra til verndar innlendri framleiðslu, við fellum þá bara tímabundið niður ef innlenda framleiðslan hefur ekki undan.“ Reynsla Norðmanna sýnir nú hins vegar að varasamt er að treysta á slíkt. Birgjar í Danmörku meta viðskiptasambönd sín við aðra evrópska kaupendur meira en skammtímagróða í viðskiptum við Norðmenn. Litlu máli skiptir þótt Norðmenn hafi ákveðið að lækka tolla í nokkrar vikur.

**Heimsins falskasta öryggi**

Matvælaöryggi er hugsanlega alvöruhugtak, en í íslenskri þjóðmálaumræðu er það einungis notað sem feluorð yfir „tolla og innflutningshöft“. Sú viðleitni að vilja framleiða sæmilegt magn fæðu innanlands til að bregðast við óvissuástandi erlendis hljómar kannski ekki fáránlega en hún veitir ekki mjög mikla eða breiða tryggingu. Það sýnir sannast sagna ansi takmarkað ímyndunarafl að rækta mat við rætur eldfjalla og miða alla umræðu um matvælaöryggi við ytri ógnir.

Fuglar og svín eru alin upp á innfluttu fóðri. Um 40% allrar mjólkur landsins fara um eitt hús á Selfossi. Náttúruhamfarir geta auðveldlega sett stóran hluta innlendrar hey- og lambakjötsframleiðslu úr skorðum. Hvað gerum við þá? Reynsla Norðmanna sýnir að það þýðir ekki endilega að banka upp á hjá nágrannanum og biðja um mat rétt fyrir jólin ef maður yrðir ekki á hann aðra daga ársins.

# Sköpum samstöðu

Stjórnmál
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
alþingismaður



Forysta stjórnarflokkanna nærist á átökum. Það er gömul saga og ný. Það er því eftir öðru að helsta markmið formanns VG virðist nú vera að losna við efnahags- og viðskiptaráðherrann úr ríkisstjórn. Hann hefur ógnað foringjaræðinu sem forsætisráðherra og fjármálaráðherra virðast hafa tileinkað sér. Enginn treystir Steingrími Joð fyrir alvaldi í efnahagsmálum, en hann virðist ekki hlusta nú frekar en fyrri daginn.

Árni Páll Árnason hefur skapað sér ákveðna sérstöðu í ríkisstjórninni á undanförnum mánuðum. Hann hefur einn ráðherra talað fyrir því að fundin verði skynsamleg leið til sátta í ágreiningi um fiskveiðistjórnunarkerfið. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa hins vegar lagt sig fram um að næra átök og ágreining um það mál.

Hann hefur líka haldið með góðum hætti á Icesasve-málinu, eftir að þjóðin hafnaði Icesave-samningnum. Þótt Árni Páll hafi verið eindreginn talsmaður samninga um Icesave-málið hefur hann virt niðurstöðu þjóðarinnar og lagt sig fram um að byggja víðtæka samstöðu um málsvörn Íslands. Sú aðferðafræði sem hann hefur beitt í því efni er til fyrirmyndar. Fulltrúar ólíkra fylkinga hafa verið fengnir til ráðgjafar um málsvörnina og hefur Árni Páll beinlínis sóst eftir sjónarmiðum andstæðinga Icesave-samninganna.

Fyrir vikið hefur loksins tekist víðtæk sátt um þetta deilumál. Nú þegar við stöndum frammi fyrir málaferlum af hálfu ESA þurfum við á slíkri samstöðu að halda. Aðferðirnar sem Árni Páll hefur nú beitt sér fyrir, sýna betur en nokkuð annað hversu auðvelt hefði verið að ná alvöru sátt um meðferð Icesave-málsins, ef menn hefðu nálgast það með opnu hugarfari strax í upphafi. Það er því ekki að undra að vart verði ákveðinnar öfundar úr herbúðum fjármálaráðherrans, þess sama ráðherra sem vildi ekki upplýsa þingið strax um gerð fyrsta Icesave-hörmungarsamningsins.

Hættan í dag er sú að forystumenn ríkisstjórnarinnar nálgist nú málaferli Icesave-málsins með það í huga að verja sögu og fyrri afstöðu þeirra sjálfra. Vinnubrögð Árna Páls vita þó á annað.

Þjóðin þarf nú á samstöðu að halda. Við þurfum öll að vinna saman að sameiginlegu marki og sameinast eins og kostur er um meginlínur í uppbyggingu efnahagslífsins. Eins og forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa unnið fram til þessa kemur ekki á óvart að þeir vilji senda þau skilaboð til þjóðarinnar að þeir vilji losna við þann ráðherra sem helst hefur viljað vinna þvert á flokkslínur og skapa aukna samstöðu um mikilvægustu úrlausnarmálin.

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

## EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SKEIFUNNI OG GARÐABÆ. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM




18.999KR.

30% afsláttur




10.430KR.
~~14.999*KR.~~

30% afsláttur




4.400KR.
~~6.299*KR.~~

30% afsláttur




4.540KR.
~~6.490*KR.~~

30% afsláttur




4.190KR.
~~5.999*KR.~~

30% afsláttur




4.190KR.
~~5.990*KR.~~

30% afsláttur




4.190KR.
~~5.990*KR.~~

30% afsláttur




4.190KR.
~~5.999*KR.~~

30% afsláttur




2.090KR.
~~2.999*KR.~~

35% afsláttur




3.830KR.
~~5.899*KR.~~

30% afsláttur




4.190KR.
~~5.990*KR.~~

35% afsláttur




5.120KR.
~~7.890*KR.~~

35% afsláttur




4.530KR.
~~6.980*KR.~~

**LAUGARDAGUR**
- KRINGLAN KL.14-15 GÍSLI RÚNAR ÁRITAR *ÉG DREPST ÞAR SEM MÉR SÝNIST*
- **KRINGLAN & SMÁRALIND** KL.14-16 KLÚBBUR MATREIÐSLUMANNA KYNNIR BÓKINA *ELDUM ÍSLENSKT*
- SMÁRALIND KL.15-16 MAGNÚS ÞÓR ÁRITAR *DAUÐINN Í DUMBSHAFI*

**SUNNUDAGUR**
- KRINGLAN KL.15-16 MAGNÚS ÞÓR ÁRITAR *DAUÐINN Í DUMBSHAFI*

*Upprunalegt verð

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir 16-18. desember.

# ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR
# Á BETRA VERÐI

**OPIÐ**
til kl. 22 öll
kvöld til jóla




30% afsláttur
4.190KR.
~~5.999*KR.~~




35% afsláttur
3.890KR.
~~5.990*KR.~~




35% afsláttur
3.890KR.
~~5.990*KR.~~




30% afsláttur
4.190KR.
~~5.990*KR.~~




30% afsláttur
2.790KR.
~~3.999*KR.~~




30% afsláttur
3.490KR.
~~4.990*KR.~~




30% afsláttur
3.490KR.
~~4.990*KR.~~




30% afsláttur
1.950KR.
~~2.799*KR.~~




30% afsláttur
1.950KR.
~~2.799*KR.~~




30% afsláttur
3.590KR.
~~5.199*KR.~~




30% afsláttur
3.490KR.
~~4.990*KR.~~




30% afsláttur
1.390KR.
~~1.990*KR.~~




30% afsláttur
2.580KR.
~~3.699*KR.~~




30% afsláttur
2.790KR.
~~3.990*KR.~~

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Framsóknarflokkurinn 95 ára – Bjarta framtíð

Stjórnmál

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins



Framsóknarflokkurinn fagnar 95 ára afmæli í dag sem elsti starfandi stjórnmálaflokkur landsins. Hann var stofnaður á Alþingi hinn 16. desember 1916 og hefur síðan orðið að fjöldahreyfingu yfir tólf þúsund félagsmanna á öllu landinu.

Uppruna Framsóknarflokksins má m.a. rekja til tveggja hreyfinga sem höfðu mikil áhrif á íslenskt þjóðfélag á fyrstu árum aldarinnar, samvinnuhreyfingarinnar og ungmennafélaganna. Þessi samtök börðust fyrir almennum framförum og umbótum í landinu, aukinni menntun og atvinnurekstri sem tryggði mönnum sannvirði fyrir vöru og vinnu. Þessi hugsjónalegi bakgrunnur hafði mikil áhrif á stefnu flokksins og gerir enn í dag.

Saga Framsóknarflokksins er samofin framfarasögu Íslands á 20. öldinni. Hvort sem litið er til velferðarmála, uppbyggingar menntunar fyrir alla landsmenn, almannatrygginga eða nýsköpunar og eflingar atvinnulífs, þar hefur Framsóknarflokkurinn komið við sögu síðastliðin 95 ár. Þetta er saga sem framsóknarmenn eru stoltir af að tilheyra og vilja berjast fyrir að haldi áfram til framtíðar. Framsóknarmenn setja manninn og velferð hans í öndvegi og vilja skila hverri kynslóð betra þjóðfélagi, fleiri tækifærum og ríkari menningu.

**Framsóknarflokkurinn er frjálslyndur félagshyggjuflokkur**

Allt frá upphafi hefur Framsóknarflokkurinn verið frjálslyndur félagshyggjuflokkur. Það er hann enn og það á hann að vera. Við sem í sameiningu myndum Framsókn megum aldrei gleyma að tilgangurinn með baráttunni er fyrst og síðast að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Við viljum öll sjá betra samfélag, stéttlaust samfélag sem gleymir ekki þeim sem eiga um sárt að binda eða standa höllum fæti.

Við viljum búa í samfélagi þar sem allir eru jafnir fyrir lögum, samfélagi þar sem ekki ríkir sundurþykkja eða öfund, samfélagi þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín en menn eru jafnframt ábyrgir gjörða sinna.

Það að vera frjálslyndur miðjuflokkur felur ekki í sér að vera laus við pólitískar skoðanir. Það snýst um að meta hvert mál fyrir sig út frá rökum og staðreyndum en ekki út frá fyrir fram gefinni hugmyndafræði. Því verður svo að fylgja að menn séu tilbúnir að berjast fyrir því sem þeir telja rétt hverju sinni. Flokkur sem kennir sig við hina rökréttu leið verður líka að vera prinsippflokkur, því að ef menn standa ekki fastir á grundvallaratriðum í samtímanum eru þeir að auka á vanda framtíðarinnar.

Við eigum að vera tilbúin að samþykkja góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma og alltaf reiðubúin að ræða kosti og galla ólíkra leiða. Það er hin eiginlega framsóknarleið, að nálgast viðfangsefnin fordómalaust af skynsemi og rökhyggju. Þessu viðhorfi var lýst þannig af Hermanni Jónassyni, fyrrum formanni flokksins, að stefna Framsóknarflokksins væri hvorki til hægri né vinstri heldur beint áfram.

Framsóknarmenn vilja jákvæð og sterk samskipti við erlend ríki og samskipti Íslands við alþjóðasamfélagið sem best. Þar hefur Ísland mikið fram að færa og tækifærin eru mörg og mikilvæg. Framsóknarmenn vilja að allir þeir sem hafa eitthvað fram að færa um lausn þjóðfélagsmála fái tækifæri til að tjá skoðun sína og reyna að vinna henni fylgi áður en ákvarðanir eru teknar. Okkur ber að hlusta á góðar hugmyndir á málefnalegum grundvelli en ekki dæma þær út frá því hvaðan þær koma. Einungis þannig mun samfélaginu miða fram á við.

> Við eigum að vera tilbúin til að samþykkja góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma og alltaf reiðubúin til að ræða kosti og galla ólíkra leiða.

**Framsóknarstefnan á ætíð fullt erindi við Íslendinga**

Við lifum á sérstökum tímum í íslenskri sögu, tímum þar sem við okkur blasa bæði ógnir og ómæld tækifæri. En ógnirnar eru smávægilegar í samanburði við þau gífurlegu tækifæri sem Íslendingar standa frammi fyrir, rétt eins og stóð á þegar Framsóknarflokkurinn var stofnaður, rétt áður en Ísland varð fullvalda ríki og hóf mesta og lengsta framfaratímabil sem þjóðin hefur upplifað.

Framsóknarmenn hafa undanfarin tvö ár lagt fram ótal tillögur til lausnar á vandamálum sem að okkur steðja, ekki hvað síst varðandi efnahagsmál og atvinnumál. Hugleiknust hefur okkur verið staða heimilanna í landinu, skuldamálin. Þau eru brýnasta úrlausnarefnið.

Síðustu tvö ár hafa sýnt svo óhrekjandi er að þær tillögur sem við höfum lagt fram hafa sannað gildi sitt. Þessar tillögur eru byggðar á hinni skynsömu og rökföstu framsóknarstefnu, stefnu sem í 95 ár hefur hvað eftir annað verið helsti drifkraftur framfara og uppbyggingar í íslensku samfélagi.

Til að kveikja á ný slíka uppbyggingu, til að nýta þau ómældu tækifæri sem Ísland stendur frammi fyrir, þarf framsóknarstefnan að fá hljómgrunn, heyrast hátt og skýrt. Við þurfum stjórnvöld sem efla með íslensku þjóðinni kjark og von. Stjórnvöld sem veita stöðugleika og sýn á framtíðina. Það er engin ástæða til að Íslendingar geti ekki nú, eins og áður, fyllst bjartsýni og von. Og í raun eigum við að hafa meira en von. Við eigum að hafa trú. Óbilandi trú á bjarta framtíð Íslands.

Framsóknarflokkurinn var stofnaður fyrir 95 árum í krafti þeirrar vissu að íslensku þjóðinni væru allir vegir færir. Það á jafn vel við í dag eins og áður. Og við ætlum að standa undir nafni sem framsóknarmenn, við ætlum að vísa veginn fram á við, ganga á undan með trú á eigin mátt og bjarta framtíð Íslands að vopni. Kæru framsóknarmenn og góðir Íslendingar: Til hamingju með daginn.

# Frá degi til dags

## Gjaldeyrishöft

Eiríkur Bergmann
stjórnmálafræðingur



Vissulega er það rétt athugað hjá Kolbeini Óttarssyni Proppé, blaðamanni Fréttablaðsins, að menn ættu heldur að sitja á strák sínum en fullyrða um óorðnar niðurstöður í Icesave-málinu, eins og hann ræddi í dálki sínum Frá degi til dags í blaðinu í gær. Við vitum auðvitað ekki hvernig fer.

Um leið skensar Kolbeinn mig fyrir að hafa árið 2009 sagt að gjaldeyrishöftin brytu EES-samninginn. Að EFTA-dómstóllinn hafi í vikunni staðfest gildi þeirra. Því skulum við svo sannarlega fagna.

En nú er það svo að gjaldeyrishöft ganga almennt gegn meginhugmyndum innri markaðarins sem Ísland tengist í gegnum EES-samninginn. Því var sannarlega rétt að velta þeirri spurningu upp árið 2009 hvernig þetta tvennt gæti farið saman. Það var áleitin spurning.

Sem betur fer hafa samstarfsþjóðir okkar sýnt skilning í málinu. Hér var jú neyðarástand. Um leið og ég tek undir með Kolbeini um að menn ættu að varast of mikinn fullyrðingaflaum í flóknum álitamálum er rétt að halda því til haga að áhyggjur margra af gildi gjaldeyrishaftanna fyrir tveimur árum voru fyllilega réttmætar. Og eru raunar enn. Því tæpast vilja margir búa við viðamikil gjaldeyrishöft til langframa.



Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur óskar landsmönnum gleðilegra jóla.

# Jólakveðja
2011



## Sjóðurinn styrkir árlega fjölda aðila og meðal styrkþega í ár voru:

ADHD samtökin
Aðstoð vegna gossins í Grímsvötnum
Barnaspítali Hringsins
Björt mey og hrein
Bleikur október
Blúshátíð í Reykjavík 2011
Félag fíkniefnalögreglumanna
Foreldrafélag leikskólans Lyngholt í Fjarðabyggð
Forvarnarfyrirlestrar Benna Kalla
Heimildarmynd um sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna
Hestamannafélagið Hörður - fræðslunefnd fatlaðra
Hestamannafélagið Máni - Íslandsmót barna
Hjálparstarf kirkjunnar
Hjálpræðisherinn
Hjálparsveit skáta í Garðabæ
Hollvinir Húna - vegna fræðslu til barna
Íslandsmeistaramótið í skák - skákkennsla í skólum
Íþróttasamband lögreglumanna
Júdódeild Ármanns
Kastað til bata - Krabbameinsfélag Íslands
K-Dagurinn
KFUM - sumarbúðir barna með ADHD
Klakarnir - skíðaþjálfun fyrir fötluð börn
Krabbameinsdeild LSH
Körfuboltaskóli Tindastóls
Lionsklúbburinn Muninn og Vímulaus æska
Lífsýn forvarnir og fræðsla
Líknardeild Landspítalans
Lúðrasveit Reykjavíkur
Lögreglufélag Reykjavíkur - Unglingarnir og sakaskráin
MND félagið
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar
Mæðrastyrksnefnd Kópavogs
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Námsferð vegna kennslu einhverfra barna
Rauði krossinn í Fjarðabyggð
Rjóðrið - hvíldar- og hjúkrunarheimili
Sérkennsludeild Lágafellsskóla
Sjálfsstyrkingarnámskeið - stúlkur í 10. bekk
Skammtímaheimili fyrir unglinga í Reykjavík
Skákbúðir Fjölnis
Skógrækt Kópavogs
Slysavarnahúsið
Sundfélag Akraness
Taugalækningadeild LSH
Tónlistarhátíðin Bergmál
UMF Selfoss
Umhyggja
UN Women á Íslandi
Unglingadeild Knattspyrnudeildar ÍA
Unglingasmiðjurnar Tröð og Stígur
UNICEF
Vinir Skaftholtsrétta
Þjóðlagahátíð á Siglufirði 2011

INTERSPORT ELKO KRÓNAN BYKO
HÚSGAGNAHÖLLIN NÓATÚN KJARVAL

www.norvik.is
NORVIK

EXPO • www.expo.is

# Leyndarmál Kiljunnar: Hver var Arnliði Álfgeir?

Menning
Freyr Þórarinsson
heimilisfaðir



Sjónvarpsþættinum Kiljunni lýkur jafnan á því að Bragi bóksali dregur fram einhverjar bækur og pappíra til að sýna Agli þáttastjórnanda og lætur þeim gjarnan fylgja kjaftasögur um nafngreinda einstaklinga. Þetta er þjóðleg skemmtun hér í fámenninu, enda fylgt þeirri meginreglu að góð saga þarf ekki endilega að vera sönn.

Núna á miðvikudagskvöldið, hinn 14. desember, bar það til að ein slúðursagan var um föður minn heitinn, Þórarin Guðnason lækni. Tilefnið var ljóðabók sem út kom fyrir hálfri öld og nefnist Kirkjan á hafsbotni, en höfundur skýldi sér bak við dulnefnið Arnliði Álfgeir. Inni í eintaki Braga var blaðsnepill sem á var letrað „Líklega Þórarinn Guðnason“ og sagði Bragi að það væri rithönd Jóns úr Vör, sem hefði þá talið að faðir minn væri höfundur ljóðabókarinnar.

Ég kann aðra sögu um réttan höfund þessarar litlu bókar sem mér þykir trúlegri. Þannig bar eitt sinn til í spjalli okkar feðga að mér varð af ákveðnu tilefni tíðrætt um þá döpru staðreynd að kjaftasögur er aldrei hægt að kveða alveg niður. Þá sagði pabbi mér söguna af þessari ljóðabók sem ég hafði aldrei fyrr heyrt nefnda.

Dag einn hafði kunningi hans sagt honum frá því að í spjaldskrá Landsbókasafnsins væri skrifað á spjaldið fyrir umrædda ljóðabók að líklegur höfundur væri Þórarinn Guðnason. Pabbi fór að grennslast fyrir um þetta og þá var honum sagt að einhverjir starfsmenn safnsins hefðu fengið kunnan bókmenntamann til að skrifa með ritblýi á skráningarspjöld bóka sem út komu undir dulnefnum hverjir væru líklegir höfundar þeirra. Sá hefði eignað pabba bókina. Ég ætla ekki að nafngreina manninn en verð þó að taka fram að það var ekki Jón úr Vör.

Nú-nú, pabbi kemur að máli við manninn og sá gengst greiðlega við því að hafa krotað þetta í spjaldskrána. Pabbi segir honum að þetta sé ekki rétt, hann sé ekki höfundur bókarinnar, en hinn lætur sig ekki svo auðveldlega. Hann segist hafa það eftir þeim sem prentuðu bókina að faðir minn hafi gengið frá henni til prentunar og enginn annar komið að því verki. Rétt er það, segir pabbi, en á því er sú skýring að höfundur bókarinnar er sjúklingur minn og kom með hana til mín á læknastofuna og bað mig að gera þetta fyrir sig í fyllsta trúnaði, því ljóðin í bókinni eru ástarjátning til einnar konu og sú ást er í meinum.

Ekki dugir þetta til að ég trúi þér, segir skrásetjarinn, til þess verður þú að segja mér hver er réttur höfundur bókarinnar. Það get ég ekki gert, segir pabbi, því það er trúnaðarmál, en ég skal segja þér af hverju þetta verður að vera leyndarmál. Það er vegna þess að höfundurinn er ekki karlmaður heldur kona, gift þjóðkunnum manni, og hann veit ekkert um ást hennar til annarrar konu. Þessu get ég vel trúað, sagði hinn þá, og blýantskrotið skal ég fjarlægja úr spjaldskrá Landsbókasafnsins.

En kjaftasögur verða ekki svo auðveldlega kveðnar niður og þessi er nú meira að segja orðin skemmtiefni í sjónvarpi allra landsmanna. Ég vil því koma minni sögu á framfæri, bæði af því að hún er betri saga og auk þess trúlega sönn.







# Stærsta rán Íslandssögunnar

Sjávarútvegsmál
Vilhelm Jónsson
fjárfestir og fv. atvinnurekandi



Samkvæmt úrskurði Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna brýtur núverandi kvótakerfi á mannréttindum okkar og er til þess fallið að hamla nýliðun og jöfnun í sjávarútvegi með óbreyttu fyrirkomulagi. Ísland hefur samþykkt og undirritað og fullgilt alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi til að virða úrskurðarvald mannréttindanefndarinnar í kærumálum um meint brot á samningum og skuldbundið sig að þjóðarrétti til að fylgja niðurstöðum hennar eftir. Úr Þskj. 575 – 339. Máli, 135. Löggjafarþing 2007 -2008.

Samfylkingin og VG lofuðu að innkalla gjafakvótann til LÍÚ þegar þeir kæmust til valda með 5% fyrningarleiðinni, loka ætti fyrir framsal og veðsetningu og setja fiskveiðiheimildir á markað. Kosningaloforð flokkanna var ekkert annað en skrumskæling og aðeins til þess fallið að blekkja almenning til að ná völdum. Því miður virðist margt benda til að stjórnmálamenn séu siðblindir og séu ekki að hugsa um almannahag, að minnsta kosti margir þeirra.

Það var enginn málefnaágreiningur um innköllun kvótans þegar flokkarnir tveir voru að reyna að komast til valda, þar sem stjórnarsáttmálinn gekk út á innköllun kvótans. Ef fram fer sem horfir stefnir í að ríkisstjórnin fremji einn stærsta glæp gagnvart þjóð sinni að standa ekki við kosningaloforð um innköllun kvótans. Lögum og reglum er hagrætt eftir hvað hentar best hverju sinni, og að eigin geðþótta til að réttlæta vafasamar ákvarðanir.

Foringjaræðið er algjört, sem sýnir sig best í því gegnum árin hvernig ákvörðunum og sýndarmennsku hjá flokksforingjum hefur verið háttað, t.d. með upphrópunum um að þeir ætli og geti kannski hugsað sér þetta svona og svona, jafnvel megi almenningur kjósa um fiskveiðistefnuna ef þeim skyldi þóknast það, eða eftir því hvernig þeir sjá þetta fyrir sér hverju sinni.

Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin skyldi reyna að leysa kvótadeiluna með því að skipa í samningsnefnd sem oft er vitnað í fyrir hönd ríkisstjórnar Björn Val, sem er ekkert annað en málsvari Guðmundar Kristjánssonar í útgerðarfélaginu Brimi, og bæjarstýruna á Dalvík, Svanfríði Jónasdóttur, sem er málsvari Samherja, þar sem hagsmunatengsl virðast augljós hjá þeim báðum, enda var ekki mikill málefnaágreiningur hjá þeim að ná samkomulagi við LÍÚ þar sem allt á að vera eftir þeirra höfði.

> Sumir þykjast hafa keypt 90% kvótans og fengið 10% gefins, þótt því sé oft öfugt farið...

Stjórnarformaður LÍÚ er útgerðarmaður en hann er einnig í umsvifamiklum hótelrekstri, hann fer kannski fram á að loka öllum gistiheimilum í landinu til að hámarka arðsemi hótela, sem í kjölfarið myndi hámarka arðsemi hans enn meira? Þetta mætti gera í ýmsum öðrum greinum með hagræði og arðsemi að leiðarljósi öllum til hagsbótar miðað við hvaða sýn þeir hafa og vilja sjá hlutina í.

Það hefur jafnt og þétt sigið á ógæfuhliðina hjá þjóðinni eftir að kvótakerfi var sett á 1983 og heilu byggðarlögin voru lögð í rúst með tilheyrandi skuldasöfnun, þar sem nýir ofurríkir sægreifar hafa skekkt alla samkeppnisstöðu með braski og framsali. Öðru hverju er einn og einn skipsverji á ofurlaunum og aðrir hagsmunaaðilar í greininni, sem reyna að verja þetta svínarí með staðlausum óróðri.

Ríkisstjórnin fékk gott tækifæri til að laga þetta kerfi þegar Landsbankinn yfirtók ÚA af Brimi og seldi Samherja, að viðkomandi kvóti skyldi þá ekki vera innleystur og úthlutað til byggðarlaga sem hafa lítinn kvóta! Það er skiljanlegt að þeim útgerðarmönnum sem keyptu kvóta sé umbunað, en þó ekki þeim sem fengu kvótann mest allan gefins.

Sumir þykjast hafa keypt 90% kvótans og fengið 10% gefins, þó því sé oft öfugt farið. Þá hefði þeim mátt vera ljóst að þetta var sameiginleg auðlind þjóðarinnar sem átti ekki að selja eða veðsetja! Þetta núverandi kerfi er ekki betra en svo að það eru afskrifaðar skuldir hjá útgerðum um allt land upp á hundruð milljarða sem skattgreiðendur eiga svo að borga til að viðhalda þessum þjófnaði. Þetta kerfi á svo að reyna að réttlæta og endurnýja til næstu 23 ára ef ekki lengur.

Það er með ólíkindum að þessi norræna velferðarstjórn skuli ekki hafa séð sóma sinn í að draga saman útgjöld í utanríkismálum t.d. með því að loka sendiráðum og draga úr ferðakostnaði erlendis. Á sama tíma er þúsundum heimila að blæða út og dregið er saman í heilbrigðiskerfinu með lokunum, sem er til þess fallið að auka enn á hörmungar almennings. Það hefði verið hægt að lágmarka þessar aðhaldsaðgerðir ef stjórnvöld hefðu fylgt sínum kosningahugsjónum með veiðileyfagjaldi og innköllun kvótans, þar sem núverandi fiskveiðistefna er ekkert annað en þjófnaður og hryðjuverk við þjóðina, sem viðgengst helst í bananalýðveldi.

# Upplýsingar frá Mænuskaðastofnun Íslands

Heilbrigðismál
Auður Guðjónsdóttir
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands



Eins og ýmsum er kunnugt samþykkti Norðurlandaráð íslenska tillögu um mænuskaða á þingi sínu í nóvember sl. Efni tillögunnar var að ráðið setti á laggirnar starfshóp lækna og vísindamanna með það hlutverk að skoða þá vísindaþekkingu á mænunni sem nú er til staðar og skoða hvort mögulegt væri að samþætta hana svo að leggja mætti skipulagðan grunn að þróun lækningastefnu fyrir mænuskaða. Þessi góði árangur náðist vegna ötullar vinnu og samstöðu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, forsætisráðherra og 8.500 íslenskra kvenna sem rituðu nöfn sín í bænaskrá sem Siv Friðleifsdóttir formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs afhenti forseta ráðsins með glæsibrag á þinginu. Texta bænaskrárinnar má sjá á www.is.isci.is undir yfirskriftinni: Bænaskrá frá íslenskum konum til Norðurlandaráðs um leit að lækningu á mænuskaða.

**Ferlið og þáttur velferðarráðuneytis**

Ferlið hjá Norðurlandaráði gengur þannig fyrir sig að nú mun embættismannanefnd ráðsins taka við. Hennar hlutverk er að skoða þær tillögur sem Norðurlandaþingið samþykkti í nóvember og bera fram tillögur til ráðherranefndar Norðurlandaráðs um hvernig samþykktum tillögunum verði best komið í framkvæmd. Tillaga um mænuskaða er þar innifalin. Í ferlinu mun velferðarnefnd Norðurlandaráðs fylgjast með afdrifum sinnar tillögu. Auk þess eiga sæti í embættismannanefndinni tveir embættismenn úr íslenska velferðarráðuneytinu ásamt því sem íslenski velferðarráðherrann á sæti í norrænu ráðherranefndinni um velferðarmál. Mænuskaðatillögunni ætti því ekki að verða í kot vísað.

**Þáttur forsetans og utanríkisráðuneytis**

Fyrir nokkru heimsótti Ísland Jean Todt, forseti Alþjóða akstursíþróttasambandsins (FÍA). Tilgangur ferðar hans var að vekja athygli forseta Íslands og íslenskra stjórnvalda á átaki Sameinuðu þjóðanna gegn umferðarslysum sem standa mun yfir næsta áratug. Á fundi hans með forsetanum áttaði hinn glöggi forseti okkar sig strax á samhengi átaksins og mænuskaða en nær helmingur þess fólks sem hlýtur mænuskaða í slysum og lamast, hlýtur skaðann í umferðarslysum.

> Þessi góði árangur náðist vegna ötullar vinnu og samstöðu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, forsætisráðherra og 8.500 íslenskra kvenna…

Forsetinn leitaði því eftir við Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) að félagið kæmi á sambandi mínu og forseta FÍA sem gert var, en FÍB er öllum hnútum kunnugt innan FÍA og ríkir þar á milli mikill vinskapur. Í framhaldi af þessu hefur bæði forsetinn og sendiherra okkar í París haft samband við aðila innan FÍA og leitað eftir að félagið styðji væntanlegar framkvæmdir Norðurlandaráðs um mænuskaða. Svör FÍA við þeirri bón hafa verið jákvæð. Á þessari stundu er ekki mögulegt að segja í hverju stuðningur FÍA verður fólginn en það mun væntanlega skýrast á árinu 2012.

**Þakkir til Íslendinga**

Það væri ómetanlegt ef okkur Íslendingum auðnaðist að eiga frumkvæði að því að tvær sterkar alþjóðastofnanir, Norðurlandaráð og FÍA, tækju höndum saman og hrintu af stokkunum átaki í þágu lækninga á mænuskaða. Sú er mín tilfinning að þá myndu stórstígar framfarir verða á sviðinu og ekki veitir af. Með samþykkt Norðurlandaráðs og jákvæðu viðhorfi FÍA erum við nú þegar komin rúmlega hálfa leið í þeim efnum.

Að endingu vil ég þakka Íslendingum fyrir ómetanlegan stuðning við hugsjón mína og vona að þessi mikla barátta til breytinga á viðhorfi til meðhöndlunar á mænuskaða eigi eftir að koma öllu mannkyni til góða og færa Íslandi heiður heim í tímans rás.

Nikon

*At the heart of the image*




# I AM MERRY CLICKMAS

## D5100 18-55VR kit

Frábær stafræn SLR myndavél með 16.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi,HDR myndatöku, háu ljósnæmi (ISO 100-6400) sem má framlengja í 25800, Live View og stórum hreyfanlegum 3" LCD skjá.

***Verð 149.995.-***

TILBOÐ! MEÐ **NIKON D5100 18-55VR KIT**
FYLGIR NÚ SB-400 FLASS (VERÐMÆTI 34.995 kr.)



Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst
byrjendanámskeið að verðmæti kr 10.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# Vantrú og HÍ

Trúmál
Pétur Björgvin Þorsteinsson
djákni



Nokkur umræða hefur spunnist síðustu daga í kjölfar fréttaflutnings fjölmiðla af málþófi því sem hefur átt sér stað innan veggja HÍ frá því í febrúar 2010. Það er miður að siðanefnd HÍ, háskólayfirvöld og málsaðilar hafi ekki náð samstöðu um að færa málið í málefnalegan farveg.

Upphaf þessa máls má rekja til þriggja kærubréfa frá félaginu Vantrú á hendur stundakennaranum Bjarna Randveri Sigurvinssyni, m.a. til siðanefndar HÍ. Viðbrögð siðanefndar HÍ voru þau að reyna að koma málshefjanda og guðfræði- og trúarbragðafræðideild að einhvers konar sáttaborði.

Það sem mér þykir furðulegast í því samhengi er að svo virðist sem siðanefnd hafi ekki ætlað sér að bjóða hinum kærða stundakennara að þessu sáttaborði, heldur gert þess í stað ráð fyrir að hvers kyns sættir hlytu að vera bundnar ávítum gegn honum.

Óháð rannsóknarnefnd, sem skipuð var til þess að fara yfir þetta mál, gerir í skýrslu sinni sem kom út í haust alvarlegar athugasemdir við það verklag siðanefndar að eiga í óformlegum samskiptum við málshefjanda. Þá er fundið að því að nefndin aflaði ekki á kerfisbundinn hátt upplýsinga um málið og hafi ekki farið eftir 1., 4., 5. og 6. gr. eigin starfsreglna sem jafnframt eru áréttaðar í sjálfum siðareglum skólans. Þrátt fyrir þessi alvarlegu mistök virðist HÍ ekki ætla að bæta Bjarna Randveri það tjón sem hann hefur orðið fyrir.

> Ég vil ekki trúa því að HÍ hafi ekki metnað til að styðja starfsmann sinn og gæta um leið hagsmuna fræðasamfélagsins í þessu samhengi. HÍ hlýtur að eiga eftir að bregðast frekar við skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

## Hver gætir hagsmuna (fræða)samfélagsins?

Ég vil ekki trúa því að HÍ hafi ekki metnað til að styðja starfsmann sinn og gæta um leið hagsmuna fræðasamfélagsins í þessu samhengi. HÍ hlýtur að eiga eftir að bregðast frekar við skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Ég spyr hvort það geti verið að ef ekki hefði ítrekað komið til stuðningur háskólaprófessora og kennara úr ýmsum deildum HÍ, þá sætum við sem samfélag uppi með þá staðreynd að geðþótti en ekki fagleg vinnubrögð réðu málalyktum í svona undarlegu máli?

Í mínum augum er einstakur kennari ekki án samhengis. Allt efni sem sett er fram á vettvangi háskóla er bæði í fræðilegu samhengi (að baki því eru ákveðnar kenningar fræðimanna, námskeiðslýsing…) og í stjórnsýslulegu samhengi (að baki kennaranum er deild, svið…). Siðanefndin er líka í samhengi. Hún er bundin starfsreglum, siðareglum, landslögum og stjórnarskrá. Því hlýtur það að teljast álitshnekkir fyrir HÍ þegar umræða um óánægju utanaðkomandi hóps kemst aldrei í málefnalegan farveg innan stofnunarinnar vegna rangrar málsmeðferðar en fer þess í stað fram að stórum hluta í dagblöðum og á vefnum. Hver eru áhrif þess? Mun það ekki t.d. fæla aðra frá því að koma athugasemdum á framfæri innan háskóla?

Vert er að halda því til haga að hinn kærði vildi, frá þeim tímapunkti sem honum var kunnugt um margþætt brot siðanefndarinnar á eigin starfsreglum í málsmeðferð sem virtist mjög hlutdræg, að skipuð yrði ný siðanefnd til að tryggja faglega málsmeðferð. Til þess kom ekki enda vildi siðanefndin ekki víkja vegna vanhæfis og Vantrú gat ekki hugsað sér nýja siðanefnd. Fyrir vikið fékk kæra Vantrúar aldrei málefnalega umfjöllun á vettvangi siðanefndar HÍ, þar sem félagið dró hana til baka eftir að átök höfðu staðið yfir í annað ár, m.a. um hæfi siðanefndar.

Það er miður, því að hagsmunum fræðasamfélagsins sem og almennings í landinu hlýtur að vera best borgið þegar hvers konar ágreiningur fær málefnalega umfjöllun, hvort sem hún felst í því að kæru sé vikið frá eða hún tekin til efnislegrar meðferðar í samræmi við starfsreglur siðanefndar.

## Fólki er brugðið

Upp úr stendur að fjölda fólks er verulega brugðið yfir því öngstræti sem þetta mál hefur ratað í. Mér þykir mjög miður að það skuli snúast um persónu stundakennarans. Bjarni Randver Sigurvinsson fær þá einkunn hjá langflestu af samferðafólki sínu að hann sé einstaklega samviskusamur og að þekking hans sé yfirgripsmikil. Af því sem ég þekki Bjarna Randver á ég ekki von á því að hann telji að allt efni sem frá honum komi sé fullkomið, enda maðurinn sér meðvitaður um annmarka eigin fræðasviðs auk þess sem hann hvetur nemendur sína bæði munnlega og skriflega til að meta allt sem frá honum kemur með gagnrýnu hugarfari. Hann hafnar því hins vegar alfarið að hann hafi gerst brotlegur við siðareglur HÍ og er fjöldi háskólakennara sammála honum þar.

Hvert fræðasvið hefur sína annmarka og snýr þróun fræðanna jú sífellt að því að fengist er við þessa annmarka. Með rannsóknum og ritrýni, sem og öllum öðrum þeim tækjum sem fræðimennskunni stendur til boða, leitast fræðimaðurinn við á hverjum tíma að þróa fræðin og bæta nýrri þekkingu í sarpinn. Að ráðist sé á persónu fræðimannsins vegna þess að einhver sé ósáttur við aðferðir viðkomandi fræðigreinar er aðför að háskólastarfi í landinu. Við það verður ekki unað.

*Höfundur er einn þeirra sem staðið hafa fyrir fjársöfnun til stuðnings Bjarna Randver.*

AF NETINU

## Nei, takk við sölu á Landsvirkjun

Lífeyrissjóðirnir bera sig aumlega þessa dagana yfir að hafa ekki fengið að kaupa hlut í Landsvirkjun, Landsneti eða Landsbankanum. Sérfræðingarnir Ásgeir Jónsson og Sigurður Jóhannesson lögðu nýlega til að Landsvirkjun og önnur orkufyrirtæki yrðu gerð að almenningshlutafélögum og hluti einkavæddur. Sambærilegt ferli var viðhaft á sínum tíma þegar bankarnir voru einkavæddir.

Þessi umræða vekur upp tilfinningu af déjà vu frá 2007. Þá skrifaði ég pistil undir fyrirsögninni Hryllingssaga af raforkumarkaðnum í tilefni þess að ýmsir voru farnir að tala fyrir því að einkavæða orkufyrirtækin og horfðu þá til einkavæðingar bankanna sem ákveðinnar fyrirmyndar.

Þar benti ég á mikilvægi þess að læra af reynslu annarra.

Svíar hafa einkavætt hluta af orkufyrirtækjunum á meðan hluti er ennþá í eigu hins opinbera (sveitarfélaganna). Skv. skýrslu sem unnin var um málið bjóða opinber raforkufyrirtæki að jafnaði 24,% lægra verð en einkarekin og 16% lægra en þrjú stærstu einkafyrirtækin. Gildir það hvort sem litið er til einstaklinga eða fyrirtækja. Hagnaður hinna opinberu er eitthvað lægri en þeirra einkareknu en svo sem ekkert til að fúlsa við (20-30%).

Ég hef mjög takmarkaðan áhuga á að styðja við einkavæðingu orkufyrirtækjanna ef árangurinn fyrir almenning á að vera hærra verð og lélegri þjónusta.

blog.eyjan.is

Eygló Harðardóttir



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



YFIR 500 NÝJAR BÆKUR

33% AFSLÁTTUR
**3.990 kr.**
Verð áður 5.990 kr.
**Einvígið**
Arnaldur Indriðason

25% AFSLÁTTUR
**2.990 kr.**
Verð áður 3.990 kr.
**Gamlinginn**
Jonas Jonasson

30% AFSLÁTTUR
**4.190 kr.**
Verð áður 5.990 kr.
**Málverkið**
Ólafur Jóhann Ólafsson

# Bækur á bónusverði

33% AFSLÁTTUR
**3.990 kr.**
Verð áður 5.990 kr.
**Konan við 1000°**
Hallgrímur Helgason

25% AFSLÁTTUR
**2.990 kr.**
Verð áður 3.990 kr.
**Víti í Vestmannaeyjum**
Gunnar Helgason

25% AFSLÁTTUR
**2.990 kr.**
Verð áður 3.990 kr.
**Játningar mjólkurfernuskálds**
Arndís Þórarinsdóttir

30% AFSLÁTTUR
**4.190 kr.**
Verð áður 5.990 kr.
**Hálendið**
Steinar Bragi

31% AFSLÁTTUR
**2.590 kr.**
Verð áður 3.790 kr.
**Náttúrgripasafnið**
Sigrún Eldjárn

33% AFSLÁTTUR
**3.990 kr.**
Verð áður 5.990 kr.
**Trúir þú á töfra?**
Vigdís Grímsdóttir

30% AFSLÁTTUR
**3.990 kr.**
Verð áður 5.690 kr.
**Frönsk svíta**
Irène Némirovsky

30% AFSLÁTTUR
**4.190 kr.**
Verð áður 5.990 kr.
**Ríkisfang: ekkert**
Sigríður Víðis Jónsdóttir

A4

Smáratorgi 1, Kópavogi + sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Dalsbraut 1, Akureyri + sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is

**Skrifstofa og skóli**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GEIR HALLGRÍMSSON** forsætisráðherra og seðlabankastjóri (1925-1990) fæddist þennan dag.

*„Vissulega metum við fegurð landsins og kosti svo að við vildum hvergi annars staðar búa."*



## 50 ára afmæli

Þorlákur Víkingur Morthens

á 50 ára afmæli laugardaginn 17. desember.

Tek á móti ættingjum og vinum á Hverfisgötu 125, gengið inn baka til á efstu hæð.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haukur Dan Þórhallsson**

fyrrverandi skipstjóri,
Garðatorgi 7, Garðabæ,

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 21. desember kl. 15.00.

**Anna Heiðdal**
**Sigurður Heiðdal Hauksson** **Anna Kristín Hreinsdóttir**
**Þórhallur Hauksson** **Fanney Helga Hannesdóttir**
**Jóhanna Hauksdóttir** **Sigurður Skúli Bárðarson**
**Knútur Grétar Hauksson** **Sigrún Bragadóttir**
**Anna Hauksdóttir** **Vignir Jakob Sveinsson**
**Jóhanna Kristín Hauksdóttir** **Örlygur Örn Oddgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Marteinsson O'Leary**

fyrrv. hjúkrunarforstjóra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Foldabæ og á Droplaugarstöðum.

**Katrín Guðmundsdóttir** **Guðni Oddsson**
**Guðmundur Guðnason** **Alma María Rögnvaldsdóttir**
**Eva Hrönn Guðnadóttir** **Þór Vilhelm Jónatansson**
**Marteinn Guðmundsson**
**Katrín Guðmundsdóttir**

---



†

*Okkar ástkæra*

**Lilja Margrét Oddgeirsdóttir (Lillý)**

Hólmgarði 33,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 4. desember, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 19. desember kl. 15.00.

**Kristjana Gisela Herbertsdóttir**
**Sveinn Oddgeir Paulsson** **Mariann Koudal Oddgeirsen**
**Anna Þóra Paulsdóttir** **Páll Þór Pálsson**
**Paul Ragnar Kummer** **Đao Thi Phuong**
**Helena Alma Ragnarsdóttir** **Jón Ingvar Ragnarsson**
**Sigurður Egill Ragnarsson** **Bryndís S. Halldórsdóttir**
**Sonja Valdemarsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

HEILDARÚTGÁFA HJÁLPUM ÞEIM: AFHENT HJÁLPARSTOFNUN KIRKJUNNAR

# Ómetanlegur stuðningur

„Fyrir okkur er ómetanlegt að eiga slíka velunnara," segir Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar, en Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmaður afhenti Jónasi heildarútgáfu lagsins Hjálpum þeim, við athöfn í Neskirkju á miðvikudag.

Lagið, sem er eftir Jóhann G. og Axel Einarsson, var fyrst gefið út árið 1985 og endurútgefið árið 2005 í flutningi nýrra listamanna. Nú hefur verið útbúin heildarútgáfa sem inniheldur nýja útgáfu lagsins á ensku, fyrri útgáfurnar tvær auk myndbanda og sögu lagsins. Þá fylgir einnig ósungin útgáfa og undirleikur en við athöfnina í Neskirkju söng Barnakór Öldutúnsskóla lagið við undirleik af disknum.

„Við Axel hugsuðum ensku útgáfuna sem hvatningu frá Íslandi til umheimsins um að bregðast við hörmungunum í Austur-Afríku," segir Jóhann G.

„Þarna eru milljónir mannslífa í húfi og ákveðið sinnuleysi af hálfu alþjóðasamfélagsins í gangi. Það var mjög fallegt að heyra barnakórinn syngja lagið í Neskirkju en það hefur verið draumur okkar Axels að heyra það flutt af barnakór, þannig verður lagið og boðskapur textans enn þá sterkari," segir Jóhann.

Allur ágóði af sölu disksins rennur til Hjálparstofnunar kirkjunnar og segir Jónas Þórir stuðninginn ómetanlegan.

„Ég hef stundum sagt að sennilega hefur engin ein stétt lagt góðum málefnum jafn mikið lið og tónlistarmenn gegnum tíðina, að öðrum ólöstuðum. Þarna gefa fleiri hundruð manns vinnu sína við vinnslu lagsins sem er tileinkað okkur. Listamennirnir sjá um alla vinnuna og við erum þiggjendur. Það er ekki alltaf svoleiðis en yfirleitt þurfum við að hafa mikið fyrir því að safna fé. Þeir vinna þetta af mikilli fórnfýsi og kærleika," segir Jónas Þórir.

„Með þessari heildarútgáfu höfum við komið laginu endanlega á heimastöð," segir Jóhann en hann og Axel hafa gengið svo um hnúta að allar höfundarréttargreiðslur af laginu renna beint til Hjálparstofnunar kirkjunnar.

„Við vonumst einnig til að í framtíðinni haldi áfram að koma út nýjar og nýjar útgáfur af laginu og þannig verði viðhaldið stuðningi við Hjálparstofnun kirkjunnar," segir Jóhann.

heida@frettabladid.is



**HJÁLPUM ÞEIM Á HEIMASTÖÐ** Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar, tók við heildarútgáfu lagsins Hjálpum þeim úr höndum Jóhanns G. Jóhannssonar í Neskirkju. Barnakór Öldutúnsskóla söng lagið við athöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

---



†

*Okkar kæra*

**Ágústa R. Júlíusdóttir**

áður til heimilis að Fornhaga 17,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 6. desember, verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 19. desember kl. 15. Starfsfólki Sóltúns eru færðar þakkir fyrir frábæra umönnun. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á hjúkrunarheimilið Sóltún.

**Sigurður Júlíusson** **Hulda Sigurðardóttir**
**Hólmfríður Júlíusdóttir**
**Elín Pálmadóttir**
**Sólveig Pálmadóttir**
**Helga Pálmadóttir** **Helgi G. Samúelsson**
**frændsystkin og ömmubörn.**

---



†

*Okkar ástkæri unnusti, sonur og bróðir,*

**Ingi Þór Hafbergsson**

Frostafold 42, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans þriðjudaginn 13. desember, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Anna Birna Þorvarðardóttir**
**Freydís Harðardóttir** **Hafberg Magnússon**
**Lára Ósk Hafbergsdóttir**
**Sóley Dögg Hafbergsdóttir** **Sigvaldi Þorsteinsson**
**Tristan Ýmir**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorlákur Sigurðsson**

Garði, Grímsey,

verður jarðsunginn frá Miðgarðakirkju í Grímsey mánudaginn 19. desember klukkan 14.00.

**Hulda Reykjalín Víkingsdóttir**
**Sigurður Þorláksson** **Marna Wakely**
**Sigrún Þorláksdóttir** **Gylfi Þorgeir Gunnarsson**
**Inga Þorláksdóttir** **Jón Skúli Sigurgeirsson**
**Guðlaugur Óli Þorláksson** **Aðalbjörg Þórólfsdóttir**
**Kristjana Jóna Þorláksdóttir** **Rúnar Andrew Jónsson**
**Birna Dagbjört Þorláksdóttir** **Smári Kristinsson**
**Þorlákur Þorláksson** **Sæunn Helga Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Okkar ástkæri sonur, faðir, tengdafaðir, unnusti, bróðir og mágur,*

**Ragnar Leifur Þrúðmarsson**

rafvirki,
Hoffelli, Hornafirði,

andaðist föstudaginn 9. desember. Útför hans verður gerð frá Hoffellskirkju laugardaginn 17. desember kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa Hoffellskirkju njóta þess.

**Hólmfríður Leifsdóttir** **Þrúðmar Sigurðsson**
**Snæbjörn Sölvi Ragnarsson**
**Þrúðmar Kári Ragnarsson** **Waraporn Chanse**
**Hildur Björg Ragnarsdóttir** **Heiðar Ingi Eggertsson**
**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
**Þrúðmar Þrúðmarsson** **Ingibjörg Æ. Steinsdóttir**
**Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir** **Sigurbjartur Pálsson**
**Rúnar Þrúðmarsson** **Erna Hlín Þórðardóttir**



**Síðustu stofuupplestrarnir á Gljúfrasteini** fyrir jólin verða síðasta sunnudag í aðventu. Þá munu Hallgrímur Helgason, Vigdís Grímsdóttir, Yrsa Sigurðardóttir og Steinunn G. Helgadóttir koma í stofuna og lesa úr bókum sínum.




EXPO · www.expo.is

# LEIKHÚS-MATSEÐILL

**Forréttur**

**Laxatvenna – reyktur og grafinn lax**



**Aðalréttir**

**Bleikja & humar með hollandaise sósu**
Brasserað fennell, kartöflustappa og ostrusveppir



eða...

**Grillað Lambafille**
Með rófutvennu, sveppakartöflum og bláberja anís kjötsósu



**Eftirréttur**

**Jack Daniel's súkkulaðikaka**
Djúpsteiktur ís og súkkulaðihjúpuð jarðarber



**Þriggja rétta máltíð á 4.900 kr.**

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is


**Úlfar Finnbjörnsson er tilnefndur til Gourmand-verðlaunanna fyrir bestu matreiðslubók ársins.**



Bók Úlfars, Stóra bókin um villibráð, er alfræðirit um nýtingu villibráðar. Bókin er uppfull af uppskriftum en hér er hann með reykta hreindýrarúllur með sesamosti og rauðrófusósu og hefrunarandalín með piparrótarosti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Veit bara ekki alveg hvernig ég á að haga mér

Tilnefningar til hinna virtu Gourmand-verðlauna (Gourmand World Cookbook Award) voru tilkynntar í síðustu viku og voru fimm íslenskar matreiðslubækur útnefndar í jafn mörgum flokkum. Þar á meðal var Stóra bókin um villibráð eftir matreiðslumeistarann Úlfar Finnbjörnsson, en hún var tilnefnd í flokknum besta matreiðslubók ársins 2011, sem er jafnframt eftirsóttasti flokkurinn. Úlfar fetar þar í fótspor Völundar Snæs Völundarsonar, sem var tilnefndur árið 2007 fyrir bókina Delicious Iceland í sama flokki og hreppti að lokum hnossið.

„Þetta er auðvitað mikill heiður og ég veit ekki alveg hvernig ég á að haga mér,“ segir Úlfar, en bókin hans er í raun alfræðirit fyrir allt áhugafólk um nýtingu villibráðar. „Ég tek fyrir alla villibráð sem má veiða á Íslandi og kenni hvernig hægt er að nýta hverja bráð fyrir sig frá A til Z.“ Úlfar segir nýtingu manna á villibráð oft dræma. „Það er synd og mér finnst það vanvirðing við náttúruna. Menn hafa borið því við að þeir kunni ekki til verka en með tilkomu bókarinnar er það engin afsökun,“ segir Úlfar. Bókin er uppfull af uppskriftum og aftast eru aðferðir við að laga flóknari rétti sýndar skref fyrir skref. Ljósmyndir eftir Karl Petersson prýða bókina ásamt teikningum eftir Jón Baldur Hlíðberg.

Auk Úlfars hlutu Völundur Snær Völundarson og Haukur Ágústsson tilnefningu fyrir bókina Silver of the Sea í flokknum besta fiskmatreiðslubók ársins og Sigurveig Káradóttir fyrir bókina Sultur allt árið í flokknum besta sérhæfða matreiðslubókin. Þá hlutu hjónin Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson tilnefningu í flokknum besta hönnunin fyrir bókina Góður matur gott líf. Í takt við árstíðirnar og Nanna Rögnvaldardóttir fyrir bókina Jólamatur Nönnu í flokknum auðveldustu uppskriftirnar, en þetta er í þriðja sinn sem hún er tilnefnd.

Mikill fjöldi bóka berst árlega í keppnina frá fjölmörgum löndum. Í ár voru þær sex þúsund frá 162 löndum. Úrslit keppninnar verða kunngjörð 6. mars 2012.

*vera@frettabladid.is*




**Tískutímaritið ELLE** er eitt það vinsælasta í heimi. Nýlega voru útbúnar útgáfur af blaðinu fyrir iPad og iPhone svo enn auðveldara er fyrir tískumeðvitaða að nálgast nýjustu fréttirnar úr bransanum.




# Fínt að ofan, stutt að neðan

**Jakkaföt eru iðulega hefðbundin og hafa í stórum dráttum lítið breyst í gegnum tíðina. Öðru hverju taka hönnuðir sig til og hugsa formið upp á nýtt. Nota þá ýmist óvenjuleg efni eins og gallaefni, leður eða jafnvel latex, eða para saman fína jakka við litríkar og skræpóttar buxur. Á tískuvikunni í París sáust karlfyrirsæturnar sumar í stuttbuxum við jakkafatajakka. Vissulega hentugt í heitu veðri en þó varla við hæfi á skrifstofunni.**



Glansandi svört jakkaföt og lakkrísbindi af tískusýningu Lanvin í París í sumar.

Skræpótt jakkaföt frá Qasimi sem sýnd voru á tískuvikunni í París.

Stuttbuxur og hermannaklossar við jakkafatajakka, skyrtu og bindi. Frá tískusýningu Qasimi í París.

Tískuhönnuðurinn Thom Browne virðist ekki hafa haft tíma til að klára þessi jakkaföt sem sýnd voru á tískuvikunni í París í sumar.

Hér hefur Michael Bastian sett tíhnepptan smókingjakka við líflegar, köflóttar buxur.

Köflótt jakkaföt úr smiðju Michaels Bastian sem sýnd voru á tískuvikunni í New York.

NORDICPHOTOS/GETTY






Gestir á uppboðinu slógust nánast um gripina.

## Slegist um muni Elizabeth Taylor

UPPBOÐ Á FÖTUM OG SKARTGRIPUM ÚR DÁNARBÚI LEIKKONUNNAR ELIZABETH TAYLOR VORU HALDIN Í CHRISTIE'S-UPPBOÐSHÚSINU Í NEW YORK Í VIKUNNI. GRIPIR SEM TENGDUST HENNI OG RICHARD BURTON VORU EFTIRSÓTTASTIR.

Þeir voru greinilega margir sem þráðu að eignast eitthvað af hátískufatnaði Taylor og seldust skartgripirnir sem Burton hafði gefið henni á metverði. Skartgripauppboðið á þriðjudag skilaði 116 milljónum dala og á fatauppboðinu daginn eftir fóru tilboðin langt fram úr væntingum. Nokkrum vonbrigðum olli þó að sá kjóll sem átti að verða hápunktur uppboðsins var ekki boðinn upp heldur var tilkynnt að hann yrði gefinn á safn. Um gulan siffonkjól er að ræða sem Taylor klæddist þegar hún giftist Burton í fyrra skiptið, árið 1964.



Smaragðshálsfesti úr safni Taylor.

Kvikmynda- og tískufanatíkerar höfðu þó úr nógu að velja á uppboðunum, sem hófust með að boðnir voru upp giftingarhringar þeirra Taylor og Burtons frá báðum brúðkaupunum 1964 og 1975. Taylor var fræg fyrir klæðnað sinn og hæsta verðið á fatauppboðinu fékkst fyrir silfurlitan Dior-kjól með tösku í stíl sem seldist á 362.500 dali.

*- fsb*

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 16. desember 2011



Helga Ólafsdóttir

## LÍÐUR VEL Í KRÚTTLEGUM HEIMI BARNATÍSKUNNAR

- Falleg hönnun Klukku
- Dagur í lífi Íslendings
- Á rúmstokknum
- Tíska og förðun


VERÐ
Kr. 34.950
SJÓNVARPS FLAKKARI

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SENDUM ALLAR VÖRUR FRÍTT FRAM AÐ JÓLUM
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3
• 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

UNITED
2TB
UNITED
3.5" HDD Multimedia Player
2TB WD Greenpower diskur í USB2 boxi sem tengist við sjónvarp án tölvu.
United HD MMP 9590
Háskerpu H.264 margmiðlunarspilari sem spilar MKV skrár. Hægt er að spila beint af minniskortum og minnislyklum. Fullkomin fjarstýring og HDMI kapall fylgir.

# núna
✻ jólin nálgast



**SJÁÐU MITT GLINGUR** Fallegur og sérstakur hringur frá hollenska skartgripamerkinu fashionology sem glitrar og geislar og lýsir upp skammdegið. Hringurinn er fullkominn í jólapakkann í ár og fæst í GK Reykjavík.

## meðmælin

### Jólaglögg til góðs

Jólaglögg UN Women á Íslandi fer fram á eins árs afmæli samtakanna á morgun. Glöggið verður haldið í versluninni Ellu á Ingólfsstræti 5 og stendur frá klukkan 16 til 18. Tónlistarkonan Sóley syngur fyrir gesti lög af hinni margrómuðu plötu sinni We Sink. Ella mun einnig tilkynna styrk sinn til samtakanna, en fyrirtækið gefur 1.000 krónur af hverju seldu ilmvatni í Styrktarsjóð UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum. Allir velunnarar samtakanna eru hvattir til að mæta og eiga notalega stund saman í tilefni dagsins.



### Frábærir tónleikar

Söngkonan **Ragga Gröndal** og dúettinn Song for Wendy, sem er skipaður Bryndísi Jakobsdóttur og Mads Mouritz, standa fyrir tvöföldum útgáfutónleikum í Fríkirkjunni á sunnudaginn. Ragga Gröndal mun flytja lög af nýjustu plötu sinni, Astrocat Lullaby, og Song for Wendy fagnar útgáfu fyrstu plötu sinnar, Meeting Point. Sérstakur gestur á tónleikunum verður söngkonan snjalla Sigríður Thorlacius. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og hægt er að nálgast miða á Midi.is eða við inngang.



SYSTURNAR MARÍA OG GUÐRÚN SIGURÐARDÆTUR HANNA UNDIR NAFNINU KLUKKA

# BLANDA AF TVEIMUR MENNINGARHEIMUM

Systurnar María Björg og Guðrún Sigurðardætur hanna fallegan tískufatnað undir nafninu Klukka. Fyrsta lína systranna kom út fyrir skömmu og fæst meðal annars í versluninni Kiosk.

María var einn af stofnendum Kiosk á sínum tíma en dró sig í hlé stuttu eftir opnun verslunarinnar til að sinna öðrum verkefnum. Hún ákvað síðan fyrir stuttu að taka höndum saman við systur sína og gefa út litla línu fyrir jólin sem inniheldur meðal annars kjóla, slár og fylgihluti. „Kjólarnir eru úr silki og með handteiknuðu munstri og eru framleiddir hér á landi. Móttökurnar hafa verið mjög góðar, ég hef fundið fyrir auknum áhuga fólks á íslenskri hönnun og verslunum eins og Kiosk sem reknar eru af hönnuðum,“ útskýrir María.

Systurnar ólust upp í Englandi til unglingsaldurs og segir María að fatasmekkur þeirra sé blanda af þeim breska og íslenska og hönnun þeirra sömuleiðis. „Íslendingar og Skandinavar hafa einkennandi útlit og smekk sem ræðst bæði af veðurfari og menningu okkar. Bretinn er aftur á móti klassískari og tekur færri sénsa þegar kemur að tísku en leggur mikið upp úr góðum efnum og sniðum. Hönnun okkar tekur mið af þessu tvennu, við erum með sígilda vöru sem kaupandinn ætti að geta notað í mörg ár og úr besta efni sem völ er á en hressum upp á útlit flíkurinnar með skemmtilegu handteiknuðu munstri.“

María er menntaður fatahönnuður frá LHÍ og starfaði áður sem aðstoðarinnkaupastjóri tískudeildar Harrods í London í fimm ár. Guðrún starfaði einnig hjá sömu verslun í eitt ár og hafa systurnar því báðar verið viðloðandi tískubransann í nokkurn tíma.

Ný lína er væntanleg frá systrunum með vorinu. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu þeirra www.myklukka.is. sara@frettabladid.is



**Samvinna systra** Systurnar María og Guðrún Sigurðardætur hanna saman fallegar og einstakar flíkur undir nafninu Klukka.






Alice Dellal nýtt andlit töskulínu Chanel:

# Trommari og Chanel-fyrirsæta



**Andlit Chanel** Fyrirsætan Alice Dellal gæti tekið við af Blake Lively sem andlit töskulínu tískurisans Chanel. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rokktónlistarkonan og fyrirsætan Alice Dellal verður að öllum líkindum næsta andlit töskulínu tískuhússins Chanel. Sé það satt mun Dellal taka við af leikkonunni Blake Lively.

Dellal er þekkt fyrir að fara eigin leiðir í klæðavali og skartar iðulega dökkri augnmálningu, rökuðu höfði og rifnum fötum. Hún er þekkt fyrirsæta og hefur setið fyrir hjá Agent Provocateur og gengið sýningar Vivienne Westwood. Þar að auki er stúlkan trommari hljómsveitarinnar Thrush Metal og dóttir Andreu Dellal, sem var kosin ein af best klæddu konum ársins 2011 af tímaritinu Vanity Fair. Dellal er eins ólík forvera sínum og hugsast getur og verður spennandi að sjá afrakstur samstarfs hennar og Chanel.

### ✻ augnablikið



**GLÆSILEG** Fyrirsætan Christy Turlington Burns var á meðal þeirra gesta er sóttu CNN-Heroes viðburðinn á sunnudaginn síðasta. NORDIC PHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Haraldur Guðjónsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

iittala









ÍSLENSK HÖNNUN
epal

ALESSI

eva solo

# Allir fá þá eitthvað fallegt...

**1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM**

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal







ferm LIVING

Joseph Joseph

menu SCANDINAVIAN DESIGN ORIGINALS



ROSENDAHL

marimekko

GEORG JENSEN

stelton








**Innkaup** Að versla hjá Avocado Lady. Kaupkonan á horninu.



**Vinnustaðirnir** Myndir af okkur fyrir utan vinnustaðina okkar. Skrifstofan hennar Sædísar er á 36. hæð í þessari byggingu.



**Horft yfir borgina** Útsýnið af svölunum hjá okkur.



**Magnað útsýni** Útsýnið úr efsta útsýnispunkti borgarinnar í Shanghai World Financial Center.



**Borgin** Nanjing-göngugatan.



**Í góðra vina hópi** Við ásamt vinum á góðri stundu í garðinum á veitingahúsinu Cotton's.

Dagur í lífi Íslendings: **Jóhann Örn Reynisson og Sædís Kolbrún Steinsdóttir**

# SPARSAMT OG FORVITIÐ FÓLK

***Aldur:*** **Jóhann:** 31. **Sædís:** 26.

***Starf:*** **Jóhann:** Stjórnandi vídeóframleiðslu hjá CCP í Sjanghæ. **Sædís:** Fjármálaráðgjafi og viðburðastjórnandi.

***Búseta:*** Sjanghæ, Jing'an-svæðið.

***Hversu lengi hefur þú búið í borginni?*** Rúmlega eitt og hálft ár.

***Hver er helsti kosturinn við búsetu í borginni?*** **Jóhann:** Fjölbreytnin, menningin og ævintýrin sem geta leynst á hverju horni. **Sædís:** Ef New York er borgin sem aldrei sefur, þá er Sjanghæ borgin sem aldrei sest niður. Það á vel við mig.

***Af hverju fluttir þú þangað:*** **Jóhann:** Mér bauðst staða hjá CCP í Sjanghæ en mig hefur alltaf langað að búa í stórborg. Sú staðreynd að þessi tiltekna stórtborg var í Asíu gerði það enn meira spennandi. **Sædís:** Mig hefur alltaf langað að láta reyna á að búa annars staðar en á Íslandi og þegar tækifærið að flytja til Sjanghæ bauðst fannst mér einfaldlega ekki annað hægt en að láta á það reyna.

Sjanghæ

***Ef þú mættir taka einn hlut með þér aftur heim til Íslands, hvað væri það?*** **Jóhann:** Sherpas. Alveg mögnuð heimsendingarþjónusta sem sendir heim frá helstu veitingastöðunum í borginni. **Sædís:** Það væri ekki hlutur heldur réttur, sem heitir Spicy Chicken in Stone Pot af uppáhaldsveitingastaðnum mínum, People's 7. Á erfitt með að ímynda mér lífið án hans.

***Hvað er það fyrsta sem þú gerir á morgnana þegar þú vaknar?*** **Jóhann:** Teygi mig í iPad-inn og skoða veðrið og fréttir sniðnar að mínum smekk í gegnum forritið Zite. **Sædís:** Teygi mig í iPhone-inn og skoða tölvupóstinn.

***Hvaða stað í borginni er nauðsynlegt fyrir ferðamenn að skoða?*** **Bæði:** Að fara upp í hæstu bygginuna í borginni (Shanghai World Financial Center) í ljósaskiptunum og verða vitni að umbreytingunni sem á sér stað þegar ljósadýrðin tekur völdin er ansi mögnuð upplifun.

***Í einni setningu, hvernig myndirðu lýsa þjóðinni?*** **Jóhann:** Sparsöm, hagnýt og nýtir tækifærin þegar þau bjóðast. **Sædís:** Kínverska þjóðin er gríðarlega fjölmenn og ansi forvitin að eðlisfari.

Ljósmyndari Heiða.is




M - 3XL 3 litir 5.900.-



S - XL 2 litir 5.900.-



Skyrta S - XL 5.900.-
Golla S - XL 4 litir 4.950.-



Gallabuxur bláar 8.900.-



Gallabuxur svartar stretch 9.900.-

Kringlan 4 - 12
Reykjavík s: 588 - 1705

Galla Buxnabúðin
Sendum í póstkröfu

Hafnarstræti 106, göngugötunni
Akureyri s: 463 - 3100



the PIER
FOR YOUR HOME
BRÁÐUM KOMA BLESSUÐ JÓLIN
Fullt af flottum tilboðum í öllum verslunum!
Sjón er sögu ríkari!
Snyrtivörur
3 fyrir 2
Snyrtivörur
úr Dauðahafinu
- yndislegt dekur í
jólapakkann hennar!
BLACK PEARL
Verð frá
1990–5990.-
TILBÚNAR GJAFAPAKKNINGAR
30-80%
af öllu jólaskrauti
TILBOÐSVERÐ
199.900.-
hægri eða vinstri skemill
Einnig til í
LEÐRI
Verð: 399.900.-
TILBOÐSVERÐ
349.900.-
AÐEINS ÞESSA HELGI!
Haag sófinn
kominn aftur!
Takmarkað magn!
3890.-
Kerti
3 fyrir 2
JÓLAGJAFIR
Mikið úrval!
6990.-
70 cm
4990.-
490.-
the PIER
16.-22. des. opið til kl. 22:00
23. des. opið til kl. 23:00
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Dúkkuhúsið









Fylgdu okkur á facebook

Dúkkuhúsið ★ Vatnsstígur 3 ★ 101 Reykjavík ★ Sími 5170044



**Fyrirmynd** Bianca Jagger veitir fólki enn innblástur þegar kemur að tísku. NORDIC PHOTOS/GETTY



**Hvítklædd** Jagger klæddist gjarnan jakkafötum og síðum víðbuxum. Hún var óhrædd við að fara sínar eigin leiðir þegar kom að tísku.

Bianca Jagger:

# MANNVINUR & FYRIRMYND

Áhrifa valdurinn

***Mannréttindafrömuðurinn*** og fyrirsætan Bianca Jagger var fyrsta eiginkona rokkarans Mick Jagger og tískufyrirmynd. Hún fæddist í borginni Managua í Níkaragva og kynntist Mick Jagger í veislu sem haldin var eftir tónleika Rolling Stones í Frakklandi árið 1970.

***Jagger*** var áberandi í skemmtanalífinu í New York snemma á áttunda áratugnum og var náin vinkona listamannsins Andy Warhol. Hún þótti ávallt mjög smekkleg til fara og var ein af tískufyrirmyndum þess tíma.



**Slá, Rokk og rósir**



**Peysa, Spútnik á Laugavegi**



**Skyrta, GK Reykjavík**



**Skór, GK Reykjavík**




Farmers Market
iceland

FARMERS MARKET stúdíóverzlun • Eyjarslóð 9 • 101 Reykjavík • s: 552 1960 • www.farmersmarket.is

# BARNATÍSKAN ER EINLÆG OG VINALEG



**Helga Ólafsdóttir er eigandi og yfirhönnuður barnafatamerkisins Ígló og hefur hlotið mikið lof fyrir hönnun sína bæði hér á landi og erlendis.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Mynd:* Haraldur Guðjónsson

Helga er fædd og uppalin á Akureyri og fékk snemma mikinn áhuga á hannyrðum og hönnun. „Móðir mín og báðar ömmur voru allar miklar hannyrðakonur og það ýtti undir hönnunaráhuga minn að vera svona mikið í kringum þær,“ útskýrir Helga.

Hún hóf nám í félagsfræði við Háskóla Íslands eftir stúdentspróf en uppgötvaði fljótlega að námið hentaði henni ekki og söðlaði um. Hún flutti til Danmerkur og stundaði fatahönnunarnám við Hellerup Textil College og lærði þar margt nytsamlegt. „Við lærðum saumaskap og allt sem viðkom framleiðsluferlinu en persónulega fannst mér vanta svolítið upp á hönnunarhlutann sjálfan í náminu. Ég fór þess vegna í skiptinám til London til að bæta því við mig.“

Að náminu loknu fékk Helga vinnu sem aðstoðarhönnuður hjá tískumerkinu All Saints og vann þar í rúmt ár. Hún segir tískubransann mjög erfiðan og að vinnudagarnir hjá All Saints hafi verið langir og strangir en um leið lærdómsríkir. „Ég vann hjá einni ónefndri konu sem var hreinlega með pískinn á okkur allan daginn. Við máttum alls ekki mæta seint til vinnu og hún var mjög ströng og leiðinleg við undirmenn sína en ég held að ég hafi aldrei lært jafn mikið af nokkurri manneskju og henni. Hún gaf okkur mikla ábyrgð og ætlaðist til þess að við stæðum undir henni og skiluðum verkefnum af okkur á réttum tíma. Þó að þetta hafi verið erfitt var þetta líka alveg ómetanleg reynsla.“

## SKAPAÐI FYRSTU FATALÍNU ILSE JACOBSEN

Helga segist hafa viljað næla sér í starfsreynslu hjá ólíkum hönnunarfyrirtækjum að hönnunarnáminu loknu og verða sér þannig úti um alla þá vitneskju sem hún þurfti til að reka eigið fyrirtæki. Eftir ár hjá All Saints flutti hún til Íslands ásamt manni sínum og dóttur og hóf þá störf hjá íslenska tískumerkinu Nikita. Nokkru síðar flutti fjölskyldan aftur búferlum, í þetta sinn til Bandaríkjanna.

„Þá hafði ég eignast mitt annað barn, lítinn strák. Mér fannst lítið um falleg föt á stráka og fór því að grúska og skoða á meðan ég var í fæðingarorlofinu og þar með kviknaði eiginlega hugmyndin að Ígló. Það liðu þó einhver ár á milli þess og þar til ég stofnaði fyrirtækið árið 2008.“

Eftir dvölina í Bandaríkjunum flutti fjölskyldan aftur til Danmerkur. Helga störf hjá danska hönnuðinum Ilse Jacobsen þar sem hún hafði yfirumsjón með fyrstu fatalínu hönnuðarins. Helga var þá búsett á Íslandi en flaug reglulega til vinnu sinnar í Danmörku. „Markhópur Ilse Jacobsen er töluvert ólíkur markhópum All Saints og Nikita en mér fannst mjög gaman að fá tækifæri til að takast á við ný verkefni. Þegar maður vinnur fyrir aðra hönnuði þarf maður alltaf að vinna eftir ákveðnum reglum og leggja metnað sinn í að kynna sér það sem viðskiptavinurinn vill. Það er mikilvægt að geta hannað flík út frá öðru en sjálfri mér.“

Helga starfaði í níu ár sem hönnuður hjá nokkrum ólíkum tískumerkjum og að þeim tíma loknum fannst henni hún loks tilbúin í sjálfstæðan rekstur. „Það er svo miklu meira sem felst í starfi hönnuðar en bara að hanna flík því það þarf líka að kunna á framleiðsluferlið allt. Ég mundi alltaf mæla með því að nýútskrifaðir hönnuðir færu út að vinna og nældu sér í starfsreynslu. Maður lærir svo mikið af því að vinna fyrir aðra og á sama tíma byggir maður upp sambönd og tengsl við annað bransafólk, sem nýtist manni vel í eigin rekstri. Hjá Nikita sá ég til að mynda um vöruþróun og lærði ýmislegt við framleiðslu sem nýtist mér þegar Ígló var stofnað. Mér fannst styrkur að ég gæti séð um framleiðsluferlið allt sjálf.“

## ÚR KVENTÍSKUNNI Í BARNATÍSKUNA

Eftir þessi níu ár innan kventískubransans ákvað Helga að snúa sér alfarið að hönnun barnafatnaðar. Hún segir mikinn mun á hinum hraða heimi kventískunnar og hinum krúttlega heimi barnatískunnar. „Ég fékk bara nóg. Kventískan breytist svo ört og sá partur tískuheimsins er svo stór og hraður á meðan barnatískan er minni, vinalegri og fjölskylduvænni. Kventískan snerist mikið um djamm og að vera sætur og í flottustu fötunum á meðan barnatískan er einlægari og almennilegri. Það tók mig ekki langan tíma að kynnast réttu ljósmyndurunum og réttu bloggurunum og samkeppnin er ekki eins óvægin.“

Fötin frá Ígló eru ætluð börnum frá aldrinum 0 til 10 ára. Helga hefur haft það að leiðarljósi að hanna þægileg og endingargóð föt á börn og skreytir þau með smáatriðum eins og pífum, slaufum og líflegum mynstrum. „Mig langaði fyrst og fremst að hanna barnaföt sem börnin sjálf mundu vilja klæðast. Ég hef heyrt ómetanlegar sögur um lítil börn sem vilja helst sofa í flísgöllunum frá okkur því þeir eru svo mjúkir. Ég sæki innblástur í mín eigin börn og þau fá mikið að segja um hönnunina og eru jafnframt góðir talsmenn merkisins,“ segir hún brosandi.

Í dag starfa sex manns hjá Ígló, þar á meðal grafískur hönnuður, sölu- og markaðsstjóri, birgðamanneskja og verslunarstjóri og starfsmaður í verslun Ígló við Laugaveg. Merkið fæst á 11 stöðum hér á landi en er auk þess fáanlegt í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi og Lúxemborg og bætir Helga við að hún sé afskaplega stolt af því að varan sé einnig seld í Magasin Du Nord í Kaupmannahöfn.

Óhætt er að segja fatnaðurinn frá Ígló hafi náð miklum vinsældum á heldur skömmum tíma og meðal annars hefur verið fjallað um merkið í tímaritum á borð við Vores Börn, Collezioni Baby og á vefsíðunni Bubble and Speak. Spurð út í nafn merkisins segir Helga það vera tilvísun í kulda og ís. „Kannski hefur það eitthvað með það að gera að þegar maður bjó úti var maður oft spurður að því hvort maður ætti heima í snjóhúsi,“ segir hún.

## HEIMILIÐ FLÆÐIR AF TEIKNINGUM

Helga er gift Jóni Hauki Baldvinssyni og saman eiga þau tvö börn, eina stúlku og dreng. Fjölskyldan hefur búið í Danmörku, Bretlandi og Bandaríkjunum auk þess sem hjónin hafa látið reyna á fjarbúð nokkrum sinnum sökum vinnu. „Það eru vissulega viðbrigði að vera allt í einu einn í útlöndum eða einstætt foreldri á Íslandi en það er nokkuð sem maður tekst á við og veit að er aðeins tímabundið.“

Börnin virðast bæði hafa erft listræna hæfileika móður sinnar






**Hannar á börn** Helga Ólafsdóttir stofnaði barnafatamerkið Íglóí fyrir þremur árum og hefur merkið vaxið og dafnað hratt og örugglega síðan þá.

og hafa gaman af því að teikna og skapa. „Heimilið flæðir allt í teikningum og listaverkum. Stundum verður það of mikið en ég reyni að geyma bestu verkin,“ segir hún hlæjandi.

Rekstur fyrirtækisins er oft tímafrekur en Helga reynir að heimsækja heimabæinn reglulega og um leið sinna uppáhaldsáhugamáli sínu. „Ég elska að fara á skíði. Ég æfði skíði þegar ég var lítil og sakna þess mikið að komast ekki oftar á skíði. Skíðaíþróttin er líka eina líkamsræktin sem mér finnst skemmtileg.“

## SKEMMTILEGIR TÍMAR FRAM UNDAN

„Mér finnst þetta ofsalega skemmtilegt og fram undan eru næg verkefni að takast á við. Næst á dagskrá er að breikka vörulínuna og bæta við aukahlutum. En helst langar mig bara að gera þetta hægt og rólega, ég vil ekki vera með of stóra línu sem ég ræð síðan ekkert við. Það er mikil vinna sem liggur að baki þessu og maður vinnur frá morgnana og oft langt fram á kvöld. En þetta er líka það skemmtilegasta sem ég hef gert,“ segir hún glaðlega að lokum.

## * myndaalbúmið



Fjölskyldan á góðum degi í Griffin Park í LA.



Viktoría Þóra, níu ára gömul dóttir mín, hún er Íglóí módel og mikill heimsborgari.



Baldvin, sex ára sonur minn. Hann er líka Íglóí módel og mikill fótboltastrákur.



Mynd úr sumarlínu Íglóí fyrir árið 2012. Elísabet Davíðsdóttir, ljósmyndari og fyrirsæta, tók þessa mynd.






## About Face er áhugaverð ný heimildarmynd:

# Bransinn brýtur konur niður

Heimildarmyndin About Face í leikstjórn Timothy Greenfield-Sanders inniheldur meðal annars áhugaverð viðtöl við Jerry Hall, Isabellu Rossellini, Marisu Berenson og Paulinu Porizkovu um hvernig það sé að eldast í sviðsljósinu. Stikla úr myndinni er nú komin á netið og lofar hún góðu um framhaldið.

Í myndinni ræða konurnar um tískuheiminn, ellina og möguleikann á lýtaaðgerðum á einlægan hátt. Paulina Porizkova segir meðal annars að fyrirsætubransinn geri lítið fyrir sjálfsöryggi kvenna, þvert á móti brjóti hann þær niður. „Að hafa tekjur sínar af því að sitja fyrir gerir þig óörugga með sjálfa þig. Þannig að kannski varð ég fyrst falleg þegar ég hætti að sitja fyrir.“

Myndin verður frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í byrjun næsta árs.



**Eldist vel** Fyrirsætan Paulina Porizkova er á meðal þeirra kvenna er rætt er við í heimildarmyndinni About Face. NORDIC PHOTOS/GETTY




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Í kjólinn fyrir jólin

Mér leiðist líkamsrækt. Mér finnst erfitt að koma mér af stað og ég þoli ekki ofvirka eróbikktíma eða öskrandi einkaþjálfara. Þá veit ég fátt meira pirrandi en að dröslast í ræktina algerlega andlaus og svo bara hálf hanga í léttustu lóðunum og bíða eftir hlaupabrettunum. Það að mæta í ræktina og taka ekki á er eiginlega meira svekkjandi en að sleppa því að mæta. Þó verð ég að játa að þegar ég dríf mig af stað og fer í einn jógatíma og langa gufu á eftir líður mér betur. Ég slaka vel á í gufunni og ræði heimsins mál við líkamsræktarfélagann eða rökræði við raddirnar í höfðinu. Hamingjuhormónin flæða um líkamann og mér líður vel.

Kynlíf er eitt afbrigði af líkamsrækt. Þú þarft að koma þér í stuð til að fara af stað. Það þýðir síðan ekkert að gera þetta með hangandi hendi heldur verður smá metnaður að vera til staðar svo þú náir almennilegum árangri. Góð upphitun er lykilatriði fyrir snörp átök og ekki gleyma að anda! Það er algert lykilatriði að dæsa og stynja af innlifun. Að loknum átökunum getur þú samviskulaust teygt á vöðvunum, slappað af og hvílt þig. Rétt eins og í líkamsrækt er mikilvægt að hafa æfingarnar fjölbreyttar og prófa mismunandi rútínur. Fullnæging er lík brennslukerfi líkamans, það þarf að koma því á óvart til þess að það virki. Ástæðan fyrir þessari samlíkingu er sú að fólk nennir oft ekki að stunda kynlíf. Það er vesen, það er tímafrekt að koma sér í stuð, það er sóðalegt og árangurinn lætur stundum á sér standa. Þetta á sérstaklega við ófullnægða einstaklinga.



Það er ósköp skiljanlegt að það sé hundleiðinlegt að hamast og hamast og fá aldrei fullnægingu (eða annan heilsufarslegan árangur). Rétt eins og með líkamsrækt er kynlíf spurning um viðhorf og tíma. Flestir ranghvolfa augunum þegar einhver segist ekki hafa tíma til að fara í ræktina. Heimsins lélegasta afsökun. Þegar sá hinn sami segist ekki hafa tíma fyrir kynlíf er þagað þunnu hljóði því það er óformlega samþykkt að kröfurnar sem vinna, fjölskylda og lífið setja á þig leyfa þér að láta kynlíf sitja á hakanum. Kynlíf er samkomulag sem þú gerir við sjálfa(n) þig og það er sérstaklega mikilvægt ef þú ert í sambandi. Þú þarft að koma þér af stað og þá hefst hringrás sem byggir á jákvæðri endurgjöf, rétt eins og ræktin. Fyrsta skrefið gæti verið kynfærasnerting í sturtu. Líkamsrækt hefur góð áhrif á líkama og sál, það hefur verið margsannað. Ég hef heyrt að um leið og þetta sé komið í rútínu sé þetta ekkert mál. Afrakstur góðrar mætingar og einlægs metnaðar í púli láti ekki á sér standa. Þú uppskerð heilbrigðari lífsstíl, færri rifrildi, hamingjusamari sál og betra samband. Nú er spurning um að koma sér upp erótískri einkaþjálfun og kynda tólin.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*




FILIPPA K
Peysa 26.900kr.
SUIT
Jakkaföt 58.800kr.
SHOE THE BEAR
Skór 36.900kr.
SUIT
Úlpa 39.900kr. Peysa 14.900kr.
LEE
Skyrta 14.900kr.
SHOE THE BEAR
Skór 23.900kr
SUIT
Úlpa 39.900kr
SUIT
Peysa 19.900 Bolur 4.900kr.
SUIT
Trefill 12.900kr. Peysa 14.900kr.
SUIT
Vesti 22.900kr. Bolur 9.900kr.
SUIT
LEE
Húfa 5.900kr. Jakki 32.900kr.
SUIT
Úlpa 39.900kr
SUIT
Jakki 26.900kr.
SHOE THE BEAR
Skór 25.900kr.
SUIT
Peysa 12.900kr.
SUIT
Frakki 39.900kr. Húfa 5.900kr
LEE
Jakki 32.900kr.
SUIT
Jakki 39.900kr.
WON HUNDRED
Bolur 8.900kr.
GK
REYKJAVIK
LAUGAVEGI 66 / 565 2820



Jólaförðun Björg Alfreðsdóttir hjá MAC sýnir lesendum fallega jólaförðun. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG




True Bronze Sunkissed frá Clinique.

Patience, Please gloss.

Staunchly Stylish vara-blýantur.

Haute & Naughty Lash maskari.



**Jólavörur** Björg notaði meðal annars Clinique Repairwear Lazer Focus farða og Patience, Please gloss til að ná fram jólalegri förðun.

Jólaförðun fyrir jólaboðin:

# GLÆSILEIKI & JÓLAGLEÐI

Jóləböll og jólaboð eru fram undan hjá mörgum og gaman getur verið að klæðast sínu fínasta pússi og setja svolítinn lit á kinnarnar. Björg Alfreðsdóttir hjá MAC sýnir fallega jólaförðun sem allir ættu að geta leikið eftir áður en haldið er á jólaball.

„Ég byrja alltaf á því að undirbúa húðina vel til að jafna hana og minnka roða. Svo til að ná fram jafnari áferð notaði ég Clinique Repairwear Lazer Focus farða og svo True Bronze Sunkissed frá Clinique til þess að skyggja húðina svolítið og Snowglobe Highlight úr jólalínu MAC,“ útskýrir Björg.

Næst notaði hún Estée Lauder í Tender Petal fremst á kinnbeinin til að ná fram fersku og fallegu yfirbragði. Á augnlokin bar hún Paints Bare Canvas, Metal X augnskugga með nafninu Cyber og rauðan lit úr Saultry augnskuggapallettunni frá MAC. „Á augnhvarmana notaði ég svartan blýant frá MAC sem heitir Graphblack og til að fá góða dýpt á augun toppaði ég þetta með Haute & Naughty Lash maskaranum frá MAC og setti svo augnhár númer 20 til að fá meira „kattarútlit“.“

Á varirnar fóru Prep + Prime Lip og Pro Longwear blýantur með nafninu Staunchly Stylish, varaliturinn Secret Kiss frá Estée Lauder og loks Patience, Please glossinn til að stækka þær.

Full búð af nýjum vörum
Þú færð jólagjöfina hjá okkur
SOHO MARKET



SOHO MARKET Sími 553 7300 • Opið til 12–22 fram að jólum, Aðfangadagur 10–14
SOHO/MARKET Á FACEBOOK

# HEINEKEN STAR PARTY
# Á CAFÉ OLIVER

## LAUGARDAGINN 17. DESEMBER




**Hljómsveitirnar Vicky og Samaris sjá um að slátra prófhrollinum**

TRADE MARK
Heineken®
GEFUR TÓNINN

LÉTTÖL



**Clemence Poesy** Leikkonan franska er í uppáhaldi hjá hönnuðinum Karl Lagerfeld og sést iðulega á fremsta bekk á Chanel-sýningum en einnig hjá Erdem, Chloé og Mulberry Salon.



**Anna Dello Russo** Hin ítalska Dello Russo starfar hjá japanska Vogue og er áberandi í fremstu sætaröð á tískusýningum húsa á borð við Louis Vuitton, Alexander McQueen, John Galliano, Hermes, Givenchy og Balmain.



**Anna Wintour** Ritstjóri bandaríska Vogue er ein þeirra sem sækja allar helstu tísku-sýningarnar á tískuvikunum. Hún sást meðal annars á sýningu Louis Vuitton, Alexander McQueen, Chanel, Stellu McCartney, Lanvin, Dior og Ninu Ricci.

Fræga fólkið sækir tískusýningar:

# FÓLKIÐ Á FREMSTA BEKK

Fremsti bekkur tískusýninga er gjarnan þéttsetinn af fræga fólkinu. Nokkur þekkt andlit sjást þó oftar í fremstu sætaröð og má þar nefna leikkonuna Clemence Poesy og fyrirsætuna og sjónvarpskonuna Alexu Chung auk áhrifafólks úr tískuheiminum á borð við Önnu Wintour, Carine Roitfeld og Önnu Dello Russo.



**Alexa Chung** Breska sjónvarpskonan er gjarnan gestur á sýningum stóru tísku-húsanna og mátti meðal annars sjá hana á sýningum Valentino, Chanel, Proenza Schouler, Yves Saint Laurent, Cynthia Rowley og Burberry Prorsum. NORDIC PHOTOS/GETTY



**Carine og Julia Restoin-Roitfeld** Fyrrverandi ritstjóri franska Vogue og dóttir hennar eru tíðir gestir á hinar ýmsu tískusýningar. Þær sjást iðulega á fremsta bekk hjá Louis Vuitton, Chanel, Givenchy, Fendi, Gucci, Jean Paul Gaultier, Alex-ander Wang og Theyskens' Theory.



**Emmanuelle Alt** Stílistinn tók við sem ritstjóri franska Vogue í byrjun árs og hefur síðan þá sést á fremsta bekk hönn-uða á borð við Alexander McQueen, John Galliano, Celine, Barbara Bui, D&G og Jean-Paul Gaultier.



JS Watch co.
REYKJAVIK




**Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna**

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn að við tökum vatnsheldniprófanir okkar alvarlega.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

GILBERT
ÚRSMIÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100



# YFIRHEYRSLAN

**Helga Lilja Magnúsdóttir, fatahönnuður sem hannar undir nafninu Helicopter.**

**Ertu A- eða B-manneskja?** Svo sannarlega B-manneskja. Ég réttlæti það með því að vinna fram eftir næstum hvert einasta kvöld.



**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Ég er að lesa Patti Smith, Just Kids. Mæli með henni, hún er gleðilesning og full af ást, mikil fátækt en endalaus ást.

**Ef ég byggi ekki í Reykjavík, byggi ég í:** Útlöndum.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Hátalarar fyrir vinnustofuna mína. Núna get ég sko haldið partí í þessu litla herbergi!

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Kettling sem verður aldrei stór og ég þarf ekkert að sjá um en sem elskar mig skilyrðislaust. Anda í lampa sem gefur mér þrjár óskir. Lottómiða með réttum tölum svo ég geti farið með alla vini mína til útlanda og svona „beam me up Scotty“ gaur.



**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Goodness Gracious Me með Sophiu Loren og Peter Sellers. Klikkar aldrei!



**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Ég lærði ekki að snýta mér fyrr en ég varð 15 ára… sannleikur.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Þriðja glasið.












# Ævintýrin lifa í æskunni

**Ævintýralandið er nýtt íslenskt borðspil sem Pæling ehf. hefur sett á markað. Spilið byggir á þykjustuleikjum barna og markmiðið er að örva frásagnarlist og sköpunargáfu allra þátttakenda auk þess að styrkja fjölskyldu- og vinatengsl.**

Spilið er grundvallað á þykjustuleik barna og örvar ímyndunaraflið. Börnin geta auðvitað spilað Ævintýralandið sjálf en foreldrar sem spila það með börnum sínum gera það á þeirra forsendum og verða eins konar farþegar í þeirra hugarflugi," segir Rúnar Þór Þórarinsson, annar höfunda spilsins Ævintýralandið sem Pæling ehf. hefur sett á markað. „Spilið gengur þannig fyrir sig að sögumaður dregur sögu af handahófi og les fyrsta hluta hennar upphátt fyrir aðra leikmenn. Þeir eru söguhetjurnar og það er undir þeim komið að taka ákvarðanir um framhaldið og leysa verkefni sögunnar í sameiningu. Ólíkt hefðbundum sögum eru söguhetjurnar virkir þátttakendur og hafa áhrif á atburðarásina með hjálp skemmtilegra fylgigagna svo sem verkfæra, félaga og furðuhluta. Ævintýrin eru fengin úr hugmyndaheimi barna og ganga út á það sem öllum börnum þykir heillandi og skemmtilegt að sjá fyrir sér. Til dæmis að tína jarðarber, byggja kofa, bjarga einhverjum úr brennandi húsi eða sjá eldgos. Auðvelt er að læra og spila Ævintýralandið. Það er bæði hugsað fyrir fjölskyldur sem vilja eiga skemmtilega stund saman og börn sem einfaldlega hafa áhuga á því að hittast og skemmta sér. Allir geta brugðið sér í hlutverk sögumanns og skemmt sér með jafnt yngri sem eldri."

Eiginkona Rúnars, María Huld Pétursdóttir, er hinn höfundur spilsins og hugmyndin kviknaði fljótlega eftir að þau eignuðust sitt fyrsta barn, son sem nú er að verða þrettán ára. „Þegar strákurinn var svona eins og hálfs árs fórum við að tala um það hvað við gætum gert til að verða náin honum þegar hann eltist svo hann fyndi til öryggis með okkur. Ég held að allir foreldrar vilji að börnin þeirra treysti þeim og segi þeim allt. Okkur fannst að besta leiðin til þess hlyti að vera að taka þátt í hugarflugi barnsins á forsendum þess. Við komumst svo að því þegar við byrjuðum að setja okkur inn í hans hugarheim að þegar börnin læra að tala er hugurinn kominn langt fram úr málþroskanum. Þau geta hreinlega ekki beðið eftir því að læra að tala til að tjá allar tilfinningarnar og hugsanirnar sem þau upplifa. Í gegnum Ævintýralandið geta foreldrar verið með í þessu ferli og lært að þekkja börnin sín miklu betur. Eitt af markmiðum spilsins er einmitt að örva frásagnarlist og sköpunargáfu barnanna og það að fara saman inn í þennan þykjustuheim hefur gefið okkur sem fjölskyldu meira en okkur óraði nokkurn tíma fyrir." María og Rúnar segja spilið þaulreynt og prófað yfir næstum tíu ára skeið af börnum sínum, vinum þeirra og fjölskyldum vina og kunningja hérlendis og erlendis.

> „Ævintýrin eru fengin úr hugmyndaheimi barna og ganga út á eitthvað sem öllum börnum þykir heillandi og skemmtilegt."

Pæling ehf. er félag sem Rúnar og María stofnuðu utan um útgáfu Ævintýralandsins ásamt Ólafi Stefánssyni handboltamanni, Reyni Harðarsyni, stofnanda CCP, grafísku hönnuðunum Hallvarði Jónssyni, Sverri Ásgeirssyni og Vilhjálmi Inga Vilhjálmssyni og myndlistarmönnunum Birni Berki Eiríkssyni og Kára Gunnarssyni. Rúnar segir allt þetta fólk hafa komið að hugmyndavinnu spilsins á mismunandi stigum og sótt hafi verið óspart í sjóð eldri kynslóða til að rifja upp þykjustuleiki í gegnum tíðina. Einnig kom Brian Pilkington að gerð spilsins, en hann sá um fjölda myndskreytinga.

Þátttakendur eru tveir eða fleiri. Einn er í hlutverki sögumanns hverrar sögu en aðrir eru söguhetjur þeirra. „En það er ekki síður mikilvægt að það sé að minnsta kosti eitt barn, á aldrinum fjögurra til tólf ára, í hópnum," segir Rúnar, „því það er í huga barnsins sem ævintýrið á uppruna sinn."



**Jólabasar verður opnaður** í Nýlistasafninu á laugardaginn klukkan 12. Þar verða verk eftir fjölmarga listamenn og verður margt forvitnilegt í boði: Teikningar, málverk, abstrakt strengjabrúður og saumaðar brúður, hljóðverk, þrívíð verk og bækur.

# Spennandi barnabókajól

**Jólin þykja vera spennandi í meira lagi fyrir börn og unglinga en þó nokkrir íslenskir barnabókahöfundar senda frá sér bækur þar sem söguhetjur lenda í ótrúlegri atburðarás. Fréttablaðið leit í nokkrar bækur.**



Fangarnir í trénu er sjálfstætt framhald bókarinnar Galdrasteinninn sem höfundur, Harpa Dís Hákonardóttir, gaf út aðeins 16 ára gömul. Ævintýrin sem söguhetja bókanna lendir í eiga sér stað í Álfheimum, þar sem skuggalegar verur verða á vegi Erlu sem leggur í hættuför úr mannheimum.



Kristín Helga Gunnarsdóttir hefur þótt ná að fanga einhvern dularfullan og í senn spennandi tón í mörgum sínum bókum og tvinna saman samtíma og fortíð. Í ár kemur út bókin Ríólítreglan, en á skólaferðalagi í Landmannalaugar hverfur kennari og í framhaldinu gerast ótrúlegir atburðir.



Önnur bók með dularfullum undirtón er Náttúrugripasafnið eftir Sigrúnu Eldjárn. Rúnar er beðinn um að ferja dularfullan pakka frá New York til Íslands og á meðan fá vinir Rúnars aðra undarlega sendingu úr fjarlægri heimsálfu.



Upp á líf og dauða er óvenjuleg spennusaga, fyndin og alvarleg í senn, en í henni er tekið á efnum sem alla varðar; þunglyndi og sjálfsvígshættu unglinga. Hrönn finnur bréf sem vekur með henni óhug um að bréfritari ætli að fyrirfara sér og hefst leitin að þeim sem skrifaði bréfið. Jónína Leósdóttir er höfundur hennar.



Meðal annarra spennandi bóka fyrir yngri kynslóðina má nefna bókina Agnar Smári – Tilþrif í tónlistarskólanum, sem gerist í óhefðbundnu söguumhverfi; tónlistarskóla. Agnar Smári er fyrsta bók Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur, en í henni upplifir sjö ára strákur undarlegan dag í tónlistarskólanum ásamt vini sínum. Þeir vinir uppgötva dularfulla hluti í krókum og kimum skólans.



Þá er þriðja bókin um forseta Íslands eftir Gerði Kristnýju komin út; Forsetinn, prinsessan og höllin sem svaf, og er hún sannkölluð ævintýrabók. Forsetinn skellir sér á krýningarhátíð foreldra prinsessunnar vinkonu sinnar í Noregi og á síðan sjálfur afmæli meðan á ferðalaginu stendur.



Þrjár bækur þar sem dýr eru aðalpersónur koma út fyrir þessi jól. Söngur guðfuglsins eftir Ísak Harðarson fjallar um fjóra litla unga í Hljómskálagarðinum sem leita meðal annars svara við spurningunni um til hvers fuglar séu. Þá er fluga aðalhetja bókar Bryndísar Björgvinsdóttur; Flugan sem stöðvaði stríðið, en bókin hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2011. Kötturinn Keli lendir síðan í honum kröppum í bókinni Keli minn sem hvarf eftir Ingibjörgu Ferdinandsdóttur. Eigandi Kela, Hafsteinn 9 ára, er ekki síður söguhetja bókarinnar.

*juliam@frettabladid.is*


JÓLA NUDD Á FRÁBÆRU VERÐI
VICTORIA SALON & SPA
25 MÍN PARTANUDD
VERÐ: 3.900 KR.
50 MÍN DJÚPT HEILSUNUDD
VERÐ: 5.900 KR.
TILBOÐIÐ GILDIR TIL 15 JANÚAR 2012
VICTORIA SALON & SPA SUÐURLANDSBRAUT 16 SÍMI: 611 - 5500

NÝJASTA NÝTT
MADE IN USA
Þú flýgur með fiðring í maganum.
Margverðlaunaður sleði.
Fyrir 5 ára og upp úr.
Verð 11.900 kr.

Fæst einungis á 1. hæð Kringlunar v/ jólatréð.
Sleðinn var valinn leikfang USA 2009 og 2010
LOGY ehf. Sími 661-2580. Sendum í póstkröfu.

Jólatilboð
40-50%
afsláttur af völdum vörum
(Kjólar, tunicur, ermar og fl.)

Flott jólaföt fyrir flottar konur
Vertu vinur á Facebook
belladonna
Stærðir 40-60
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Rendur rúmföt
380 þráða
Okkar mýksta bómullarblanda,
sérvalin til að hámarka mýkt og gæði.

Kynningarverð
9.592 kr (áður 12.790 kr)
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Helgarfjör í Flash
30%
afsláttur af öllum vörum*

*Nema af sparikjólum
Opið til kl 22 til jóla
Fleiri myndir á Facebook
Vertu vinur
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Hágæða danskir skór með kraftsóla sem örvar blóðflæðið til fótanna
Komdu og prófaðu

iljaskinn.is
iljaskinn SKÓVERSLUN
Miðbæ, Háaleitisbraut 58-60
Sími: 553 2300


HEIMILI



## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Vöruflutningar

kona 29 jear gamla eins og að hitta mann. aldur er ekki problem.8570740 Anna

## Húsaviðhald




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

Kominn tími á viðhald? Nýbyggingar,sumarhús,gluggaskipti og almennt viðhald Upplýsingar ,Björn smiður ,s 893-5374.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




## Tilboð




## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Austurbæjarskóli**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðar Austurbæjarskóla. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur á norðaustur-hluta lóðarinnar. Lóð verður aðlöguð að byggingum þannig að breyting valdi sem minnstri röskun.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. desember 2011 til og með 1. febrúar 2012**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 1. febrúar 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 16. desember 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Til sölu

**Gullfallegur Minkapels til sölu!**
**Til sölu gullfallegur nánast ónotaður brúnn síður minkapels. Stærð 40 - 42. Upplýsingar í síma 893 0076**




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




**Heilinn þinn er kraftaverk**
Bók um það hvernig nota má mataræði og fæðubótarefni til þess að gera sem mest úr orku heilans, efla minnið, bæta hugarástand og skap, þroska greind og sköpunargáfu, hægja á og snúa við huglægri öldrun. „Stórkostleg bók sem getur aukið von og vellíðan hjá fjölda fólks." Fæst í öllum helstu bókabúðum. - www.heimaerbezt.net




**Kósý kvöldljós**
Saltkristalslampar, selenite lampar, náttúruleg ilmkerti ofl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 11-18, lau-sun 11-16. Sími 517-8060. ditto.is



**SNOWEX**
Handknúnir salt og sanddreifarar til afgreiðslu strax . Frábær lausn fyrir húsfélög og fyrirtæki til að hálkuverja gangvegi. ORKUVER ehf. Smiðjuvegi 11, s.5343435 www.orkuver.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Heimilistæki

Til sölu ýmsar gerðir af notuðum ísskápum, kæliskápum, frystikistum og frystiskápum. Uppl. s. 693 7141.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri




Fræsihjól fyrir beina og formaða hnífa. Ásborg Smiðjuvegi 11 S: 5641212

## Verslun









Fjarstýrðar Þyrlur í úrvali. Gott verð og gæði. Nýjasta tækni ótrúlegir flugeiginleikar. Netlagerinn slf Dugguvogi 17-19 Sími 517-8878 Vefsíða Tactical.is

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd í 101 Reykjavík. Uppl. síma 869 6415.

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

Chinese crested hvolpar til sölu, uppl. í síma 690 8091 María.

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Herbergi til leigu í Hfj með aðg að eldhúsi, þvottahúsi og baðherb. S. 695 5153

80 fm íbúð við Birkimel 2 til 3 svefnh + stofa með þvottavél, uppl 899-1220.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Akureyri: Nýjar, glæsilegar íbúðir í göngufæri við miðbæinn, nú á kynningarverði. Uppl. á innrikraftur.is eða 865 9429.

## Atvinna í boði

**Starfsmaður í Ísheima Samskip óska eftir að ráða starfsmann í Ísheima - frystigeymslu félagsins.**
**Hæfnikröfur**

**- Reynsla af vöruhúsavinnu er kostur**

**- Bílpróf**

**- Geta til að vinna undir álagi**

**- Gott heilsufar**

**- Hreint sakavottorð**

**- Heiðarleiki**

**- Stundvísi nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð**

**- Lyftarapróf er kostur**

**Vinnutími er 08:00 - 17:00**
**Nánari uppýsingar um starfið veitir Finnbogi Gunnlaugsson í síma 458-8560 eða 858-8560**

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu Laugavegi 29.

Boreteknikk as í Noregi óskar eftir vönum mönnum í steypusögun, kjarnaborun og byggingarvinnu o.fl. Áhs. sendi ferilskrá á post@boreteknikk.no eða í s. 004797574009.

LR óskar eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. í s. 841 1448.

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

# „MAGNAÐUR HROLLVEKJUTRYLLIR.“

ARNAR EGGERT THORODDSEN / MORGUNBLAÐIÐ




STEINAR BRAGI





2. PRENTUN KOMIN Í BÚÐIR

MÁL OG MENNING

★★★★★

„Gríðarflott, frumlegt og hyldjúpt skáldverk.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

„Frábærlega vel skrifuð bók.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / RÁS 2

„Hugmyndaauðgi höfundar nýtur sín vel í sögunni sem og lúmskur húmorinn.“

BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSSON / VÍÐSJÁ

„... þú þarft að drífa þig í gegnum hana, þú verður bara að vita hvað gerist. Taugatryllingur!“

GUÐRÚN DÍS EMILSDÓTTIR / RÁS 2

★★★★½

„... einhver áhugaverðasta og óvenjulegasta íslenska lestrarreynsla sem ég man eftir.“

INGI FREYR VILHJÁLMSSON / DV

„... mjög góður í að skapa hroll.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„... þetta er tveggja martraða bók (ég hrökk tvisvar upp við eigin hróp eftir að hafa lesið mig í svefn) sem gerði mig myrkfælna og nojaða í heila viku. Það er ansi gott bara.“

GUÐRÚN ELSA BRAGADÓTTIR / BOKVIT.BLOGSPOT.COM

„Mér finnst þessi bók brilljant ... mjög vel hugsað og vel unnið verk.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** innan, **8.** skýra frá, **9.** sæti, **11.** org, **12.** teiti, **14.** laust bit, **16.** í röð, **17.** sauðaþari, **18.** eyrir, **20.** drykkur, **21.** slabb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klastur, **3.** ólæti, **4.** spariföt, **5.** fjör, **7.** venslaður, **10.** mál, **13.** prjónavarningur, **15.** lasleiki, **16.** hryggur, **19.** guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** út, **8.** tjá, **9.** set, **11.** óp, **12.** knall, **14.** glefs, **16.** bd, **17.** söl, **18.** aur, **20.** te, **21.** krap.
**LÓÐRÉTT: 1.** fúsk, **3.** at, **4.** kjólföt, **5.** táp, **7.** tengdur, **10.** tal, **13.** les, **15.** slen, **16.** bak, **19.** ra.


**Helgarblað**
alla laugardaga



**Fékk orðu frá sænska kónginum**

Hrafnhildur Arnardóttur myndlistarkona hefur á stuttum tíma hlotið tvenn virt norræn verðlaun fyrir framúrskarandi listaverk sín.

**Meðal annars efnis:**

**Best klæddu konur ársins 2011**
Leikkonan Tilda Swinton bar af í klæðaburði á liðnu ári.

**Húmör og blóðmör eru bestir súrir**
Gluggað í grín í gegnum aldirnar frá Fóstbræðrasögu til Fóstbræðra.






**Allt sem þú þarft**


# Jóladraumur

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Jóladraumar eru í mörgum litum. Sumir láta sig dreyma um hvít jól af snjó og frosti, fyrir öðrum eru jólin rauð eins og klæði jólasveina, sumir eiga blá og einmanaleg jól og fyrir ekki svo mörgum árum voru engin jól með jólum nema þau væru svört, jólatréð og allt. Þá eru ótalin bleiku fiðrildajólin sem eflaust glöddu marga þegar þau voru í tísku.

**SJÁLF** hallast ég æ meir að grænum jólum. Ekki bara af því að jólatrén eru græn og grenikransarnir, heldur vegna þess að ég er hrædd um að ef gjörvöll mannkind reynir ekki að grænka af öllum mætti, og það sem fyrst, verði jólin hvorki hvít né rauð heldur grá og snauð. Og það er alveg hægt að gera jólin grænni án þess að hafa rosalega mikið fyrir því. Það eina sem þarf að gera er að opna hugann og augun pínulítið. Hér eru nokkur dæmi um slíkt:

**ÍSLENDINGAR** kaupa nú íslensk jólatré í miklum mæli, sem er mjög vel. Íslensk jólatré eru að sönnu höggvin niður í náttúrunni en þau eru ræktuð til þess arna og mikilvægast er að þau eru ekki flutt um langan veg með tilheyrandi olíunotkun. Svo vinnur fjöldi Íslendinga við skógrækt, þannig að íslensk jólatré eru atvinnuskapandi.

**VENJULEGAN** jólapappír má ekki endurvinna vegna málmagna sem í honum eru, gyllinga og silfurs. En það er hægt að pakka afskaplega fallega inn í venjulegan endurunninn teiknipappír og skreyta hann síðan fallega, mála eða lita og binda borða, jafnvel nota grenigreinar eða þurrkaða ávexti til að jóla pakkann enn meira. Svo má benda viðtakandanum á að geyma borðann og allir geta auðvitað geymt jólapappírinn sem þeir fá og notað hann aftur um næstu jól.

**JÓLAGJÖFIN** 2009, Jákvæð upplifun, er enn í góðu gildi. Frekar en að kaupa hluti sem kannski er ekki þörf fyrir er hægt að gefa upplifun eða það sem er enn þá betra: stundir. Ein besta jólagjöf sem ég hef fengið undanfarin ár var loforð um barnagæslu sem ég nýtti mér til hins ítrasta. Mig nefnilega vantaði ekki dót, en sárlega tíma.

**SVO** er hægt að kíkja í blaðið Góð ráð um græn jól sem fylgdi með Fréttablaðinu um miðjan nóvember og er aðgengilegt á vef Umhverfisstofnunar og Vísis. Með þetta sem annað sannast hið tiltölulega nýkveðna: „Enginn getur gert allt, en allir geta gert eitthvað.“
*Gleðigræn jól.*

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Peysa
3.999,-
4.999,-
Buxur
3.199,-
3.999,-
Kjóll
3.999,-
4.999,-
JÓLAFÖT Á KÁTA KRAKKA
20% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM SPARIFATNAÐI
GILDIR TIL 24. DESEMBER
Skyrta
2.399,-
2.999,-
Kjóll
3.999,-
4.999,-
Buxur
3.999,-
4.999,-
EINFALT
AÐ SKILA
& SKIPTA
VERSLAÐU Á HAGKAUP.IS
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# menning

menning@frettabladid.is

**FYRIRLESTUR UM JÓLASIÐI** Laugardaginn 17. desember klukkan 13 heldur dr. Terry Gunnell erindi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands um íslenska jólasiði í aldanna rás, frá heiðnum goðum til hrekkjóttra íslenskra jólasveina. Fyrirlesturinn er á ensku. Eftir fyrirlesturinn verða léttar veitingar í boði The English-Speaking Union á Íslandi. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

Bækur ★★

**Stórlaxar**

Þór Jónsson og Gunnar Bender

**Tindur**

## Ágætar veiðisögur

Bókin Stórlaxar eftir þá Þór Jónsson og Gunnar Bender er ein fjölmargra bóka um veiði sem komið hefur í bókaverslanir fyrir þessi jól. Bókin er viðtalsbók, þar sem rætt er við sjö veiðimenn. Hún er sjálfstætt framhald bókar sem kom út árið 1986 og nefndist einnig Stórlaxar. Höfundar þeirrar bókar voru Gunnar Bender og Eggert Skúlason.




Í nýju bókinni er rætt við Kristin Sigmundsson óperusöngvara, Ragnheiði Thorsteinsson dagskrárgerðarmann, Njörð P. Njarðvík, prófessor og rithöfund, Björn Kristin Rúnarsson leiðsögumann, Ólaf Rögnvaldsson framkvæmdastjóra, Guðmund Þ. Guðmundsson handboltaþjálfara og Árna Baldursson, sem oftast er kenndur við Lax-á.

Viðtalsformið er skemmtilegt í veiðibókum. Hver kafli er sjálfstæð frásögn, um fimmtán til tuttugu síðna löng, og því þægilegt að hafa bókina á náttborðinu og lesa einn kafla fyrir svefninn. Bókin er ágætlega skrifuð þó að textinn hefði sums staðar mátt flæða betur. Maður fær það stundum á tilfinninguna að spurningar hafi verið sendar til viðmælenda og þeim svarað skriflega. Þó veit ég ekkert hvort það er reyndin. Þetta á þó ekki við um alla kafla bókarinnar. Frásagnir þeirra Kristins, Njarðar og Árna standa upp úr. Árni Baldursson segir ekki bara veiðisögur heldur segir einnig frá því hvernig hann byggði upp fyrirtækið sitt Lax-á og er það einkar fróðleg lesning.

Útlit bókarinnar verður seint talið fallegt og dregur það bókina niður. Kápan er illa hönnuð og í besta falli klaufalegt hvernig sporður og haus laxanna eru skornir af á forsíðumyndinni. Annars eru fjölmargar myndir í bókinni, margar hverjar mjög skemmtilegar. Myndakaflinn hefði þó orðið betri ef myndirnar hefðu verið grisjaðar og lögð áhersla á að hafa færri en stærri myndir.

**Trausti Hafliðason**

**Niðurstaða:** Bók sem veiðimenn munu vafalítið hafa gaman af því að lesa. Nauðsynlegt hefði verið að leggja meiri vinnu í útlit og nostra eilítið meira við textann.




# Gegn hræsni og tepruskap

**Bókaforlagið Omdúrman hefur gefið út Mennt er máttur, kafla úr endurminningum Þórðar Sigtryggsonar sem Elías Mar skráði fyrir hálfri öld og hefur fengið á sig goðsagnakenndan blæ.**



**HJÁLMAR SVEINSSON** Fékk handritið að endurminningum Þórðar Sigtryggssonar úr dánarbúi Elíasar Mar, sem skráði þær snemma á 7. áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Mennt er máttur – Tilraunir með dramb og hroka* nefnist ný bók, sem kemur út hjá forlaginu Omdúrman, byggð á gömlu handriti með sama nafni. Þar skráir Elías Mar endurminningar Þórðar Sigtryggssonar vinar síns og organista.

Þórður var „hómósexúalisti“ á tímum sem farið var með samkynhneigð eins og mannsmorð. Í endurminningum sínum sleppir hann hins vegar fram af sér beislinu, bókin er stútfull af húmor, guðlasti, berorðum kynórum og heift út í íslenskt samfélag fyrir hræsni, hneykslunargirni og tepruskap.

Elías Mar hóf að skrifa endurminningar Þórðar 1961. Fjórum árum síðar var Þórður allur en Elías Mar gengur frá handriti 1972. Það lá óbætt hjá garði þar til 2007, þegar Elías andast, og ratar þá til Hjálmars Sveinssonar hjá Omdúrman, sem hafði skrifað um Elías og verk hans.

„Mér barst þetta handrit úr dánarbúi Elíasar á sínum tíma,“ segir Hjálmar sem jafnframt skrifar eftirmála að verkinu.

„Það hafði fengið á sig goðsagnakenndan blæ í gegnum árin. Ég hafði sjálfur heyrt óljósar sögur um hvað stæði í þessu handriti, mikið guðlast og kynórar og að menn hafi lengi spáð í að gefa þetta út en enginn þorað. Ég fékk strax mikinn áhuga á að gefa þetta út hjá mínu forlagi og kom því loksins að núna.“

Þórður fæddist 1890, hlaut litla skólagöngu en var engu að síður mikill menntamaður og fagurkeri og talaði til dæmis fjögur tungumál. Hann framfleytti sér með orgelleik og bjó lengst af ævinni við kröpp kjör. Hjálmar telur fáa hafa vitað að Þórður hafi verið samkynhneigður á sínum tíma, enda fóru menn leynt með slíkt á þeim tíma.

„En í ákveðnum kreðsum, ekki síst tengdum Unuhúsi, var hann svo að segja opinber „hómósexúalisti“ eins og það hét. Í Unuhúsi komst hann í kynni við Halldór Laxness, sem heillaðist svo af honum að hann skrifaði upphaflega persónu organistans í Atómstöðinni með hann í huga.

„Í *Húsi skáldsins* eftir Peter Hallberg kemur fram að í fyrstu drögum sögunnar var organistinn miklu grófari manngerð en í endanlegu gerðinni; stóryrtari og augljóslega „kynvilltur“. Hallberg nefnir Þórð hvergi á nafn en Elías var ekki í nokkrum vafa um að Þórður væri fyrirmyndin. En þegar Laxness er að skrifa bókina andast Erlendur í Unuhúsi. Halldór vill heiðra minningu vinar síns og ljær organistanum skýrari drætti frá Erlendi svo hann verður þessi hálf kynlausi taóisti.“

> Þetta handrit er algjörlega meðvituð yfirlýsing. Þarna er haldið á lofti mjög sterkri fagurfræði sem á sér hliðstæðu annars staðar.
>
> **HJÁLMAR SVEINSSON**

Útgáfa handritsins er mikilvæg viðbót við sögu samkynhneigðra á Íslandi enda segist Hjálmar leggja á það áherslu að Þórði sé ekki hægt að ýta út í horn kynlegra kvista, eins og tilhneiging sé til.

„Þetta handrit er algjörlega meðvituð yfirlýsing. Þarna er haldið á lofti mjög sterkri fagurfræði sem á sér hliðstæðu annars staðar. Ég vísa til dæmis í skrif Susan Sontag frá 1963, þar sem hún lýsir þeirri menningu sem lifir hjá þessum jaðarhópi; ást á óperum, kitsi, Oscar Wilde – í dag er það Eurovision og því um líkt. Þetta er ekki eitthvert rugl út í bláinn heldur ákveðin stemning sem þessir hópar rækta. Þessi bók sýnir að þessi stemning var líka til hér á Íslandi á þessum tíma, en bara í mjög litlum kreðsum.“

Hjálmar er sannfærður um að Elías Mar hafi ætlað handritið til útgáfu í þeirri mynd sem hann gekk frá því. Handritið var til í örfáum fjölrituðum eintökum, meðal annars átti Halldór Laxness eintak og segir Hjálmar hann hafa lesið upp úr því fyrir gesti til skemmtunar. Þá hafði Sigfús Daðason eintak undir höndum sem hann hafði hug á að gefa út fyrir um tuttugu árum en ekkert varð úr.

„Ég hugsa að því hafi ekki aðeins ráðið þessar pornógrafísku lýsingar, heldur ræðst Þórður líka á nafngreinda menntamenn. En sé þessi bók lesin af sanngirni held ég að fólk sjái að það er ekki meint bókstaflega. Þórður er ekki mjög áreiðanlegur sögumaður; undirtitillinn, Tilraunir með dramb og hroka, bendir til að þetta sé líka írónía, Þórður er líka að hlæja að sjálfum sér. Síðast en ekki síst veit maður ekki að hve miklu leyti þetta er sköpunarverk Elíasar Mar. Og mér finnst það bara fínt.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Tímalaus stemning

Tónlist ★★★★★

**Jólatónleikar Ríkisútvarpsins**

Kammerhópurinn Carmina undir stjórn Árna Heimis Ingólfssonar

**Kristskirkja**



Það var gaman í Kristskirkju á mánudagskvöldið. Þar voru jólatónleikar Ríkisútvarpsins haldnir. Á efnisskránni voru trúarleg lög úr íslenskum sönghandritum frá 15., 16. og 17. öld. Kammerhópurinn Carmina, undir stjórn Árna Heimis Ingólfssonar, söng en einnig lék Karl Nyhlin á bassalútu. Ég hef sjaldan heyrt jafn sjarmerandi tónlistarflutning.

Söngurinn var tær og í fullkomnu jafnvægi. Túlkunin var þrungin tilfinningu, kraftmikill kórsöngurinn kom einstaklega vel út í endurómun kirkjunnar. Hver tónn var mótaður af fagmennsku og smekkvísi.

Nokkrir kórmeðlimir sungu einsöng, oftast við lútuleik. Það var afar fallegt. Lútan skapaði tímalausa stemningu og lög með einum eða tveimur söngvurum voru skemmtileg tilbreyting frá kórsöngnum. Eitt magnaðasta lagið var úr stærsta íslenska tónlistarhandritinu frá 17. öld. Handritið heitir Melódía, en lagið var „Eilífft lof með elsku hátt“ og var sungið af Kristínu Ernu Blöndal.

Í Melódíu eru mörg hundruð lög, sum þeirra þjóðlög en önnur hafa jafnframt fundist í handritum í Evrópu. Lögin eru skemmtilega ólík, allt frá gregorífönskum messusöng til lagsins Vera mátt góður, sem margir kannast sjálfsagt við frá því Þursaflokkurinn söng það fyrir tæpum þrjátíu árum.

Á tónleikunum voru einnig útsetningar núlifandi tónskálda á fornum lögum. Þetta voru þau Hildigunnur Rúnarsdóttir, Anna Þorvaldsdóttir og Hugi Guðmundsson. Útsetningarnar voru allar prýðilegar og engin þeirra virtist langt frá upprunalegri mynd laganna. Samt voru verkin skemmtilega ólík. Það var falleg einlægni í útsetningum Hildigunnar, þjóðleg heiðríkja í þeirri sem Hugi gerði og hrífandi dulúð í verki Önnu, ef svo má að orði komast.

Dagskránni lauk með hinu sígilda jólalagi Sigvalda Kaldalóns, Nóttin var sú ágæt ein. Flutningurinn var hástemmdur og magnaður. Það var fullkominn endir á frábærum tónleikum.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Glæsilegir tónleikar með dásamlegri tónlist.

3 BJARTSHÖFUNDAR ERU TILNEFNDIR TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA 2011 OG HLUTU BÓKMENNTAVERÐLAUN STARFSFÓLKS BÓKAVERSLANA

# TIL HAMINGJU!





## JARÐNÆÐI EFTIR ODDNÝJU EIR ÆVARSDÓTTUR

Þessi þriðja skáldsaga Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur fjallar um leitina að rótfestu, og heimili sem rúmar í senn ástar- og fjölskyldulíf, skrautlegt félagslíf og næði.

„Skemmtilega skrifuð og gaman að lesa."
– KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN

„Einkar fallega skrifað verk, óvenjulegt og fullt af djúpum pælingum."
–ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

## HJARTA MANNSINS EFTIR JÓN KALMAN STEFÁNSSON

Sjálfstætt framhald bókanna Himnaríki og helvíti og Harmur englanna sem fara nú sigurför um Evrópu. Fyrst var það hafið, svo snjórinn.
**Nú er það ástin.**

„Stórglæsilegur skáldskapur."
– KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN

„Meistaralega skrifuð skáldsaga."
–FRANKFURTER ALLGEMEINE ZEITUNG, UM HARM ENGLANNA









## JÓJÓ EFTIR STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR

Ný og áhrifamikil skáldsaga eftir einn ástsælasta höfund þjóðarinnar.
Ást og uppgjör, glæpur og refsing – og órannsakanlegir vegir vináttunnar.

★★★★★
„Mjög flott – reyndar mjög, mjög flott."
– KRISTJÁN HRAFN GUÐMUNDSSON, DV

★★★★★
„ ... útkoman nálgast fullkomnun."
– FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVIK

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR



## PHILIPS SENSEO KAFFIVÉL

**Philips HD7810SV**
1450w Senseo Kaffivél sem fyrir 1-2 bolla í einu. Hver bolli er ferskur með froðu. Tekur aðeins 30 sek. að laga. Auðvelt að hreinsa.

TILBOÐ **14.995**
FULLT VERÐ 18.995



*Tveir Merrild Intense kaffipakkar fylgja.*



## PHILIPS

**Philips HF3465**
Vekjari með ljósi sem vekur mjúklega með „sólarupprás" sem er stillanleg frá 0-30 mín. Nota má vekjara án ljóss. 20 birtustig. Notalegt hljóð til að vakna við.

*Dagsbirtuvekjari*

TILBOÐ **14.995**
FULLT VERÐ 19.995

Klínískt prófaður - Philips hefur 100 ára reynslu í ljóstækni.



**Saeco XsmallPlus**
Sjálfvirk 1500w kaffivél með katli úr ryðfríu stáli. Kvörn úr keramík. Panarello flóunarstútur. 170gr baunahólf. 1l vatnstankur. 8 bolla korgskúffa. 15 bör þrýstingur. Til heimilisnotkunar.

PHILIPS Saeco sense and simplicity

TILBOÐ **79.995**
FULLT VERÐ 89.995



## PHILIPS

**Philips SA3VBE04KN**
4GB Philips FullSound MP3 spilari.Tónjafnari. 1,8" LCD litaskjár. Allt að 25 klst. afspilun á hljóði og 5 klst. á vídeó skrám.

VERÐ **12.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## PHILIPS



**Philips HX5350**
Sonicare tannbursti með hleðslu.

TILBOÐ **6.995**
FULLT VERÐ 7.995



**Philips HX6311**
Sonicare tannbursti fyrir krakka. 2 misstórir hausar fylgja og burstinn hjálpar við að gera burstun lengri og betri með hljóðmerkjum.

TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ 14.995



**HealthyWhite** - Gerir tennur hvítari.

**Philips HX6711**
Sonicare tannbursti með hleðslu. Stillingar fyrir 2ja mín. hreinsun með 30 sek. hvítun.

TILBOÐ **11.995**
FULLT VERÐ 17.995

**Sonicare** tæknin er einkaleyfisvarin og gerir burstun auðveldari, hreinsar vel og fer vel að tönnum og góm.



MELISSA

**Melissa 644020**
400w safapressa sem tekur hart grænmeti og ávexti. Ekki þarf að taka fræin úr eða afhýða. 2 hraðar. Stór hratbakki.

VERÐ **8.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Ariete

**Ariete DC1911**
1000w heilsugrill með hitastilli og hitaljósi. Efri hluti færist eftir þykkt matar. Non-Stick - Auðvelt að þrífa.

VERÐ **9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Dantax

**Dantax M20**
20 lítra og 800w örbylgjuofn með glerplötu. Handstýrður. 5 stillingar.

VERÐ **12.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Ariete

**Ariete DC090400AR0**
1000w PIZZUOFN með stein snúnings-platta. 4 stillingar. Gluggi á loki.

VERÐ **13.995**
FRÁBÆRT VERÐ



KENWOOD

**Kenwood BM150**
600w brauðvél sem tekur 700 grömm. Einföld í notkun. Heldur heitu í 1 klst.

TILBOÐ **14.995**
FULLT VERÐ 24.995



CASIO

MEÐ ÁSLÁTTARNÆMNI

**Casio CTK3200**
5 áttunda hljómborð með LCD skjá, 61 nótu, ásláttarnæmni, 400 hljóðum, 150 ryþmum, 48 nótna pólifóníu, 110 lögum, 3ja skrefa kennslu, LCD skjá og Pitch bend hjóli. Tengi: USB, MIDI, heyrnatól, MP3 og fótstig. Spennubreytir fylgir.

VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ



DALI
DENON
NAD

## ÚRVAL HÁGÆÐA HLJÓMTÆKJA OG HÁTALARA

3ja ára ábyrgð!



MEDISANA made for Life

**Medisana 88932**
Shiatsu nuddsæti fyrir bak, axlir og háls. 3 nuddsvæði. Víbringsnudd í setu. Styrkleika-stillir. Hita eiginleiki. Fjarstýring.

VERÐ **27.995**
FRÁBÆRT VERÐ

3ja ára ábyrgð!



MEDISANA made for Life

**Medisana 88930**
Shiatsu nuddsæti fyrir bak, axlir og háls. 3 nuddsvæði. Hita eiginleiki. Víbringsnudd í setu. Styrkleikastillir. Hita eiginleiki. Fjarstýring.

VERÐ **29.995**
FRÁBÆRT VERÐ




*OPIÐ TIL 20.00 ALLA HELGINA*

Heimilistæki ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500










Tónlist ★★★★

**Rhizoma**

Anna Þorvaldsdóttir

**Innova**

## Eitraður sætleiki



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

Ég verð að viðurkenna að undanfarið hef ég hrifist æ meira af tónlist Önnu Þorvaldsdóttur. Undir kyrru yfirborðinu er eitthvað dularfullt sem grípur mann, eins og öll góð list á að gera.

Á nýútkomnum geisladiski er að finna þrjú stór verk eftir Önnu, Hrím, Dreaming og Streaming Arrythmia. Inn á milli eru styttri tónsmíðar.

Tónlistarflutningurinn er flottur, hvort sem það er Caput-hópurinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands eða slagverksleikarinn Justin DeHart. Stemningin í tónlistinni skilar sér fullkomlega. Hún er ávallt myrk, en myndræn. Ég gæti vel ímyndað mér tónlistina í samhengi við kvikmynd, og þá væntanlega um eitthvað skelfilega óhugnanlegt. Þar er ís og kuldi, og óteljandi skuggar. Áferðin er fínleg. Allskonar smáatriði, samspil ólíkra radda, hrynjandi sem örlar á, fjarlægur niður; þetta er nostursamlega unnið og fagurlega samsett. Útkoman er hrífandi skáldskapur. Það fer um mann ljúfur hrollur þegar tónlistin er leikin. Mér liggur við að vitna í rússneska tónskáldið Alexander Skrjabín, sem sagði að spila ætti tiltekið verk eftir hann með eitruðum sætleika. Einhvernvegin þannig er tónlistin eftir Önnu. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Mögnuð, myrk tónlist.





**UMDEILDUR** Tvö listaverka Sierra, sjálfsmynd til vinstri og mynd úr gjörningi þar sem vændiskonur voru húðflúraðar og fengu heróín að launum, til hægri.

# Húðflúraði vændiskonur fyrir heróín

Spænski listamaðurinn Santiago Sierra, einn róttækasti myndlistarmaður samtímans, verður með sýningu í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi fljótlega eftir áramót. Listamaðurinn er væntanlegur til landsins af þessu tilefni, en gjörningar hans hafa vakið gríðarlega athygli þar sem hann fer og má gera ráð fyrir að borgarbúar fari ekki varhluta af þeim. Á sýningunni í Hafnarhúsi verður í fyrsta sinn á heimsvísu sýnt heildarsafn allra heimildarkvikmynda og -myndbanda Sierra.

Verk Sierra eru þekkt fyrir að hneyksla og þau ganga iðulega þvert á velsæmishugmyndir fólks. „Hann hefur greitt vændiskonum með heróíni fyrir að láta húðflúra beina línu yfir bakið á þeim og eiturlyfjaneytendum fyrir að láta raka tíu sentimetra rák af hárinu af þeim. Hann hefur fengið verkamenn til að bera þunga hluti fram og til baka í algjöru tilgangsleysi og aðra hefur hann lokað inni í pappakassa í kæfandi sumarhitum. Hann hefur fengið fjölda manns til kynlífsathafna og sem fulltrúi Spánar á Feneyjatvíæringnum 2003 meinaði listamaðurinn öllum nema löndum sínum aðgang að spænska skálanum. Allir þessir gjörningar og fleiri verða sýndir í Hafnarhúsinu.

Sierra er sakaður um að færa sér í nyt bágbornar aðstæður undirmálsfólks með því að greiða því fyrir þátttöku í verkum sínum með aðgerðum sem margir telja mjög vafasamar. En tilgangur Sierra er ekki að hneyksla heldur að varpa ljósi á viðteknar hugmyndir manna um ójöfnuð og misskiptingu innan samfélagsins,“ segir í fréttatilkynningu safnsins.

Sierra stundaði nám í heimaborg sinni Madrid og síðar í Hamborg. Að námi loknu flutti hann til Mexíkó, þar sem hann bjó í fjórtán ár og hafði sú dvöl afgerandi áhrif á afstöðu hans til listarinnar og samfélagsins. Sierra býr nú og starfar í Madrid.


MORKINSKINNA






TVÖ NÝ BINDI ÍSLENZKRA FORNRITA

*Við óskum þeim Ármanni Jakobssyni og Þórði Inga Guðjónssyni til hamingju með tilnefninguna. Nánari upplýsingar um heildarútgáfu Íslenzkra fornrita er að finna á www.hib.is*

**Morkinskinna** er mikið konungasagnarit frá fyrri hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Ritið mun í öndverðu hafa náð fram að valdatöku Sverris Sigurðarsonar seint á 12. öld, en niðurlagið er glatað. Hér er á ferð elsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega.

**Morkinskinna** er hér í fyrsta sinn gerð aðgengileg íslenskum almenningi, með ítarlegum formála og skýringum. Myndir og kort prýða útgáfuna.

HIÐ ÍSLENZKA FORNRITAFÉLAG

*Dreifing*

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG


Bækur ★★

**Sagan sem varð að segja**

Þorfinnur Ómarsson og Ingimar H. Ingimarsson

**Veröld**

## Kusk á hvítflibba

Flestir tengja Ingimar Hauk Ingimarsson við Björgólfsfeðga. Hann er maðurinn sem heldur því fram að þeir hafi svikið af honum rússnesku bjórverksmiðjuna sem gerði þá ríka. Því hefur ríkt nokkur eftirvænting eftir ævisögu hans.

Saga Ingimars er um margt merkileg. Hann er mikill ævintýramaður og hefur farið víðar en flestir í alþjóðlegu viðskiptalífi. Áhrif hans á íslenskan arkitektúr og sýn hans á það fag og umgjörð þess eru áhugaverð. Það er líka skemmtilegt að lesa um mann sem hefur náð miklum árangri á sínu sérsviði en ákveður að yfirgefa öryggið til að hella sér út í óræð, og oft á tíðum tilviljunarkennd, viðskipti í fjarlægum löndum sem fæstir myndu fara til í frí, hvað þá til að stunda viðskipti. Þetta er helsti kosturinn við sögu Ingimars. Ævintýramennskan.

Sagan er þó á köflum afar brotakennd. Miklu púðri er til að mynda eytt í að leggja áherslu á hversu mikið æska hans, og sérstaklega samband við móður, hafði áhrif á það hvers konar maður hann varð. Þetta kemst illa til skila og lesandinn er í raun engu nær eftir fyrsta hluta bókarinnar um hvaða þættir í persónuleika hans mótuðust svona mikið á þessum upphafsárum. Ingimar er mjög áfram um að koma því til skila að í honum búi tveir persónuleikar, Ingimar annars vegar og Haukur hins vegar. Annar er frjór og fullur, hinn er skipulagður og edrú. Á bak við þessa skilgreiningu er greinilega djúp greining en henni er ekki komið nægilega skýrt á framfæri. Fyrir vikið verða tilvitnanir í þessa tvo persónuleika mun frekar til þess að rugla lesandann en að veita honum skýrari sýn á manninn Ingimar Hauk.

Í gegnum alla söguna er mikið af endurtekningum. Á það jafnt við um atburði og ekki síst upplifanir og skoðanir Ingimars á þeim. Ég veit ekki hvort þetta var gert með vilja til að undirstrika ákveðin atriði eða hvort þetta er yfirsjón í yfirlestri. Hvort sem er þá er þetta hvimleitt.

Þegar komið er í þann hluta bókarinnar sem snýst um alþjóðleg viðskipti Ingimars virðist honum umhugað að koma því á framfæri að hann sé staðfastur prinsippmaður sem standi fyrir heiðarleika í viðskiptum. Samt vílar hann ekki fyrir sér að eiga viðskipti við herforingjastjórn í Bangladess, nýta sér viðskiptasambönd fyrrverandi áhrifamanna innan Kommúnistaflokksins í Austur-Þýskalandi, að beinlínis múta háttsettum embættismönnum í Rússlandi með glansgjöfum til að smyrja fyrir framgangi viðskiptagjörninga í landinu og fara í flugrekstur með landflótta Ródesíumönnum (síðar Simbabve) sem virtust ekki miklir áhugamenn um lög og reglur. Þá er Ingimar tamt að klína öllu sem aflaga fer í viðskiptum hans á gagnaðilana eða aðra utanaðkomandi þætti. Lesandinn fær það á tilfinninguna að hann telji ansi marga hafa ástæðulaust horn í síðu hans.

Það má kannski segja að það sé eitt helsta aðdráttarafl bókarinnar. Mennirnir sem sviku Ingimar. Hvort sem þeir eru aldnir danskir starfsmenn SAS, kostulegir íslenskir ráðherrar, rússneskir embættismenn eða Björgólfsfeðgar. Ég hefði kosið að frásagnir af viðskiptum Ingimars við þessa aðila hefðu verið meira upplýsandi, í stað þess að undirstrika einungis hversu illa var farið með hann. Ævisögur eiga enda að svara spurningum. Mér fannst þessi þó skilja eftir ansi margar sem er ósvarað. **Þórður Snær Júlíusson**

**Niðurstaða:** Áhugaverð saga en brotakennd frásögn skilur eftir margar spurningar sem er ósvarað.

GESTAKOMUR Í SAUÐLAUKSDAL

# „MEÐAL FIMM BESTU SKÁLDVERKA ÁRSINS"

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN




„Frábærlega skrifuð bók. Hún er veisla fyrir huga og geð. Í henni er að finna einhvern skemmtilegasta íslenska texta sem ég hef lengi lesið"

Sjón, rithöfundur

„Lýsingarnar á fylleríi Etasráðsins eru það besta fyllerí sem ég hef séð í íslenskum bókmenntum síðan Halldór Laxness skrifaði um Magnús í Bræðratungu."

Egill Helgason, Kiljan

„Stórskemmtileg og fróðleg... Bókin um kartöflu Björns í Sauðlauksdal er frumleg, skemmtileg og fyndin. Hún er allt í senn bókmenntir, saga og matreiðslubók."

Svavar Gestsson, svavar.is

„Óvænt perla í jólabókaflóðinu!"

Illugi Jökulsson, Eyjan



Sölvi Björn Sigurðsson

★★★★

„Bráðskemmtileg"

Morgunblaðið

„Mikil dásemdarbók."

Jón Yngvi Jóhannsson

„Þrusubók. Þeir sem hafa unun af góðum skáldskap eiga að lesa þessa bók."

Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan

sögur ÚTGÁFA

www.sogurutgafa.is




# Tekur frá Eurovision-hallir fyrir Frostrósar-tónleika

**Frostrósar-tónleikaröðin mun velta í kringum 150 til 170 milljónum þegar yfir lýkur. Forsvarsmenn tónleikaraðarinnar ætla sér stóra hluti á næsta ári.**



**Í VÍKING TIL SKANDINAVÍU**

Samúel Kristjánsson ætlar að flytja Frostrósarþemað til Noregs og Svíþjóðar og hefur þegar bókað Eurovision-hallirnar Globen og Spektrum í Stokkhólmi og Ósló. Ráðgert er að halda Frostrósar-tónleika í fjórtán borgum landanna tveggja auk þess sem verið er að skoða möguleika í Danmörku og Finnlandi. Sissel Kyrkjebø verður tónleikahaldaranum væntanlega innan handar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum búnir að ganga frá þessu og ætlum að gera þetta á næsta ári. Þetta hefur staðið til síðustu tvö ár en alltaf verið frestað. Nú ætlum við hins vegar að kýla á þetta," segir Samúel Kristjánsson. Hann ætlar að flytja út Frostrósar-þema sitt til Noregs og Svíþjóðar og halda þar tónleika í fjórtán borgum í löndunum tveimur.

Samúel er nýkominn heim frá Ósló þar sem hann var að ganga frá samningum þess efnis en jafnframt er verið að skoða tónleikastaði í Danmörku og Finnlandi. Þegar yfir lýkur gætu Frostrósar-borgirnar því orðið tuttugu í Skandinavíu. Samúel hefur þegar gengið frá leigu á tveimur stærstu tónleikasölum Svíþjóðar og Noregs; það er Globen í Stokkhólmi og Spektrum í Ósló. Þessar hallir eiga það báðar sameiginlegt að hafa hýst Eurovision-keppni. Spurður hvort íslenskir söngvarar muni koma við sögu efast Samúel um það, sýningarnar verði byggðar upp með söngfuglum hvers lands. Hann gerir sér jafnframt vonir um að Sissel Kyrkjebø verði þeim innan handar við tónleikahaldið. „Hún var búin að lýsa því yfir að hún ætlaði að taka sér frí í tvö ár en gerði alveg sérstaka undantekningu fyrir Ísland," segir Samúel.

Frostrósir hafa slegið í gegn hér á landi og árið í ár var engin undantekning. Allt tal um kreppu og samdrátt virðist því ekki eiga við rök að styðjast þegar kemur að þessum jólatónleikum. „Við fengum 27 þúsund gesti í fyrra og ég reikna með að við náum þeirri tölu aftur." Viðskiptablaðið birti í október frétt þess efnis að Frostrósar-tónleikarnir myndu velta 250 milljónum króna í miðasölu en Samúel segir þá tölu aðeins of háa, hún sé á bilinu 150 til 170 milljónir. „En kostnaðurinn er líka gríðarlegur. Síðustu tvö ár hafa hins vegar verið nokkuð góð og við höfum komið út réttum megin við núllið," segir Samúel.

Fjórir Frostrósar Klassík-tónleikar fóru fram í Hörpu um síðustu helgi þar sem Kyrkjebø söng með íslenskum söngvurum. Orðrómur var á kreiki um að brögð hefðu verið í tafli með þriðju tónleikana sem voru um miðjan dag á sunnudeginum en á vefsíðunni midi.is var auglýst að uppselt væri á þá. Samúel segir að þeir tónleikar hafi verið keyptir af fjórum fyrirtækjum, þeir voru styttri eða aðeins fimmtíu mínútur. Hann þvertekur því fyrir að einhverjum blekkingum hafi verið beitt. „Við veltum því fyrir okkur hvort við ættum að setja þessa tónleika á netið og ákváðum að gera það."

freyrgigja@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 16. desember**

### ➜ Tónleikar



**22.00** Jólaplögg Record Records 2011 er haldið á Nasa. Fram koma hljómsveitirnar **Of Monsters and Men**, Agent Fresco, Sykur, Orphic Oxtra og Lockerbie. Miðaverð í forsölu á Miði.is 1.500 kr.

**20.00** Tónlistarmaðurinn Mugison heldur fría tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Seinni tónleikar verða klukkan 23.00.



**21.00** Próflokafögnuður á Bar 11 þar sem fram koma **Úlfur Úlfur** og Smutty Smiff sem verður við plötuspilarana.

**21.00** Þrítugasta og fjórða Grapevine Grassroots kvöldið verður haldið á Hemma & Valda, Laugavegi 21. Fram koma hljómsveitirnar Cosmos, Sinner Bean og Gang Related. Eins og venjulega er ókeypis inn.

**22.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. 1.000 kr. inn.

**21.30** Hljómsveitin Hellvar heldur tvenna tónleika á Dillon við Laugaveg. Fyrri tónleikarnir verða órafmagnaðir. Síðan verður gert stutt hlé, en talið aftur í með rafmagnið á klukkan 22.30.

**23.30** Contalgen Funeral leikur á Gullöldinni í Grafarvogi.

**12.15** Sérlega jólalegir hádegistónleikar verða í Hátíðarsal Skúlatúns 2, efstu hæð. Þar munu stíga á stokk frændsystkinin Anna Jónsdóttir, óperusöngkona og Svavar Knútur söngvaskáld og söngvari ásamt Sophie Schoonjans hörpuleikara.



**21.00** Hljómsveitin **Nolo** heldur tónleika í tilefni útgáfu plötu sinnar, Nology á Bakkus. Um upphitun sjá hljómsveitirnar Saytan og Prinspóló og Bobby Breiðholt leikur tónlist af plötum eftir tónleikana. Frítt inn.

### ➜ Leiklist

**20.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir verkið Jarðskjálftar í London eftir Mike Bartlett í leikstjórn Halldórs E. Laxness. Sýningar verða í Leikhúsi Listaháskóla Íslands að Sölvhólsgötu 13. Miðaverð er kr. 1.500.

### ➜ Opnanir

**16.00** Sýning á verkum Diddu Hjartardóttur Leaman myndlistarmanns verður opnuð í Artóteki á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Allir eru velkomnir á opnunina. Á sýningunni eru ljósmyndir teknar í búsáhaldabyltingunni árið 2009. Sýningin stendur til 29. janúar. Opið er mánudaga til fimmtudaga kl. 10-19, föstudaga kl. 11-18 og um helgar kl. 13-17.

### ➜ Uppákomur

**13.30** Félagsmiðstöðin Aflagranda 40 stendur fyrir jólabingói.

### ➜ Dansleikir



**23.30** **Land & synir** ætla að rifja upp gamla takta og bjóða upp á alvöru sveitaball á mölinni í tilefni prófloka. Miðaverð 1.500 krónur, 20 ára aldurstakmark.



### ➜ Uppistand

**21.00** Síðasta sýning á Dagbók **Önnu Knúts** fyrir jól í Gaflaraleikhúsinu. Sérstakur gestur er Elva Dögg Gunnarsdóttir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# 1.400 blaðsíðna listaverk í 5 bindum

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA




Við óskum Listasafni Íslands og Forlaginu til hamingju með nýja meistaraverkið og þökkum ánægjulegt samstarf við vinnslu Listasögu Íslands.

FORLAGIÐ

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

ODDI

Prentun frá A til Ö

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.**
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

folk@frettabladid.is



**47 ÁRIN** mun leikarinn Benjamin Bratt fylla í dag. Hann er þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Law & Order.

# Kanye daðrar við Kim

**Hin nýfráskilda Kim Kardashian átti gott kvöld með rapparanum Kanye West eftir eina tónleika þess síðarnefnda ef marka má frásögn The New York Daily News. Rapparinn hélt veislu eftir tónleika sína í Los Angeles og var Kardashian á meðal gesta þar.**

**„Kanye sveimaði eins og köttur í kringum heitan graut þegar Kim kom inn í herbergið. Hann var stanslaust að snerta hana og hefði líklega gefið henni koss ef færra fólk hefði verið í veislunni," var haft eftir sjónarvotti. Kardashian var einnig orðuð við West skömmu áður en hún kynntist eiginmanninum fyrrverandi, Kris Humphries.**



**SKOTIN** Vel fór á með Kim Kardashian og Kanye West í veislu fyrir stuttu.



**OF GRANNUR** DiCaprio fær góða dóma fyrir frammistöðu sína sem FBI-stjórinn.

# Vildi fitna en gat það ekki

Leonardo DiCaprio óskaði þess að hann gæti fitnað hraðar þegar hann var við tökur á mynd um stofnanda FBI-leynilögreglunnar, J. Edgar Hoover.

Hoover var vel í holdum þannig að DiCaprio þurfti að klæðast fitubúningi við tökurnar. „Ég var stanslaust með innilokunarkennd þannig að ég reyndi að fitna svo ég þyrfti ekki að vera í búningnum. Ég gerði mitt besta en það voru bara ekki nógu margar kökur á svæðinu til að það tækist."



**Á BRIMBRETTI** Rich Aucoin á brimbretti á tónleikum í Bandaríkjunum fyrr á árinu. NORDIPCHOTOS/GETTY

# Maðurinn sem sörfaði á Airwaves

**Rich Aucoin frá Kanada er á leiðinni til Íslands í annað sinn og spilar á Nasa 30. desember. Hann er rísandi stjarna í tónlistarbransanum og hefur vakið athygli fyrir brimbrettatakta sína.**

Kanadíski popparinn Rich Aucoin stígur á svið á Nasa 30. desember ásamt Retro Stefson og Of Monsters And Men. Hann er rísandi stjarna í heimalandi sínu og hefur verið spáð góðu gengi á heimsvísu í þekktum erlendum tímaritum.

Aucoin spilaði einmitt á Nasa á Airwaves-hátíðinni í haust við mjög góðar undirtektir. „Það var alveg ótrúlega gaman. Ég hitti mikið af frábæru fólki og fór í skemmtileg partí," segir Aucoin sem spilaði einnig á nokkrum smærri tónleikum á hátíðinni.

Tónleikagestum á Nasa er vafalítið eftirminnilegt þegar hann fór með hugtakið „crowd surf" alla leið og sveif um á brimbretti yfir áhorfendaskaranum. Myndir af uppátækinu birtust á síðu tónlistartímaritsins Rolling Stone. „Það var rosalega gaman. Ég hef gert þetta örugglega sex sinnum og hef þetta alltaf mismunandi í hvert skipti. Í fyrsta sinn prófaði ég þetta á útihátíð þar sem þúsundir voru að horfa á. Ég hef líka gert þetta á pínulitlum stöðum en á stöðum eins og Nasa er þetta mjög gaman. Þar er margt fólk og allir geta líka séð hvað er að gerast. Það er líka gaman að gera þetta undir þessari risastóru diskókúlu sem er þar," segir Aucoinm. Hann fer einmitt oft á brimbretti heima hjá sér í Nova Scotia, meira að segja um vetur þegar sjórinn er ískaldur. Einnig reynir hann að nota tækifærið og fara á brimbretti á tónleikaferðum.

> Mig langar að spila eins oft á Íslandi og ég mögulega get.

Eins og brimbretta-svif Aucoins á tónleikum ber vott um er hann ófeiminn við að tengjast tónleikagestum sterkum böndum. „Mér finnst mjög mikilvægt að öllum líði eins og þeir séu hluti af tónleikunum. Ég vil vera eins mikið í áhorfendaskaranum og mögulegt er, ekki bara hanga uppi á sviði og vera úr tengslum við áhorfendurna."

Aucoin gaf út sína fyrstu breiðskífu, We´re All Dying To Live, í nóvember síðastliðnum og hefur hún fengið mjög góðar viðtökur, rétt eins og skemmtilegt myndbandið við lagið It. Þar syngur Aucoin grípandi og dansvænt indípopp, þar sem Arcade Fire er á meðal áhrifavalda.

Upptökurnar á plötunni stóðu yfir í þrjú ár og aðferðafræði Aucoins var óvenjuleg. „Ég bjó til grunnútgáfu af plötunni upp á eigin spýtur og svo ferðaðist ég um landið og tók upp með um fimm hundruð manns víðs vegar um Kanada. Þetta var skemmtileg leið til að læra af og kynnast mismunandi tónlistarmönnum. Ég reyndi að fanga kanadísku tónlistarsenuna eins og ég gat. Þetta voru allt frá heimaböndum sem spila fyrir fimmtíu manns upp í Arcade Fire og önnur stór, kanadísk bönd," segir hann en bassaleikari Arcade Fire spilar í einu lagi á plötunni.

Aucoin er mjög ánægður með að vera aftur á leið aftur til Íslands og tekur fram að styttra sé að fljúga hingað frá Nova Scotia en hálfa leiðina yfir Kanada. „Mig langar að spila eins oft á Íslandi og ég mögulega get," segir hann og ætlar að dvelja hér á landi á gamlárskvöld og vera hér til 5. janúar.

Á næsta ári verður nóg að gera hjá Aucoin. Tónleikar hafa verið bókaðir í Los Angeles, suðurríkjum Bandaríkjanna, Kanada og Ástralíu, auk þess sem hann spilar á hátíðinni South By Southwest í Texas í mars.

freyr@frettabladid.is







BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 // www.bt.is - alltaf opið

## Dósamatur á tónleikum

**Bret Michaels, söngvari Poison, hefur boðið aðdáendum sínum afslátt af tónleikum sínum gegn því að þeir komi með mat með sér sem hægt verður að gefa fátækum. Tónleikarnir verða haldnir í Pittsburgh og hvatti Michaels aðdáendur sína á Twitter til að koma með eitthvað matarkyns með sér. „Komið með dósamat og mat sem endist lengi á tónleikana mína og þið fáið í staðinn ódýrari miða á tónleikana.“**

**Söngkonan Cyndi Lauper hefur áður brugðið á sama ráð, eða á tónleikum sem hún hélt í New York.**



**GJAFMILDUR** Bret Michaels, söngvari Poison, er greinilega kominn í jólaskap.

# Endurreistu gamla saltgerð fyrir vestan

**Þrír 27 ára frumkvöðlar hafa sett nýtt salt á markað sem þeir framleiða á gömlum söltunarstað á Vestfjörðum. Erfiðar aðstæður, mikil vinna og slys settu aldrei strik í reikninginn, því saltararnir voru ákveðnir í að láta nýsköpunardrauminn rætast.**

„Tilfinningin er frábær,“ segir Yngvi Eiríksson, einn þriggja frumkvöðla sem í vikunni kynntu vestfirskt kristalsjávarsalt sitt í verslunum í fyrsta sinn, undir nafninu Saltverk Reykjaness. Yngvi, Garðar Stefánsson og Björn Steinar Jónsson hafa unnið hart að því undanfarna mánuði að láta drauminn rætast, en nýsköpunarhugmyndina fékk Yngvi fyrir þremur árum. „Kristalsjávarsalt er mjög vinsælt úti um allan heim og er til á mjög mörgum heimilum – mér fannst vanta íslenska útgáfu af því. Við höfum allir mikinn áhuga á matargerð þannig að við ákváðum að skoða möguleikann á að gera þetta bara sjálfir,“ segir Yngvi.

Eftir mikla rannsóknarvinnu, nýsköpunarstyrki og mastersritgerð sem Garðar skrifaði um verkefnið, fundu þremenningarnir sér aðstöðu til söltunarinnar. Sú var yfirgefið fiskeldi á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi, en á síðari hluta 18. aldar var einmitt saltframleiðsla á staðnum. „Við förum kannski ekki auðveldustu leiðina með því að velja að vera fyrir vestan, við hefðum getað gert hlutina á auðveldari hátt. En við höfðum svo mikla trú á staðsetningunni, bæði út af sögunni og hreinleikanum á svæðinu. Viðtökurnar þar hafa líka verið alveg frábærar og við erum afskaplega þakklátir fyrir

> Einhver líkti þessu við að eiga barn – nú er barnið fætt en allt uppeldið er eftir.
>
> **YNGVI EIRÍKSSON** SALTFRAMLEIÐANDI

það og hjálpina sem okkur hefur boðist,“ segir Yngvi, sem flutti á Vestfirði í sumar til að koma saltverkinu í stand og hefja framleiðsluna.

Saltararnir hafa haldið úti vefsíðu og leyft almenningi að fylgjast með ferlinu, en á meðal þess sem þurfti að gera var að koma heitu vatni á húsið sem hafði staðið yfirgefið í 20 ár, smíða gríðarstóra stálpönnu fyrir sjávarsuðuna og koma upp kerfi til þess að hægt væri að dæla upp sjó úr Ísafjarðardjúpi. Hindranirnar hafa verið þó nokkrar, Garðar brenndist illa á fæti og stálpannan var veðurteppt á Ísafirði, en strákarnir hafa ekki látið það stöðva sig. „Það hefur mikið gengið á en sem betur fer hefur okkur tekist að leysa allt og höfum ekki gefist upp. Hugmyndin um uppgjöf hefur kannski læðst að manni, en það er svo veik tilfinning að gefast upp. Við höfum miklu sterkari vilja til þess að láta þetta heppnast.“




**STOLTUR** Merki og umbúðir Saltverksins eru hönnuð af Geir Ólafssyni og Þorleifi Gunnari Gíslasyni. Yngvi Eiríksson er ánægður með útkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikil vinna hefur verið lögð í ímynd vörunnar á sama tíma og framleiðslan var undirbúin, en ætlunin er að markaðssetja saltið sem íslenska, umhverfisvæna hágæðavöru. Vörumerki fyrirtækisins og umbúðir saltsins voru hönnuð af íslenskum hönnuðum.

Yngvi segir næsta skref vera að auka framleiðslugetuna og koma saltinu í fleiri verslanir á landinu, en eins og er fæst það í Melabúðinni og Búrinu og í næstu viku mun það fást í verslunum á Vestfjörðum. „Það var frábært að koma vörunni frá sér og við erum ótrúlega stoltir. En einhver líkti þessu við að eiga barn – nú er barnið fætt en allt uppeldið er eftir. Vinnan heldur áfram en við erum ákveðnir, höfum mikla ástríðu fyrir þessu og erum tilbúnir til að leggja ýmislegt á okkur til að láta þetta ganga.“

bergthora@frettabladid.is






# Fjörugur fjórði kafli

Bíó ★★★★

**Mission: Impossible – Ghost Protocol**

Leikstjórn: Brad Bird

**Leikarar:** Tom Cruise, Jeremy Renner, Simon Pegg, Paula Patton, Michael Nyqvist, Vladimir Mashkov

Fyrsta Mission: Impossible-myndin var þrælfín og hafði bálkurinn alla burði til þess að verða langlíf og heilsteypt sería. Önnur myndin reyndist hins vegar mun slakari en sú fyrsta, og þriðja myndin var verri en þær báðar. Þegar ég sá fjórðu myndina auglýsta velti ég því fyrir mér hvort serían ætti afturkvæmt. Hvort þetta væri ekki búið spil hjá Ethan Hunt og félögum.

Það er þó fjarri lagi og teymið hefur líklega aldrei verið í betra stuði en einmitt í þessari fjórðu mynd seríunnar. Enn er það Hunt (Tom Cruise) sem leiðir hópinn en í hann hafa bæst við nokkur ný andlit. Simon Pegg er meira áberandi en í þriðju myndinni og er hann þrælskemmtileg viðbót við grúppuna. Cruise sjálfan verður æ erfiðara að taka alvarlega, í þessu hlutverki jafnt sem öðrum, en hann verður þó seint sakaður um að stýra seríunni með hangandi hendi. Í þessari mynd hangir hann til að mynda utan á Burj Kalifaturninum í Dubai (hæstu byggingu heims), en að kvikmyndaleikari leggi slíkt á sig gerir það að verkum að maður neyðist hreinlega til að taka viljann fyrir verkið. Fyrir utan það að hann er ekki slæmur leikari þrátt fyrir undarlega hegðun í einkalífinu.

Cruise hefur veðjað á hárréttan leikstjórafák (Brad Bird, leikstjóra Ratatouille og The Incredibles) til að blanda brjáluðum áhættuatriðunum saman við léttan húmorinn. Glórulausu apparötin eru að sjálfsögðu til staðar og áhorfandinn vill trúa því að þau virki. Og líklega hef ég aldrei viljað jafn mikið að nokkuð virkaði og griphanskarnir sem Ethan Hunt klæðist þegar hann klífur fyrrnefndan hæsta turn heims. Það atriði er algjörlega lamandi sökum spennu.

Svona eiga hasarmyndir að vera. Hörkuspennandi, en þó án þess að taka sig of alvarlega. Það þurfti teiknimyndagerðarmann til að koma Mission: Impossible-seríunni í þann farveg og Ghost Protocol er besta mynd seríunnar.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Fjörugri en forverar hennar og alls ekki fyrir lofthrædda.

# nettó

Kræsingar & kostakjör…
…um jólin




2.793kr




3.894kr




3.493kr




4.013kr




4.073kr




3.953kr




4.893kr




2.653kr




4.133kr




4.348kr




2.673kr

**Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 16. - 18. desember**
eða meðan birgðir endast

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL
markhonnun.is



### 1. LADY GAGA
**(90 MILLJÓNIR)**

Lady Gaga hefur haft algjöra yfirburði í poppbransanum undanfarin tvö ár. Hún þénaði nálægt því helmingi meira en næsta söngkona og munar þar mestu um tónleikaferðina Monsterball, hún skilaði 1,3 milljónum dollara í kassann á hverjum degi. Þá tókst Gaga að semja við stórfyrirtæki á borð við Polaroid, Virgin Mobile og PlentyofFish.com sem hafa eflaust gefið vel í aðra hönd.

NORDIC PHOTOS/GETTY



### 2. TAYLOR SWIFT
**(45 MILLJÓNIR)**

Þessi 22 ára gamla söngkona er hreinlega óstöðvandi, hún er dýrkuð og dáð meðal landa sinna í Ameríku sem elska auðvitað kántrí-söngkonur. Mestu munar um nýjustu plötu Swift, Speak Now, sem fékk rífandi dóma í heimalandinu og svo tónleikaferðin sem fylgdi í kjölfarið en hún velti rúmlega 97 milljónum dollara.



### 3. KATY PERRY
**(44 MILLJÓNIR)**

Katy Perry hefur notið ávaxtanna af plötu sinni, Teenage Dream, sem kom út 2010. Platan naut ótrúlega vinsælda, fimm smáskífur fóru á toppinn og sex laganna náðu topp fimm sætum á lista Billboard. Ekki skemmdi heldur fyrir að tónleikaferð söngkonunnar malaði gull og velti í kringum 48 milljónum dollara.

# LADY GAGA ÞÉNAÐI MEST ÁRIÐ 2011

**Það eru ekki bara karlarnir sem græða á tá og fingri í poppinu heldur hafa konurnar malað gull á árinu sem er að líða. Vefútgáfa bandaríska fjármálatímaritsins Forbes tók saman þær tíu konur sem hafa grætt hvað mest árið 2011.**

Í grein Forbes um launahæstu konurnar í poppbransanum kemur fram að tímaritið studdist við upplýsingar frá Pollstar, sem safnar upplýsingum um tónleikaferðir poppstjarnanna í Bandaríkjunum og RIAA sem eru samtök plötuútgefenda í Ameríku. Þá ræddi tímaritið einnig við umboðsmenn, lögfræðinga og tónleikahaldara til að fá sem besta mynd af stöðunni. Blaðamaður Forbes bendir hins vegar á að aðeins fimm af tíu launahæstu konunum voru á topp 25 lista blaðsins yfir launahæstu poppstjörnur í heimi og aðeins ein hljómsveit á þeim lista hafði söngkonu innan sinna vébanda, Black Eyed Peas. „Konur virðast eiga erfiðara með að nýta sér frægð sína og velgengni til að afla sér fjár,“ hefur Forbes eftir Lori Landew, lögfræðingi sem hefur sérhæft sig í skemmtanabransanum. Landew bætir því við að hún eigi erfitt með að festa reiður á hver sé ástæðan. Hún efast þó um að það vanti frumkvöðlahugsunina sem einkennir karla í þessum bransa. „Eflaust snýst þetta um skort á sömu tækifærum.“

freyrgigja@frettabladid.is

### HINAR

6. Pink
7. Carrie Underwood
8. Celine Dion
9. Adele
10. Alicia Keys og Britney Spears





### 4. BEYONCÉ KNOWLES
**(38 MILLJÓNIR)**

Beyoncé er án nokkurs vafa ein vinsælasta söngkona heims og sennilega ein af þeim áhrifamestu. Fjórða plata hennar, 4, fór rakleiðis á toppinn í Bandaríkjunum sína fyrstu viku í sölu en þá ruku út 310 þúsund eintök. Hún varð þar með önnur söngkonan í sögunni til að ná því að koma fjórum fyrstu plötunum sínum á topp Billboard-listans. Beyoncé stal síðan senunni á MTV-verðlaunahátíðinni í ágúst þegar söngkonan tilkynnti að hún og Jay Z ættu von á barni.



### 5. RIHANNA
**(29 MILLJÓNIR)**

Rihanna,söngkonan unga frá Barbados, gaf út sína sjöttu plötu, Talk That Talk, í nóvember á þessu ári. Og hún sló að sjálfsögðu í gegn. Rihanna hefur vakið athygli fyrir djarfa og erótíska framkomu á sviði en hefur jafnframt verið að daðra við sjónvarp og kvikmyndir; hún var aðstoðarkona L.A. Reid í raunveruleikaþættinum X-Factor og mun svo leika í hasarmyndinni Battleship sem verður frumsýnd á næsta ári.


X-MAS

Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR

20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA

MUGISON - DIKTA - OF MONSTERS AND MEN - POLLAPÖNK

REYKJAVÍK - HJÁLMAR - SÚREFNI - VICKY - SAMARIS

1980 2011



FRIÐRIK DÓR - JÓN JÓNSSON - ENSÍMI - DR SPOCK - OURLIVES

LAY LOW - RETRO STEFSON - BOGOMIL FONT OG FÉLAGAR

ÓKEYPIS RÚTUR HEIM
Hafnarfjarðarbær býður upp á ókeypis rútuferðir í nágrannasveitarfélögin þegar líða fer á kvöldið.
Rúturnar stoppa við Ásgarð í Garðabæ, í Hamraborginni, við Kringluna og á Hlemmi.
Fyrsta rútan fer klukkan 23.00, næsta klukkan 24.00 en þær síðustu að tónleikum loknum.

MIÐAVERÐ KR. 2.000.- Á midi.is
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00



# Ástríður, metnaður og mótsagnir

★★★★½

„… yfirgripsmikil og nærfærin
ævisaga Gunnars Gunnarssonar
… unnin af vandvirkni og gagnrýnni hugsun …“
SKAFTI Þ. HALLDÓRSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Gríðarlega vel heppnað verk.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„… vandlega unnið og fallega frágengið.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN



JÓN YNGVI JÓHANNSSON FJALLAR AF HISPURSLEYSI UM EINKALÍF SKÁLDSINS OG TEKUR VERK HANS TIL RÆKILEGRAR UMFJÖLLUNAR OG ENDURMATS.




BESTA ÆVISAGAN
2. SÆTI BÓKMENNTA-VERÐLAUN STARFSFÓLKS BÓKAVERSLANA

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**LEIKA SAMAN** Robert Downey Jr. ásamt mótleikara sínum í Sherlock Holmes, Jude Law.

# Ekki hrifinn af framhaldi

**Robert Downey Jr. segist ekki vera aðdáandi framhaldsmynda þrátt fyrir að hafa leikið í Iron Man 2 og Sherlock Holmes: A Game of Shadows, sem er á leiðinni í bíó. „Mér finnst leiðinlegt að segja það en venjulega eru framhaldsmyndir leiðinlegar, en þessi er það þó ekki,“ sagði hann. Guy Ritchie leikstýrir framhaldsmyndinni eins og þeirri fyrri og Downey segir að honum hafi tekist enn betur upp en síðast. „Þetta er spennu- og ævintýramynd en grínið er aldrei langt undan, sem er alltaf skemmtilegt.“**



**GÓÐIR GESTIR** Ragnheiður Lárusdóttir, Helga Hafsteinsdóttir, Alexander Jóhannesson og Sigurður Dagsson, fyrrverandi landsliðsmarkvörður, nutu kvöldsins.

# MARGMENNI Á KEXMAS

**Kex Hostel hefur opnað listamönnum húsakynni sín í desember og á þriðjudagskvöldið var röðin komin að tónlistarmanninum Snorra Helgasyni og rithöfundinum Óttari Norðfjörð að deila verkum sínum. Margir lögðu leið sína á Kex til að hlusta á Óttar lesa upp úr nýjustu skáldsögu sinni Lygaranum og Snorra spila ljúfa tóna frá plötu sinni Winter Sun.**



**FJÖR** Bryndís Björgvinsdóttir rithöfundur, Baddi úr hljómsveitinni Jeff Who og Jón Þór Finnbogason skemmtu sér vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LISTAMENN** Þeir Snorri Helgason og Óttar Norðfjörð tróðu upp fyrir áhorfendur á Kex Hosteli og eru hér ásamt Kristjáni Frey Halldórssyni.



**STUND MILLI STRÍÐA** Þær Heiða Helgadóttir og Diljá Ámundadóttir voru að sjálfsögðu á Kex Hosteli, en Heiða er einmitt systir Snorra Helgasonar tónlistarmanns.



**GAMAN** Þuríður Sölvadóttir og Bergsveinn Alfonsson mættu á Kexmas.



**BROSANDI** Ólafía Jónasdóttir og Sunna Lind Sima brostu til ljósmyndara.


BÓK FYRIR ÞÁ SEM LESA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT!

*KATTARGLOTTIÐ*, fyrsta smásagnasafn **Benedikts Jóhannessonar**, er komið út. Bókin hefur vakið nokkra athygli enda sést hér ný hlið á Benedikt sem hefur um árabil skrifað greinar í blöð og tímarit. Sögurnar fjórtán eru af ýmsu tagi og eiga nánast það eitt sameiginlegt að vera stuttar. Þó má segja að margar söguhetjur lendi í óþægilegri aðstöðu sem þær basla við að koma sér útúr með misjöfnum árangri.

Á nánast hverri síðu leynist lítil moli sem hægt er að velta fyrir sér og hafa gaman af. Lesendur hafa lýst því að þeir hafi skellt upp úr við lesturinn meðan aðrir kíma í hljóði. Sumar sögurnar hafa sakleysislegt yfirbragð en grunsemdir vakna um að ef til vill búi eitthvað dýpra að baki.










**LOKSINS** Hljómsveitin GusGus fékk loksins afhenta sína fyrstu gullplötu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 16 ára bið GusGus eftir gullplötu á enda

„Okkur var tilkynnt það um daginn að við værum að fá okkar fyrstu gullplötu. Seint koma sumir,“ segir Stephan Stephensen, eða President Bongo, liðsmaður GusGus.

Þrátt fyrir að hafa verið starfandi síðan 1995 og selt plötur sínar í yfir hálfri milljón eintaka úti í heimi samanlagt fékk hljómsveitin GusGus sína fyrstu gullplötu hérlendis afhenta í gær. „Þetta er rosalega gaman,“ segir Stephan. „Við höfum selt yfir 200 þúsund af einni plötu úti en hérna heima er kúrfan öfug.“

Aðspurður segist Stephan vera mjög ánægður með nýju plötuna Arabian Horse, sem hefur selst í yfir fimm þúsund eintökum hérna heima og var nýlega tilnefnd til Norrænu tónlistarverðlaunanna. „Það er mjög skemmtilegt hvernig þetta small allt saman, hverjum sem það er nú að þakka.“

Hljómsveitin heldur tónleika á Nasa á laugardagskvöld. Högni Egilsson stígur á svið með sveitinni, en hann er nýkominn til landsins eftir að hafa samið tónlist fyrir leikritið Hróa hött í London síðustu vikur.

„Það er gott að sjá strákinn aftur. Það er æðislegt að vera með svona ungan fola í bandinu.“ Húsið verður opnað kl. 21 og mun DJ Margeir spila í einn og hálfan tíma. Stundvíslega kl. 22.30 stígur GusGus á svið og lofar Stephan hörkustemningu. „Við erum funheit og vel smurð.“

- fb




í faðmi fjölskyldunnar

JOE BOXER®

Kringlunni • Smáratorgi • Glerártorgi, Akureyri

# Tilnefningar til Golden Globe

Franska svart/hvíta-myndin The Artist fékk flestar tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna. Myndin er óður til þöglumyndaskeiðsins í Hollywood á upphafsárum draumaverksmiðjunnar og virðist fara ansi vel ofan í samtök erlendra fréttamanna í Hollywood. Báðir aðalleikararnir, Jean Dujardin og Berenice Bejo, fá tilnefningar sem og leikstjóri hennar, Michel Hazanavicius. Myndin er tilnefnd í flokki gaman- og söngleikja.

George Clooney verður að teljast til alls líklegur á hátíðinni. Og hefst þá svokölluð Clooney-upptalning: Hann leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Descendants sem er tilnefnd í flokknum besta „drama"-myndin, hann er sjálfur tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir leik sinn í myndinni. Kvikmyndin The Ides of March, sem Clooney leikstýrir, er tilnefnd sem besta myndin og hann er sjálfur tilnefndur fyrir leikstjórn þeirrar myndar.

Athygli vekur að Golden Globe-dómnefndin ákveður að nánast að sniðganga nýjustu kvikmynd Stevens Spielberg, War Horse, og tilnefnir hana „eingöngu" í flokknum besta myndin. Dómnefndin horfir algjörlega fram hjá kvikmynd Stephens Daldry, Extremely Loud and Incredibly Close, en margir höfðu spáð henni mikilli velgengni. Rooney Mara fær tilnefningu sem Lisbeth Salander í Karlar sem hata konur en hún fær einnig tilnefningu fyrir tónlistina. Hægt er að kynna sér allar tilnefningar á visir.is. **- fgg**



**LÍKLEGUR TIL AFREKA** George Clooney er sjálfur tilnefndur til tvennra Golden Globe-verðlauna, annars vegar sem besti leikarinn og hins vegar sem besti leikstjórinn. NORDIC PHOTOS/GETTY



**STÚLKAN MEÐ DIMMU RÖDDINA** Lana Del Rey er að slá í gegn um þessar mundir með laginu Video Games og nýjustu afurð sinni Born to Die. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nancy Sinatra nútímans

**Lana Del Rey er söngkonan með dimmu röddina sem er að slá í gegn um þessar mundir með laginu Video Games. Fáir vita að hún hefur áður reynt fyrir sér í tónlistarbransanum og er dóttir milljarðamærings.**

Fáir hafa heyrt nafn Lönu Del Rey en fleiri hafa hins vegar heyrt lag hennar Video Games oftar en einu sinni á öldum ljósvakans upp á síðkastið. Lagið hefur slegið í gegn og tæplega tvær milljónir hlustað á myndbandið á You Tube.

Í nóvember á þessu ári hélt Lana Del Rey sína fyrstu tónleika í Bretlandi og seldist upp á þá á nokkrum mínútum.

Með Kurt Cobain, Thomas Newman og Bruce Springsteen sem sínar tónlistarfyrirmyndir vill Lana del Rey láta kalla sig Nancy Sinatra nútímans.

Lana Del Rey heitir í raun Elizabeth Grant en hún hefur viðurkennt að listamannsnafnið var búið til af umboðsmönnum hennar til að selja fleiri plötur.

Hún reyndi að koma sér á framfæri árið 2009 í poppbransanum en það mistókst og í ár sneri hún aftur með nýja ímynd. Meira hár, þykkari varir, betri lög og klædd í anda sjöunda áratugarins.

Lana Del Rey er fædd og uppalin í New York og dóttir milljarðamæringsins Robs Grant, en sá bakgrunnur hefur valdið ímynd hennar nokkrum skaða enda skiptar skoðanir um hvort söngkonan hafi einfaldlega borgað sig áfram í tónlistarbransanum. En það verður ekki um það deilt að lagið Video Games er eitt af lögum ársins og nýjasta lag hennar, Born to Die, á eftir að klifra hátt upp listana á næstu vikum. Það bendir allt til þess að Lana Del Rey eigi eftir að fá nokkur tónlistarverðlaunin árið 2012.

**alfrun@frettabladid.is**


SAMBÍÓIN SAMbio.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 4 - 5:10 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 VIP | kl. 5:10 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| HAROLD AND KUMAR 3D Ótextuð | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS Ótextuð M/ ensku. Tali | kl. 10:20 | 2D | L |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 10:50 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | 2D | L |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 8 | 2D | L |
| TOWER HEIST | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAROLD AND KUMAR 3D Ótextuð | kl. 5:50 | 3D | 16 |
| MISSION: IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| HAPPY FEET TWO | kl. 6 | 2D | L |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 8 | 2D | 12 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PUSS IN BOOTS M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| TOWER HEIST | kl. 8 - 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 | 2D | 12 |
| HAROLD AND KUMAR 3D Ótextuð | kl. 5:40 - 8 - 10:50 | 3D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 | 2D | 12 |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:40 - 8:20 - 10:10 | 2D | 12 |
| HAROLD AND KUMAR 3D Ótextuð | kl. 5:50 - 8 - 11:10 | 3D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| TRESPASS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| PUSS IN BOOTS m/ísl.tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| JACK AND JILL | kl. 5:50 - 8 - 10 | 2D | L |

FLOTT Í SKÓINN VOUCHER Í BÍÓ
KAUPTU Á NETINU OG FÁÐU SENT Í TÖLVUPÓSTI
SAMbio.is






SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 - 8 | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | KL. 6 - 8 - 10.50 | 16 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM | KL. 3.40 | L |
| IMMORTALS 3D | KL. 10.10 | 16 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 9 - 10.10 | 7 |
| JACK AND JILL | KL. 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 - 8 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 5.50 | L |
| TROPA DE ELITE | KL. 8 - 10 | 6 |
| IMMORTALS 3D | KL. 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | 12 |
| THE RUM DIARY | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| MONEYBALL | KL. 8 - 10.20 | L |
| JACK AND JILL | KL. 6 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE | 7, 10(POWER) |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | 4(700 kr), 6 - ISL TAL |
| THE RUM DIARY | 8, 10.30 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 4(950 kr), 6 - ISL TAL |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 4(950 kr) - ISL TAL |
| BLITZ | 8, 10.15 |








BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

**FÖSTUDAGUR:** WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ HJEM TIL JUL 18:00, 20:00 ■ *RARE EXPORTS* 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ SUPERCLASICO 18:00, 20:00 ■ PARTIR 18:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

**VERTU FASTAGESTUR!**
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



★★★★

„Guðrún Eva hefur enn og aftur skapað
**seiðmagnað skáldverk**
sem fellur seint í gleymsku.“

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR




ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

JPV ÚTGÁFA

„... átakamikið og áhrifamikið verk ... hiklaust ein af athyglisverðustu og sterkustu skáldsögum þessa árs.“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„... fleygast inn í hausinn á manni og situr þar. Það er einkenni góðra bóka – maður gleymir þeim ekki strax.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Guðrún Eva er einn af okkar bestu rithöfundum ...“

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / DV

„Guðrún Eva hefur löngu sannað að hún er einn okkar frjóasti og frumlegasti höfundur og hefur einstakt lag á því að sýna samskipti fólks í nýju og óvæntu ljósi.“

FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

„Hún skrifar safaríkar bækur. En hjá henni stendur líka allt heima í rökrænni uppbyggingu.“

IJOMA MANGOLD / DIE ZEIT

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# sport

sport@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON OG ALFREÐ GÍSLASON** eru báðir í úrvalsliði þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta sem mætir þýska landsliðinu í Stjörnuleik deildarinnar í byrjun febrúar. Alfreð þjálfar Kiel en Alexander leikur með Füchse Berlin. Alls var 21 leikmaður valinn í liðið og tveir þjálfarar til að stýra því.



**ÞÓRIR HERGEIRSSON** Norska liðið hefur spilað betur með hverjum leik á HM í Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRIR

Undanúrslitin á HM kvenna:

## Fer Þórir með Noreg í úrslit?

**HANDBOLTI Þórir Hergeirsson á möguleika á því að koma norska kvennalandsliðinu í úrslitaleikinn á HM þegar Noregur mætir Spáni í undanúrslitum á HM kvenna í Brasilíu í kvöld.**

**Þetta er annað heimsmeistaramót norska liðsins undir stjórn Þóris en liðið tapaði í undanúrslitum fyrir verðandi heimsmeisturum Rússa á HM í Kína fyrir tveimur árum. Norska liðið hefur unnið til verðlauna á tveimur fyrstu stórmótunum undir stjórn Þóris, vann brons á HM 2009 og gull á EM í fyrra. Norðmenn hafa verið í fremstu röð í kvennahandboltanum undanfarin ár og hafa unnið fjögur Evrópumót í röð en hafa ekki unnið HM í tólf ár eða síðan norska liðið vann á heimavelli undir stjórn Marit Breivik árið 1999.**

**Noregur tapaði fyrsta leiknum sínum á mótinu en hefur síðan unnið sex leiki í röð. Spænska liðið hefur unnið fimm leiki í röð, þar á meðal heimastúlkur í Brasilíu í átta liða úrslitum.**

**Í fyrri undanúrslitaleiknum mætast Danmörk og Frakkland en danska liðið hefur unnið alla sjö leiki sína á mótinu. Frakkar hafa aftur á móti slegið Svía og heimsmeistara Rússa út í síðustu leikjum sínum.**

**Báðir leikir verða sýndir beint á Stöð 2 Sport í kvöld, Danmörk-Frakkland klukkan 19.15 og Noregur-Spánn klukkan 22.** - óój

# Háalvarlegur og erfiður viðureignar

**Darren Fletcher, leikmaður Manchester United, mun líklega ekki spila meira á leiktíðinni vegna veikinda en hann hefur greinst með sáraristilbólgu. Sjúkdómurinn er ólæknandi en sífellt fleiri greinast með hann.**

**FÓTBOLTI** Á hverjum degi berast fregnir af meiðslum íþróttamanna og að þeir þurfi vegna þeirra að taka sér hvíld frá íþrótt sinni. Langoftast er hægt að greina frá eðli meiðslanna og hversu lengi viðkomandi íþróttakappi verði frá – sem reynist svo yfirleitt vera rétt. En af og til berast fregnir af því að íþróttamenn þurfi að taka sér veikindafrí þar sem þeir eru að glíma við sjúkdóm sem kemur íþróttinni ekkert við. Í þeim tilvikum getur óvissan verið mikil og óvíst hvort og hvenær viðkomandi getur stundað íþrótt sína á ný.

Fyrr í vikunni var greint frá því að skoski knattspyrnumaðurinn Darren Fletcher hjá Manchester United myndi líklega ekki spila meira með liðinu á leiktíðinni þar sem hann væri veikur. Manchester United greindi frá því að Fletcher væri með sjúkdóm sem nefnist Colitis ulcerosa, eða sáraristilbólga á íslensku. Voru fjölmiðlar beðnir um að gefa honum næði og svigrúm til að takast á við veikindin.

### Ólæknandi sjúkdómur

Sjúkdómurinn leggst á þarmana og ristilinn og getur haft mikil áhrif á daglegt líf. Helst lýsir hann sér í langvinnum niðurgangi, stundum blóðugum, þreytu, kviðverkjum og í slæmum tilvikum hefur hann einnig í för með sér þyngdartap og hita.

Edda Svavarsdóttir er formaður CCU-samtakanna á Íslandi, sem eru hagsmunasamtök sjúklinga með sáraristilbólgu og svæðisgarnabólgu. Samtökin voru stofnuð árið 1995 til að auka samfélagsvitund um sjúkdómana og veita sjúklingum vettvang til að leita sér stuðnings og kynnast öðrum sem hafa gengið í gegnum það sama. Talið er að um 0,5 prósent íslensku þjóðarinnar séu með annan hvorn sjúkdóminn, eða vel á annað þúsund manns.

Algengt er að fólk greinist fyrst með sjúkdóminn á aldrinum 15-25 ára en orsökin er enn ókunn. „Fyrir það fyrsta er sjúkdómurinn ólæknandi," segir Edda. „Það er hægt að halda honum niðri með lyfjagjöf en það er ekki vitað af hverju fólk fær þennan sjúkdóm."



**DARREN FLETCHER** 27 ára gamall miðjumaður sem gekk til liðs við Manchester United ellefu ára gamall. Á fjölda leikja að baki með bæði United og skoska landsliðinu en nú gæti ferill hans verið í hættu. NORDICPHOTOS/GETTY

### Vill verða feimnismál

Edda segir að það hafi lengi þótt feimnismál að greinast með sjúkdóminn enda geti hann verið erfiður viðureignar í daglegu lífi.

„Þegar maður er veikur og þarf að komast á salerni hvenær sem er dagsins, fer maður stundum ekki mikið út fyrir hússins dyr," segir Edda. „Allt álag – stress og áreiti – er vont fyrir sjúkdóminn. Það þarf einnig að passa vel upp á mataræði og svefn."

Eins og með aðra sjúkdóma leggst sáraristilbólga misþungt á sjúklinga. „Sumir eru heppnir og sleppa vel en það getur farið á versta veg hjá öðrum og endað með því að það þurfi að fjarlægja ristilinn með uppskurði. Viðkomandi fengi því stómapoka – sumir innvortis en það gengur ekki hjá öllum og þeir þurfa því að vera með útvortis stóma."

Sjúkdómurinn er ekki banvænn en getur þó leitt til ristilkrabbameins. Líkurnar á því aukast umtalsvert eftir að hafa gengið með sjúkdóminn í áratug.

> ”Þegar maður er veikur og þarf að komast á salerni hvenær sem er dagsins, fer maður stundum ekki mikið út fyrir hússins dyr.
>
> **EDDA SVAVARSDÓTTIR**
> FORMAÐUR ÍSLENSKU CCU-SAMTAKANNA

Þeir sem eru með stómapoka geta lifað eðlilegu daglegu lífi en óvíst er hvort knattspyrnumaður, með þeim átökum sem fylgja á knattspyrnuvellinum, geti stundað íþróttina eins og áður. Það skal þó tekið fram að það telst ekki fötlun að vera með stómapoka enda hafa einstaklingar með stómapoka bæði klifið Everest-fjall og hlaupið maraþon, svo eitthvað sé nefnt.

### Uppskurður er lokaúrræði

Með því að fjarlægja ristilinn telst sjúkdómurinn læknaður en með varandi afleiðingum fyrir viðkomandi. Edda segir að fæstir grípi til þessa úrræðis fyrr en í lengstu lög.

„Lyfjagjöf geta fylgt aukaverkanir og svo geta margir stjórnað líðaninni með breyttu mataræði," segir Edda, sem sjálf hefur glímt við sáraristilbólgu. „Það hefur reynst mér vel að taka út allt rautt kjöt, áfengi og steiktan mat. Brasað skyndibitafæði er ekki lengur til staðar í mínu lífi."

### Átök og áreynsla varhugaverð

Hún segir að íþróttaiðkun gæti reynst erfið fyrir sjúklinga. „Þeir sem glíma við þetta þurfa að hafa í huga að átök og áreynsla geta haft afar hvimleiðar afleiðingar í för með sér. Sjúkdómurinn hefur verið að greinast í krökkum allt niður í tólf ára aldur og þetta getur verið afar mikið feimnismál fyrir þá þegar fram í sækir – ekki bara í íþróttum," segir Edda og nefnir sem dæmi að prófkvíði geti verið slæmur fylgikvilli fyrir sjúklinga. „Próf geta oft verið ávísun á veikindi," segir hún.

Hvort Darren Fletcher spilar aftur fótbolta verður tíminn einn að fá að leiða í ljós en Edda segir að þeir sem hafi greinst með sjúkdóminn geti lifað eðlilegu lífi.

„En það getur verið líf með takmörkunum. Margir takast á við sjúkdóminn með jákvæðni að leiðarljósi og þá getur manni liðið mjög vel," segir Edda. „Finni maður hentuga lyfjagjöf er hægt að halda sjúkdómnum niðri og þá ætti knattspyrnukappinn að geta byrjað að spila á ný."

eirikur@frettabladid.is

### CCU-samtökin á Íslandi

Crohn's og Colitis samtökin á Íslandi eru hagsmunasamtök fólks með svæðisgarna- og sáraristilbólgu. Edda Svavarsdóttir er formaður þeirra en meðlimir eru um 185 talsins.

„Sjúkdómur eins og sáraristilbólga er oft feimnismál enda vilja fáir tala opinskátt um klósettferðir," segir Edda, en samtökin hafa staðið fyrir fræðslufundum og fyrirlestrum, meðal annars í samstarfi við Stómasamtökin og snemma á næsta ári verður fundur með Gigtarfélagi Íslands. Þá hefur verið gefinn út skólabæklingur, meðal annars fyrir kennara nemenda sem glíma við sjúkdómana. Ekki síst eru samtökin vettvangur fyrir þá sem vilja leita sér stuðnings og hjálpar.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni *www.ccu.is*.

Atli Sigurjónsson var einn af fjórtán leikmönnum sem skrifuðu undir hjá Íslandsmeisturum KR í gær:

# Það er ekki ætlunin að sitja á bekknum

**FÓTBOLTI** KR-ingar eru komnir langt með að setja saman liðið sem mun reyna að verja Íslands- og bikarmeistaratitlana á næsta sumri en þeir héldu blaðamannafund í gær þar sem tilkynnt var um undirskriftir fjórtán leikmanna.

Þrír nýir leikmenn eru í þessum hópi en þeir eru allir ungir landsbyggðarmenn sem hafa verið í stórum hlutverkum hjá sínum félögum þrátt fyrir ungan aldur. Þetta eru þeir Haukur Heiðar Hauksson, 20 ára fyrirliði KA, Þorsteinn Már Ragnarsson, 21 árs fyrirliði Víkings í Ólafsvík, og Atli Sigurjónsson, 20 ára miðjumaður Þórs, sem vakti mikla athygli á sínu fyrsta ári í Pepsi-deildinni síðasta sumar.

Stóra fréttin er þriggja ára samningur Atla en áður var ljóst að Haukur og Þorsteinn ætluðu að reyna sig í Vesturbænum.

„Þetta er búið að vera heillengi í loftinu þannig að það er mjög fínt að vera búinn að klára þetta. Ég hef bara gott af þessari samkeppni og þetta verður bara spennandi. Það er ekki ætlunin að sitja á bekknum," sagði Atli en hann viðurkennir að það sé erfitt að fara frá Þór þar sem hann hefur spilað með alla tíð.



**VELKOMINN Í KR** Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, með Atla Sigurjónssyni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er búinn að vera jafnlengi hjá Palla og ég er búinn að vera hjá foreldrum mínum þannig að það er erfitt að fara frá þeim öllum.Ég komst að lokum að þeirri niðurstöðu að ég þyrfti að spila í Pepsi-deildinni," segir Atli og bætir við: „Það gekk ekki upp núna að komast í atvinnumennskuna en þá fer maður bara upp á enn þá hærri stökkpall og stekkur þaðan. Það er klárlega eitthvað sem ég stefni að," sagði Atli.

Ellefu leikmenn framlengdu samninga sína en þeir eru Baldur Sigurðsson, Björn Jónsson, Dofri Snorrason, Grétar Sigfinnur Sigurðarson, Gunnar Þór Gunnarsson, Hugi Jóhannesson, Óskar Örn Hauksson, Kjartan Henry Finnbogason og Torfi Karl Ólafsson. Ásgeir Örn Ólafsson og Jordao Diogo hafa einnig framlengt samning sinn en þeir eru á láni hjá erlendum félögum. - óój





VERSLAÐU Á ÚTSÖLU ... FYRIR JÓL!
JÓLA BOMBA
ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!
20% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI
GILDIR AF OUTLETVERÐUM
FÁÐU SKIPTIMIÐA Á ALLAR JÓLAGJAFIR!
OPIÐ TIL KL. 22
ALLA DAGA TIL JÓLA ...
... 23 Á ÞORLÁKSMESSU!
KORPU OUTLET
Fylgstu með okkur á Facebook!
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • S. 578 9400
Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# Sjúkraþjálfari sem varð að knattspyrnustjóra

**Nigel Adkins hefur náð afar eftirtektarverðum árangri á stuttum ferli sem knattspyrnustjóri. Í dag stýrir hann Southampton sem trónir á toppi ensku B-deildarinnar en fyrir rúmum fimm árum starfaði hann sem sjúkraþjálfari hjá Scunthorpe í C-deildinni.**

**FÓTBOLTI** Árið 2006 ákvað Brian Laws að hætta sem knattspyrnustjóri enska C-deildarliðsins Scunthorpe, þar sem honum bauðst betra starf hjá Sheffield Wednesday. Steve Wharton, eigandi og meirihlutaeigandi Scunthorpe, ákvað að sækja ekki vatnið yfir lækinn heldur gefa Nigel Adkins, 41 árs gömlum sjúkraþjálfara hjá félaginu, stöðuhækkun. Adkins tók við stöðu knattspyrnustjóra og hefur síðan þá náð undraverðum árangri.

Í dag er hann stjóri Southampton, sem trónir á toppi ensku B-deildarinnar og stefnir hraðbyri á ensku úrvalsdeildina. Saga Adkins er með ólíkindum en óhætt er að segja að hann hafi fetað óhefðbundnar slóðir á leið sinni í hið eftirsótta starf knattspyrnustjóra.

Southampton hefur reyndar aðeins hikstað að undanförnu en liðið byrjaði tímabilið afar vel undir stjórn Adkins og er enn á toppi deildarinnar. Þess ber að geta að Southampton er nýliði í deildinni, en Adkins tók við liðinu í september í fyrra þegar það var í C-deildinni og kom því strax upp.

### Þrívegis upp úr sömu deildinni

Þetta var reyndar í þriðja skiptið á aðeins fjórum tímabilum sem Adkins komst upp úr C-deildinni. Hann gerði það tvívegis með Scunthorpe, sem var ótrúlegur árangur því félagið er þekkt fyrir mikla aðhaldssemi og skynsemi í sínum rekstri. Launakostnaður félagsins er talsvert minni en gengur og gerist í B-deildinni og hjá mörgum félögum í C-deildinni.

Það er fyrst og fremst eigandanum Wharton að þakka og ein helsta ástæða þess að hann ákvað að veðja á Adkins á sínum tíma.

„Ég veit vel að margir stuðningsmanna okkar vildu gjarnan sjá okkur gefa allt í botn og láta slag standa," sagði Wharton í byrjun árs 2010. „En ég hef einsett mér það að koma félaginu aldrei í vandræði og við höfum alltaf haft trú á því að eyða aðeins því sem við höfum efni á. Það er ótrúlegt að við séum komnir þetta langt en við höfum líka bara verið með tvo knattspyrnustjóra á síðustu þrettán árum," bætti hann við og átti þá við Laws og Adkins.

Þess má geta að í janúar 2010 drógust Manchester City og Scunthorpe saman í þriðju umferð ensku bikarkeppninnar. Þrátt fyrir gjörólíka stöðu félaganna áttu þau eitt sameiginlegt – bæði voru skuldlaus. City vann leikinn, 4-2. Adkins var vinsæll hjá stuðningsmönnum, sem sungu: „Who needs Mourinho? We've got our physio." (Hver þarf Mourinho? Við erum með sjúkraþjálfarann okkar.)

### Tvöfaldur meistari í Wales

Adkins spilaði sem markvörður á sínum tíma og var á mála hjá Tranmere Rovers, Wigan og Bangor City. Hann var spilandi þjálfari þau þrjú ár sem hann var hjá síðastnefnda félaginu, sem leikur í efstu deild í Wales, en hætti þegar hann lagði hanskana á hilluna vegna meiðsla árið 1996, 31 árs gamall. Þá hafði hann gert liðið að meisturum í Wales í tvígang.



**NIGEL ADKINS** 46 ára fyrrverandi sjúkraþjálfari sem trónir með lið sitt, Southampton, á toppi einnar sterkustu deildar Evrópu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hann gerði sér þó ungur grein fyrir því að hann þyrfti að hafa aðra kosti ef þjálfaraferillinn gengi ekki að óskum. Hann náði sér í háskólagráður í viðskiptum og fjármálum, sem og í sálfræði og þjálfarafræðum. Auk þess útskrifaðist hann sem sjúkraþjálfari árið 1995.

Eiginkona Adkins fæddi um svipað leyti son sem var annað barn þeirra hjóna. En stuttu síðar veiktist hún alvarlega og ákváðu þau þá að best væri að hann fyndi sér starf sem skaffaði heimilinu fastar tekjur. Adkins hóf vinnu sem sjúkraþjálfari hjá Scunthorpe en um áratug síðar hafði eiginkona hans náð fullri heilsu og Adkins bauðst skyndilega starf knattspyrnustjóra hjá Scunthorpe. Hann þáði og komst að því að árin sem hann starfaði sem sjúkraþjálfari myndu reynast honum vel. „Margir leikmenn sem komu til mín voru í raun ekki meiddir en þurftu smá hvíld frá baráttunni. Eða þá að þeir áttu í vandræðum með áfengisdrykkju – eða voru pirraðir. Það var þá sem ég lærði hversu mikilvæg samskipti knattspyrnustjóra og leikmanna eru," sagði Adkins.

### Veðjað á réttan hest

Þegar Alan Pardew var rekinn frá Southampton í lok ágúst 2010 kom því ekki á óvart að forráðamenn félagsins leituðu til Adkins. Hann hafði gott orð á sér, hafði náð góðum árangri og var menntaður í viðskiptum og fjármálum. Southampton var nýbúið að ganga í gegnum greiðslustöðvun, en félagið hafði fallið um tvær deildir á skömmum tíma.

Eigendur Southampton virðast hafa veðjað á réttan hest og ef fram heldur sem horfir verður liðið komið aftur í deild þeirra bestu á Englandi innan skamms, þar sem það var samfellt í 27 ár áður en það féll úr ensku úrvalsdeildinni vorið 2005.

Saga Adkins er þó ekki einsdæmi því Bob Paisley, goðsögnin sjálf hjá Liverpool, hóf störf sem sjúkraþjálfari hjá félaginu þegar hann hætti að spila. Hann stýrði liðinu í níu ár með stórkostlegum árangri.

eirikur@frettabladid.is





BYLTING Í ÞÆGINDUM

Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.

Stöð 2 Netfrelsi gerir þér kleift að horfa á eftirlætis þættina þína í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni – þegar þér hentar.

Nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2

Allt uppáhaldsefnið þitt, innlent og erlent er aðgengilegt í tvær vikur eftir frumsýningu. Farðu inn á stöð2.is, veldu Netfrelsi, skráðu þig og byrjaðu að horfa - en hver þáttur kostar aðeins 30 Stöðvar 2 punkta fyrstu tvo mánuðina. **Nýttu þér Stöð 2 Netfrelsi – hvar og hvenær sem er!**

SNJALLSÍMI | SPJALDTÖLVA | TÖLVA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# • FÁBÆRT VERÐ Á FLOTTUM VÖRUM •

# ÞÚ FÆRÐ ÓDÝRU JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR

## KANNSKI EKKI KERTI OG SPIL EN ÝMISLEGT ANNAÐ SKEMMTILEGT

**PUMA HETTUPEYSUR**
4 LITIR: SVARTAR, HVÍTAR, BLÁAR OG BLEIKAR
VERÐ: 4.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 11.990 kr

**SPEEDO SUNDPOKAR**
2 LITIR: BLÁR OG BLEIKUR
VERÐ: 990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 1.990 kr.

**PUMA HETTUPEYSUR**
VERÐ: 9.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 17.990

**PUMA DERHÚFUR**
VERÐ: 990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 3.490 kr.

**PUMA BARNASKÓR**
VERÐ: 5.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 7.990 kr.

**PUMA HÚFUR**
VERÐ FRÁ: 990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 5.990 kr.

SPORT OUTLET




**S VULC BARNASKÓR**
Stærðir: 32-39
Verð: 4.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 9.990 kr.



Opið: Virka daga kl. 11 - 18
Laugardaga kl. 11 - 16
Sunnudaga kl. 13 - 17

**SPORTOUTLET VÍNLANDSLEIÐ 6-8 113 REYKJAVÍK**

## ÚRSLIT Í GÆR

*N1 deild karla í handbolta*

**HK - Fram 30-27 (13-15)**

**Mörk HK (skot):** Atli Ævar Ingólfsson 6 (8), Tandri Már Konráðsson 6 (10), Bjarki Már Elísson 6/4 (11/5), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (9), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (3), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2 (2), Leó Snær Pétursson 2 (3), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Sigurjón Friðbjörn Björnsson (1),
**Varin skot:** Arnór Freyr Stefánsson 12/1 (28/3, 43%), Björn Ingi Friðþjófsson 1 (12/3, 8%),
**Hraðaupphlaup:** 6 (Vilhelm Gauti 2, Atli Ævar, Tandri Már, Bjarki Már Elísson, Bjarki Már Gunnarsson)
**Fiskuð víti:** 5(Atli Ævar 2, Tandri , Ólafur Bjarki, Bjarki Már Gunnarsson)
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Sigurður Eggertsson 5 (6), Einar Rafn Eiðsson 5/3 (6/3), Arnar Birkir Hálfdánsson 5 (10), Ingimundur Ingimundarson 5/2 (10/3), Róbert Aron Hostert 4 (7), Stefán Baldvin Stefánsson 2 (2), Jóhann Karl Reynisson 1 (1), Sigfús Páll Sigfússon (1),
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 10/1 (33/4, 30%), Sebastian Alexandersson 5 (12/1, 42%),
**Hraðaupphlaup:** 5 (Arnar Birkir 2, Einar Rafn, Róbert Aron, Stefán Baldvin)
**Fiskuð víti:** 6 (Ægir Hrafn Jónsson 2, Sigurður, Einar Rafn, Róbert Aron, Stefán Baldvin)
**Utan vallar:** 10 mínútur.

**Haukar - Afturelding 26-20 (13-8)**

**Mörk Hauka (skot):** Gylfi Gylfason 8/5 (11/5), Heimir Óli Heimisson 6 (6), Tjörvi Þorgeirsson 4 (8), Stefán Rafn Sigurmannsson 3 (10), Árni Steinn Steinþórsson 2 (2), Einar Pétur Pétursson 1 (1), Þórður Rafn Guðmundsson 1 (3), Sveinn Þorgeirsson 1 (5), Nemanja Malovic (3),
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 20 (39/4, 51%), Birkir Ívar Guðmundsson (1/1, 0%),
**Hraðaupphlaup:** 2 (Gylfi, Árni Steinn)
**Fiskuð víti:** 5 (Sveinn Þorgeirsson 2, Gylfi, Stefán Rafn, Nemanja)
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Mörk Aftureldingar (skot):** Hilmar Stefánsson 8/5 (10/5), Böðvar Páll Ásgeirsson 6 (13), Þorlákur Sigurjónsson 3 (4), Sverrir Hermannsson 1 (1), Einar Héðinsson 1 (2), Helgi Héðinsson 1 (6), Jóhann Jóhannsss (3), Jón Andri Helgas. (4)
**Varin skot:** Davíð Svansson 15 (40/4, 38%), Hafþór Einarsson (1/1, 0%),
**Hraðaupphlaup:** 1 ( Þorlákur)
**Fiskuð víti:** 5 (Helgi 2, Þorlákur, Chris McDermont, Jóhann)
**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Grótta - FH 24-27 (12-15)**

**Mörk Gróttu (skot):** Þráinn Orri Jónsson 7 (10), Hjálmar Þór Arnarsson 5 (6), Ólafur Ægir Ólafsson 3/2 (4/2), Benedikt R. Kristinsson 3 (5), Davíð Örn Hlöðversson 2 (3), Þorgrímur Smári Ólafsson 2 (8), Aron Valur Jóhannsson 1 (1), Kristján Orri Jóhannsson 1 (2), Þórir Jökull Finnbogason (1/1),
**Varin skot:** Lárus Helgi Ólafsson 24/2 (51/3, 47%),
**Hraðaupphlaup:** 3 ( Benedikt 3)
**Fiskuð víti:** 3 (Þráinn Orri 2, Hjálmar Þór)
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk FH (skot):** Ólafur Gústafsson 7 (13), Andri Berg Haraldsson 5 (12), Baldvin Þorsteinsson 4 (6/1), Ari Magnús Þorgeirsson 3 (4), Sigurður Ágústsson 3 (4), Hjalti Þór Pálmason 2 (3), Þorkell Magnússon 2/1 (4/2), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (2), Halldór Guðjónsson (1), Ísak Rafnsson (1),
**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 8 (19/1, 42%), Pálmar Pétursson 8 (21/1, 38%),
**Hraðaupphlaup:** 10 ( Andri Berg 2, Baldvin 2, Ari 2, Sigurður 2, Þorkell, Atli Rúnar)
**Fiskuð víti:** 3 (Atli Rúnar 2, Ólafur)
**Utan vallar:** 4 mínútur.

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **11** | **9** | **0** | **2** | **285-243** | **18** |
| FH | 11 | 6 | 3 | 2 | 306-286 | 15 |
| **HK** | **12** | **7** | **1** | **4** | **329-302** | **15** |
| Fram | 12 | 7 | 0 | 5 | 312-310 | 14 |
| **Akureyri** | **11** | **5** | **2** | **4** | **298-274** | **12** |
| Valur | 11 | 4 | 3 | 4 | 296-279 | 11 |
| **Afturelding** | **12** | **3** | **0** | **9** | **279-331** | **6** |
| Grótta | 12 | 0 | 1 | 11 | 271-351 | 1 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Valur - Akureyri** | **sun 18.des. Kl. 15.45** |
| FH - Haukar | mán. 19.des. Kl.19.30 |

*Sænski körfuboltinn*

**Borås Basket-Solna Vikings 118-99**
Logi Gunnarsson skoraði 15 stig fyrir Solna.
**08 Stockholm HR -Södertälje Kings 75-79**
Helgi Már Magnússon skoraði 14 stig fyrir 08.

*Evrópudeildin*

**FC København - Standard Liège 0-1**
Sölvi Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson léku allan leikinn en FCK var úr leik fyrir lokaleikinn.
**Shamrock Rovers - Tottenham 0-4**
0-1 Steven Pienaar (29.), 0-2 Andros Townsend (38.), 0-3 Jermain Defoe (45.), 0-4 Harry Kane (90.). Þessi sigur dugði ekki Tottenham þar sem að Rubin Kazan náði 1-1 jafntefli á móti PAOK.
**AZ Alkmaar - Metalist Kharkiv 1-1**
Jóhann Berg Guðmundsson var í byrjunarliðinu hjá AZ og spilaði fyrstu 69 mínútur leiksins. Stigið dugði AZ til þess að komast áfram.

**Þessi fóru áfram í 32 liða úrslitin:** Standard Liege, PSV Eindhoven, Sporting CP, Besiktas, Athletic Bilbao, Metalist Kharkiv, , Schalke 04, Twente, Anderlecht, Hannover 96, Legia Varsjá, Lazio, Stoke City, Red Bull Salzburg, , Steaua Búkarest, Wisla Kraków, Lokomotiv Moskva, Rubin Kazan, PAOK , Braga, Atlético Madrid, AZ Alkmaar, Club Brugge og Udinese.

Íslandsmeistarar FH lentu í vandræðum í lokin á móti botnliði Gróttu á Seltjarnarnesinu í gær:

# Ánægður með stigin en ekki mikið meir

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar FH voru svo sannarlega stálheppnir að labba burt úr íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi með tvö stig. Gróttustrákar, sem flestir hafa afskrifað úr þessari deild, börðust eins og ljón allan tímann og hentu sér í alla bolta. Ef ekki hefði verið fyrir tvo vafasama dóma undir lokin hefði leikurinn geta farið öðruvísi. En það er það sem gerir íþróttir svo skemmtilegar. Það er alltaf hægt að segja ef og hefði. Lokatölur 27-24 fyrir FH.

„Ég er ánægður með stigin en, ekkert mikið meir," sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, eftir leikinn. „Það verður náttúrulega að hrósa Gróttumönnum. Þeir komu og sýndu úr hverju þeir væru gerðir og veittu okkur hörkukeppni. Vörnin var slök hjá okkur þó Pálmar hafi komið inn og varið nokkra mikilvæga bolta. En við vorum búnir að tala um það fyrir leikinn að það væri erfitt að koma hingað en þetta hófst og ég er sáttur með það – ekkert meira," bætti Einar við.

Markvörður Gróttu, Lárus Helgi Ólafsson var nokkuð sáttur í leikslok þrátt fyrir tapið.

„Þetta er frábær bæting frá síðasta leik hjá okkur en við vorum samt að gera mistök. Missum mann af velli og svo þessir tveir dómar þarna undir lokin en það er frábært að liðið sé að berjast." Lárus varði 24 skot í leiknum og hann hélt oft heimamönnum inni í leiknum.

„Maður verður að lifa sig inni leikinn og fagna vel eftir hverja markvörslur. Peppa sjálfan sig aðeins upp. Láta skotmanninn vita að maður sé til og svona," sagði hinn eiturhressi Lárus um leið og hann var kallaður inn í klefa.

- bbh



**LÁRUS HELGI ÓLAFSSON** Varði 24 skot frá FH-ingum í gær.

# Betra að spila af sér jólasteikina

**HK tryggði sér í gær sæti í deildarbikarkeppni HSÍ sem fer fram á milli jóla á nýárs. HK vann í gær þriggja marka sigur á Fram, 30-27, þrátt fyrir slakan fyrri hálfleik. Framarar duttu niður í fjórða sætið með tapinu.**

**HANDBOLTI** HK og Fram munu bæði spila í deildarbikarnum á milli jóla og nýárs, ásamt Haukum og FH. Þetta varð ljóst eftir að HK vann sigur á Fram í Digranesi, 30-27.

Þó nokkur deyfð var yfir báðum liðum í fyrri hálfleik en Framarar voru þó skrefinu framar og leiddu verðskuldað í hálfleik. En þá tóku HK-ingar til sinna mála, settu í næsta gír og tryggðu sér sanngjarnan sigur. HK sýndi í gær að liðsheildin er einn stærsti kostur liðsins enda margir leikmenn sem lögðu sitt af mörkum, þá sérstaklega í seinni hálfleik.

„Við vorum ekki með kveikt á perunni langt fram eftir leiknum og það vantaði stemningu í okkar leik þó svo að við hefðum verið að reyna okkar besta. Hún þarf að vera í lagi í liðsíþrótt eins og handbolta," sagði Vilhelm Gauti Bergsveinsson, varnarmaður HK. „Það var ótrúlegt að við vorum ekki nema tveimur mörkum undir í hálfleik."

HK-ingar voru fljótir að láta til sín taka eftir leikhléið. Í stöðunni 18-18 skoruðu þeir fimm mörk í röð sem fór langt með að klára leikinn fyrir þá. Það geta þeir fyrst og fremst þakkað öflugum varnarleik og markvörslu.

Kristinn Guðmundsson, þjálfari HK, var ánægður með sigurinn. „Þetta var mjög mikilvægur sigur enda þurfum við að fá stig gegn þeim liðum sem eru með okkur í þessum sex liða pakka. Við gáfum svolítið eftir í þeirri útileikjahrinu sem við höfum verið í og þurftum á því að halda að fara á jákvæðum nótum inn í jólafríið."

Hann segir að fyrri hálfleikur hafi verið heldur dapur hjá sínum mönnum. „Hann var ofboðslega þungur og bar keim af því að það er prófatörn hjá mörgum leikmönnum. Við löguðum nokkur atriði í varnarleiknum í leikhlénu og það munaði um það. Bjarki Már Gunnarsson var fáránlega góður í miðju varnarinnar og þá kom markvarslan og sóknarleikurinn með í kjölfarið."

Vilhelm Gauti hrósaði Bjarka einnig fyrir frammistöðuna. „Það fer enginn fram hjá honum. Hann er með breidd upp á tvo og fimmtíu þegar hann stendur gleiður og svo er hann þess fyrir utan vaxinn eins og uxi. Hann var ótrúlega öflugur," sagði Vilhelm Gauti en auk Bjarka Más Gunnarssonar áttu margir í liði HK góðan leik í kvöld. Tandri Már Konráðsson og markvörðurinn Arnór Freyr Stefánsson komu mjög sterkir inn af bekknum og áttu stóran þátt í sigri HK.

„Þetta er liðsíþrótt og það þarf að treysta á fleiri en þá sjö sem byrja," sagði Kristinn. „Við teljum okkur hafa mannskap til að ná árangri sem sannaðist í þessum leik."

Einar Jónsson, þjálfari Fram, fer nú í vetrarfríið með lið sitt í fjórða sætinu en Framarar voru lengi vel í efstu tveimur sætum deildarinnar eftir góða byrjun á tímabilinu í haust. „Við vorum bitlausir í sókninni og þegar mest á reyndi í seinni hálfleik náðum við varla skoti að marki," sagði Einar. „Við áttum því miður ekki mikið skilið úr þessum leik. Fyrri hálfleikurinn var ágætur að mestu leyti og ég hefði gjarnan viljað vera með aðeins meiri forystu eftir hann."

Hann segir enga lægð í Safamýrinni. „Þetta er hörkudeild og margir jafnir leikir. Ég hefði verið mjög sáttur við sigur í dag og nú skiptir máli að nýta tímann vel í fríinu, ná öllum meiðslum úr mönnum og þá mætum við tvíefldir aftur til leiks."

Bæði lið taka þó þátt í deildabikarnum og fagnaði Vilhelm Gauti því sérstaklega að vera kominn þangað.

„Það er í fyrsta sinn eftir að ég byrjaði aftur að spila sem það tekst hjá HK. Við viljum frekar hlaupa af okkur jólasteikina í keppni heldur en á hlaupaæfingum í Digranesinu. Það er aðeins skemmtilegra."

eirikur@frettabladid.is




**VEL TEKIÐ Á ÞVÍ** Tandri Már Konráðsson fær hér alvöru móttökur frá Ingimundi Ingimundarsyni í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sóknarleikur Aftureldingar varð þeim að falli á móti toppliði Hauka í N1-deild karla í handbolta í gærkvöldi:

# Haukar komnir með þriggja stiga forskot

**HANDBOLTI** Haukar unnu öruggan 26-20 sigur á Aftureldingu í N1-deild karla í handbolta í gærkvöldi. Haukar höfðu undirtökin frá annarri mínútu og höfðu örugga forystu allt fram að lokamínútunum þegar Afturelding komst aðeins aftur inn í leikinn. Þeir stigu þá aftur upp og unnu að lokum öruggan sigur. Gestirnir áttu í erfiðleikum með sóknina og skoruðu aðeins tvö mörk fyrstu 18 mínútur leiksins.

„Þetta var svona hálf erfitt hjá okkur. Við vorum að koma okkur í góð færi allan leikinn en við vorum að láta Aron verja vel frá okkur og mörg mistök gerðu þetta mjög erfitt fyrir okkur," sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Aftureldingar eftir leikinn.

„Við verðum fyrir áfalli hérna snemma í fyrri hálfleik þegar Sverrir meiðist, svo meiðist Helgi seinna í leiknum og liðið mitt var orðið frekar þunnskipað. Ég var samt ánægður hvernig mínir strákar brugðust við, þeir gáfust aldrei upp og minnkuðu muninn niður í þrjú mörk. Með smá heppni hefðum við getað gert meira úr þessum leik. Með minni klaufahætti hefðum við ekki þurft að elta þá allan leikinn, því það tekur gríðarlega á," sagði Reynir.

„Við vorum með nokkuð þægilegt forskot allan leikinn, Aron var að verja mjög vel í markinu og vörnin mjög þétt miðsvæðis. Við lentum hins vegar í smá streði í seinni hálfleik sóknarlega þegar þeir komast aftur inn í leikinn og minnka muninn. Við stigum þá upp og kláruðum leikinn. Það var flottur karakter hjá strákunum að gleyma sér ekki," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.

„Við vorum ekki sáttir eftir tapleikinn í síðustu umferð gegn Akureyri. Það er auðvitað erfiður útivöllur en eftir það hvernig sá leikur endaði, með sigurmarki á síðustu sekúndunum, var gott að komast aftur á sigurbraut. Mér fannst menn verða samt full kærulausir hérna undir lokin. Menn fóru að reyna að klára þetta á eigin spýtur og hugsuðu minna um liðshaginn," sagði Aron en Haukar náðu þriggja stiga forskoti á toppnum með þessum sigri..

- kpt



**GYLFI GYLFASON** Skoraði átta mörk fyrir Hauka í sigrinum á Aftureldingu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
Norðlensk gæði
20% afsláttur
1038 kr. kg
Verð áður 1298 kr. kg
Grísahryggur með puru
1198 kr. kg
Krónu hamborgarhryggur
30% afsláttur
1049 kr. kg
Verð áður 1498 kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning
15% afsláttur
1953 kr. kg
Verð áður 2298 kr. kg
Grísalundir
1198 kr. kg
Lúxus úrbeinað grísalæri
5 lítrar
ÍS Súkkulaði
ÍS Vanilla
998 kr. stk.
Krónuís, súkkulaði og vanillu, 5 l
659 kr. stk.
Krónu bragðarefur, 1, 33 l
12 stk. í pakka
12 emmessís Jólaíspinnar með vanillubragði
859 kr. pk.
Emmessís jólaíspinnar með vanillubragði, 12 stk.
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
Kókó-mjólk
Strekur brjóstsykur
Pottur
Jólasveina-húfa
Lukku-flakk
Krónu-appelsín
Allir vinna!
Jóla lukkuflakk!
Laugardag & sunnudag
5 stýrissleðar!
að verðmæti 13.990 kr. stk.
Allir sem snúa Lukkuhjólinu fá vinning, sá sem lendir á snjósleðanum fer í pott, dregið um fimm sleða, hver að andvirði 13.990 kr.
Vinningar afhentir þriðjudaginn 20. desember.
Laugardagur:
Kl. 11-13 Krónan Mosfellsbæ
Kl. 14-16 Krónan Bíldshöfða
Sunnudagur:
Kl. 11-13 Krónan Granda
Kl. 14-16 Krónan Lindum
Sjá opnunartíma Krónuverslana yfir jól og áramót á www.kronan.is

> **Stöð 2 kl. 20.05**
**The X Factor**

***Það eru bara fjórir söngvarar eftir í þessari mögnuðu keppni og nú má ekkert út af bregða. Úrslitaþátturinn verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 í næstu viku.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR VILL VERÐA BETRI

# *Bræður bræða hjarta*

Þættirnir „My Name Is Earl“ eru aftur farnir að rúlla á Stöð tvö við mikla ánægju á heimilinu. Bræðurnir Earl og Randy bræddu hjarta mitt fyrir löngu þrátt fyrir rytjulegan útgang og úfið hár. Enda er það hinn innri maður sem skiptir máli en ekki útlitið og það hefur Earl svo sannarlega kennt mér ef ég vissi það ekki fyrir.

Í þáttunum reynir hann að bæta fyrir allt það slæma sem hann hefur gert á hlut fólks og það er ansi margt. Hann fer skipulega í verkið, hefur hripað niður lista á gult blað og númerað hvert atriði. Svo gengur hann í málið hreinn og beinn og



skorast ekki undan þó sum atriðanna séu óþægileg og erfitt að bæta fyrir þau. Randy er jafnan við hlið hans og samband þeirra bræðra eitt og sér hefur margoft komið tárum fram á hvarma.

Uppbygging þáttanna er einföld og alltaf eins, eitthvað í hversdeginum verður til þess að minna Earl á eitthvað sem hann þarf að bæta fyrir og svo gerir hann það. Ég fæ samt aldrei leið á þáttunum og held að það hljóti að vera vegna boðskaparins sem í þeim felst. Earl fær mig til að vilja bæta ráð mitt og verða betri manneskja.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Ég er ekki að grínast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (e)
**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Otrabörnin** (36:41) (PB and J Otter)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.25 Með okkar augum** (6:6) (e) Í þessari þáttaröð skoðar fólk með þroskahömlun málefni líðandi stundar með sínum augum og spyrja þeirra spurninga sem þeim eru hugleiknastar hverju sinni.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** (Grindavíkurbær - Árborg)
**21.20 Prinsinn og ég** (The Prince and Me) Í háskóla í Wisconsin verður bóndadóttirin Paige forvitin um danskan skiptinema sem virðist lítið hafa þurft að hafa fyrir lífinu. Bandarísk bíómynd frá 2004.
**23.20 Svikasveinar (Bad Santa)** Bandarísk bíómynd frá 2003 um svikahrappa sem fara í gervi jólasveinsins og hjálparmanns hans og ræna verslanir á aðfangadag. Þeir lenda í vandræðum þegar jólasveinninn vingast við lítinn strák og öryggisvörður áttar sig á athæfi þeirra. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.55 Köfnun** (Choke) Bandarísk bíómynd frá 2008 um kynlífsfíkil og loddara sem aflar peninga fyrir spítalareikningum mömmu sinnar með því að nýta sér samúð fólks sem bjargar honum frá köfnun. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Stuck On You**
**10.00 Duplicity**
**12.05 Unstable Fables**
**14.00 Stuck On You**
**16.00 Duplicity**
**18.05 Unstable Fables.**
**20.00 A Family Thanksgiving**
**22.00 Mystic River**
**00.15 Premonition**
**02.00 Pledge This!**
**04.00 Mystic River**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (22:175)
**10.15 Ramsay's Kitchen Nightmares** (6:6)
**11.05 Fairly Legal** (9:10)
**11.50 Off the Map** (5:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Waterboy**
**14.30 Friends** (11:24)
**14.55 Sorry I've Got No Head**
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (5:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Týnda kynslóðin** (17:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.
**20.05 The X Factor** (23:26) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Rétt eins og í Idol verður sungið til sigurs, allt þar til einn söngvari eða sönghokkur stendur uppi sem sigurvegari, 5 milljón dollurum ríkari og með nýjan plötusamning. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.
**21.20 The X Factor** (24:26)
**22.10 Four Christmases** Frábær gamanmynd þar sem Vince Vaughn og Reese Witherspoon leika par sem neyðist til að heimsækja fjölskyldu sína á jólunum eftir að flugi þeirra í fríið er aflýst.
**23.40 Die Hard**.
**01.50 Changeling**
**04.10 Waterboy**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Evrópudeildin** (AZ Alkmaar - Metalist Kharkiv)
**11.00 UEFA Champions League Draw** (Dregið í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu) BEINT
**12.00 UEFA Europa League Draw** (Dregið í 32 liða úrslit Evrópudeildarinnar) BEINT
**16.25 Evrópudeildin** (Shamrock Rovers - Tottenham)
**18.10 Evrópudeildarmörkin**
**19.05 HM í handbolta** (Frakkland - Danmörk) BEINT
**20.50 Þorsteinn J. og gestir**
**21.50 HM í handbolta** (Noregur - Spánn) BEINT
**23.30 La Liga Report**
**00.00 HM í handbolta** (Fra - Dan)
**01.25 HM í handbolta** (Nor - Spá)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Liverpool - QPR**
**18.40 Man. Utd. - Wolves**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches. Man United - Chelsea, 1999**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Arsenal - Everton**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (6/175)
**20.15 Chuck** (19/19)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Human Target** (6/13)
**22.45 The Good Guys** (20/20)
**23.35 Breaking Bad** (6/13)
**00.25 Chuck** (19/19)
**01.10 Týnda kynslóðin** (17/40)
**01.50 The Doctors** (6/175)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (14:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (14:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.40 America's Next Top Model** (1:13) (e)
**16.25 Rachael Ray**
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Parenthood** (17:22) (e)
**18.45 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (46:50) (e)
**19.35 Will & Grace - OPIÐ** (16:24) (e)
**20.00 Being Erica** (5:13) Skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið. Adam fær tækifæri til að sjá hvernig líf hans hefði orðið, ef hann hefði ekki misst stjórn á sér við yfirmann sinn.
**20.50 According to Jim** (18:18)
**21.15 HA?** (13:31) Björgvin Halldórsson, Guðmundur Pálsson og Karl Sigurðsson sem heiðra Ha? með nærveru sinni í þetta skiptið.
**22.05 Jonathan Ross** (5:19)
**22.55 Donnie Brasco** Bandarísk kvikmynd frá árinu 1997. Lögreglumaður sem fer huldu höfði innan valdamikillar glæpafjölskyldu undir nafninu Donnie Brasco. Hann eignast vini innan fjölskyldunnar og kemst til æðstu metorða. Áður en varir á Donnie erfitt með að skilja á milli veruleikans og uppspuna dulargervisins.
**01.05 30 Rock** (16:23) (e)
**01.30 Saturday Night Live** (2:22) (e)
**02.20 Whose Line is it Anyway?** (e)
**02.45 Jimmy Kimmel** (e)
**04.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** The Franklin Shootout (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** The Franklin Shootout (2:4) **14.00** The Franklin Shootout (3:4) **17.00** US Open 2002 - Official Film **18.00** US Open 2011 (1:4) **00.05** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.30** The Weakest Link **08.00** New Tricks **09.45** Come Dine With Me **10.35** New Tricks **12.15** Live at the Apollo **13.00** Come Dine With Me **13.50** Hustle **14.45** Hustle **15.35** Live at the Apollo **16.15** Come Dine With Me **17.10** Live at the Apollo **17.55** QI **18.25** QI **18.55** QI **19.25** QI **20.00** Derren Brown. Something Wicked This Way **21.15** The Graham Norton Show **22.00** The Graham Norton Show **22.45** The Graham Norton Show **23.30** QI **00.00** QI **00.30** QI **01.35** The Graham Norton Show **04.00** QI **05.15** EastEnders

## DR 1

**11.35** Det søde liv - jul **12.35** Aftenshowet **13.05** Jamie Olivers familiejul **13.30** Sådan er kærlighed **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Miss Marple. Invitation til mord **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Price og Blomsterberg **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** DR's store juleshow **20.00** TV Avisen **20.30** DR's store juleshow **21.05** French Kiss

## NRK 1

**11.10** V-cup alpint **12.30** Nyheter **12.35** V-cup kombinert **13.20** Nyheter **13.25** V-cup skiskyting **15.00** Nyheter **15.05** V-cup kombinert **15.45** Skatten under isbreen **16.00** Nyheter **16.10** Det søte liv **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Åge og damene **20.10** Nytt på nytt **20.40** Førstebetjent Banks **22.10** Kveldsnytt **22.25** Latterfabrikken **23.20** Kaizers Orchestra - live fra Oslo Spektrum

## SVT 1

**10.30** Mitt i naturen **11.05** Alpint. Världscupen Val Gardena **12.30** Förnuft och känsla **13.30** How to Make It in America **14.00** Allt för Sverige **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Telefonsupporten **16.00** Bröderna Reyes **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** På spåret **20.00** Om en pojke **21.40** Lust och fägring stor **23.45** Rapport **23.50** Homeland **00.40** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Dæmisögur Esóps

Úrval sagna úr þessum alþekkta sagnabálki.

Hver þekkir t.d. ekki söguna af héranum og skjaldbökunni
eða drengnum sem hrópaði: Úlfur! Úlfur!?

Fallegar og skemmtilegar sögur sem
jafnframt afhjúpa mannlegt eðli þannig að allir skilja.

Sögur sem fylgja okkur alla ævi.

**Klassískt meistaraverk fyrir börn á öllum aldri.**






# TRÖLLASPOR

Heildarsafn íslenskra tröllasagna í tveimur bindum.

Margar sagnanna hafa aldrei áður birst á prenti.

Tröll, hafmenn, fjörulallar, Grýla, jólasveinarnir
og aðrar íslenskar forynjur birtast hér ljóslifandi.

**Nauðsynlegt verk handa öllu áhugafólki
um þjóðfræði og þjóðsögur.**







# SVIPAST UM Á SÖGUSLÓÐUM

Nýjasta bók Þórðar Tómassonar í Skógum.

Glæsilegt verk um þjóðlíf og þjóðhætti
í Vestur-Skaftafellssýslu.

SKRUDDA

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Uppáhaldsjólalagið mitt er Ef ég nenni en föstudagslagið mitt er Man Down með Rihönnu. Ég verða að tileinka landsliðsstelpunum það lag í tilefni dagsins.“*

Karen Knútsdóttir, landsliðskona í handbolta.

# Baltasar þriðji í skíðakeppni í Frakklandi

Baltasar Kormákur hafnaði í þriðja sæti í skíðakeppni kvikmyndaframleiðenda, leikstjóra og annarra kvikmyndamógúla sem haldin var í tengslum við Les Arcs-kvikmyndahátíðina, en Baltasar var þar að kynna kvikmynd sína, Djúpið. Leikstjórinn þykir liðtækur skíðakappi en mátti lúta í lægra haldi fyrir sér reyndari köppum, þeim Denis Antoine og Grégory Faes.

„Ég var bara nokkrum sekúndubrotum frá fyrsta sætinu. Ég var á sömu sekúndunni,“ segir Baltasar í samtali við Fréttablaðið, en hann var þá nýkominn heim til Íslands. Hann segir keppnina hafa verið harða, en leikstjórinn náði tímanum 34,8 sekúndur í stórsvigi. „Stóru mistökin voru auðvitað að vera á svigskíðum en ekki stórsvigsskíðum, þau drógu úr hraðanum.“

Les Arcs í Savoie er eitt besta skíðasvæði Evrópu og þar renndu Baltasar og eiginkona hans, Lilja Pálmadóttir, sér niður snævi-þaktar hlíðarnar milli þess sem leikstjórinn kynnti Djúpið. Allir þátttakendur í skíðakeppninni voru leystir út með gjöfum, fengu boli, húfur, vettlinga og flösku af einum þekktasta drykk héraðsins, Chartreuse.

Baltasar á sér reyndar fortíð úr skíðaheiminum, hann æfði skíðaíþróttina af kappi með Breiðabliki þegar hann var yngri. „En svo lagði ég skíðin á hilluna og renndi mér ekki í fimmtán ár.“ Baltasar er nú á leiðinni til New York, þar sem hann mun taka þátt í viðtölum með Mark Wahlberg í kringum kynningar á kvikmyndinni Contraband, en hún verður frumsýnd eftir tæpan mánuð.

- fgg



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Baltasar gerir sig kláran fyrir skíðakeppnina í frönsku Ölpunum, en hann hafnaði í þriðja sæti í stórsviginu, var aðeins sekúndubrotum frá fyrsta sætinu. MYND/PIDZ

# Gamlinginn slær Potter og Larsson við

Ekkert lát er á vinsældum sænsku bókarinnar Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf. Bókin hefur nú verið prentuð í 20 þúsund eintökum. Páll Valsson, þýðandi bókarinnar, segir að aldrei hafi þýdd bók selst jafnmikið á svo skömmum tíma fyrir ein jól hérlendis. Þar með hafi Gamlinginn skákað ekki minni mönnum en Harry Potter og Dan Brown.

„Það er öruggt að Gamlinginn verður ein mest selda bók ársins,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, sem gefur bókina út. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni keppa rithöfundarnir Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir um að eiga söluhæstu bók ársins. Ljóst er að Gamlinginn gæti vel blandað sér í þann slag.

Bókin selst nú jöfnum höndum í kilju og innbundin og kveðst Egill vart anna eftirspurninni: „Við erum búin að prenta 4.500 eintök bara í þessari viku.“

- hdm




**ÓTRÚLEGAR VINSÆLDIR** Páll Valsson þýddi Gamlingjann, sem hefur nú verið prentaður í 20 þúsund eintökum.

STOKKIÐ KYNLÍFIÐ UPP Á NÝTT

52 tromp sem kveikja hugmyndir og auka lostann




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

MAGDALENA SARA LEIFSDÓTTIR: MIKIL UPPLIFUN AÐ KOMA TIL KÍNA

# KOM HEIM MEÐ STÓRAN SAMNING VIÐ ELITE

„Þetta var mikil upplifun og ég veit núna að mig langar að láta reyna á fyrirsætustarfið,“ segir Elite-fyrirsætan Magdalena Sara Leifsdóttir, en hún er nýkomin heim frá Kína þar sem hún tók þátt í alþjóðlegu Elite-keppninni.

Magdalenu gekk vel úti, en hún heillaði forsvarsmenn Elite og kom heim með fyrirsætusamning við alþjóðlegu Elite-skrifstofuna.

Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjóri Elite á Íslandi, segir að samningurinn sé einn sá stærsti sem hafi verið gerður við íslenska fyrirsætu. „Þetta þýðir að hún er komin inn hjá öllum 37 Elite-skrifstofunum úti í heimi og í raun loforð um að þeir ætli að gera hana að ofurfyrirsætu. Það voru allir mjög hrifnir af henni. Hún er kannski ekki að fara á forsíðu Vogue á næsta ári en þetta er langt ferli enda er hún enn þá ung,“ segir Arnar Gauti, sem var í skýjunum yfir árangri Magdalenu.

Úrslitakvöldið fór fram í tónleikahöll í Sjanghæ sem rúmaði um þrjú þúsund manns og var sýnt beint frá keppninni í kínverska sjónvarpinu. Kynnir kvöldsins var leikkonan Nikki Reed úr Twilight-myndunum og Kylie Minogue tróð upp. „Ég var smá stressuð fyrst yfir að fara fram á svið en þetta var svo fljótt að líða og rosalega gaman. Ég kynntist fullt af skemmtilegum stelpum sem ég ætla að halda sambandi við.“

Magdalena var í Kína í tvær vikur, en hún er að klára tíunda bekk í Álfhólsskóla. Þessa dagana er hún að vinna það upp sem hún missti af í skólanum á meðan hún var úti en hún var svo heppin að foreldrar hennar, Þórey G. Guðmundsdóttir og Leifur Eiríksson, fylgdu henni til Kína. „Það var mjög gott að hafa þau með þó að ég hitti þau nú ekki mikið. Við vorum á sama hóteli og ég gat heilsað upp á þau í morgunmat og rakst stundum á þau í lyftunni,“ segir Magdalena og bætir við að mjög fagmannlega hafi verið staðið að öllu í keppninni.

Móðir hennar Þórey tekur í sama streng og segir fjölskylduna styðja Magdalenu í að koma sér áfram í fyrirsætubransanum. „Ef þetta er það sem hún vill gera styðjum við hana en auðvitað fylgja þessu blendnar tilfinningar enda harður bransi. Þetta er langt ferli sem er fyrir höndum og við tökum öllu með ró.“

alfrun@frettabladid.is



**EFNILEG** Magdalena Sara Leifsdóttir, til vinstri, tók þátt í Alþjóðlegu Elite keppninni í Sjanghæ og heillaði forsvarsmenn Elite upp úr skónum sem ætla að gera hana að ofurfyrirsætu. Hér er hún ásamt vinkonu sinni Barböru frá Serbíu í Sjanghæ.

# Þrjátíu þúsund sáu Sveppa í bíó

Algjör Sveppi og töfraskápurinn er vinsælasta íslenska kvikmyndin sem var frumsýnd á þessu ári. Alls sáu hana rúmlega þrjátíu þúsund manns og náði hún í miðasölunni inn tæpum þrjátíu milljónum króna. Barnastjarnan Sverrir Þór Sverrisson má því vel við una fyrir þessa þriðju Sveppa-mynd þeirra Braga Hinrikssonar leikstjóra.

Teiknimyndin Þór, sem var frumsýnd um miðjan október og er enn í bíó, hlaut næstmestu aðsóknina, með tæplega 24 þúsund áhorfendur samkvæmt tölum frá Smáís. Hún hefur á hinn bóginn þénað örlítið minna en gamandramað Okkar eigin Osló, sem er þriðja vinsælasta mynd ársins með örlítið færri áhorfendur. Í fjórða sætinu er hasarmyndin Borgríki og þar á eftir kemur verðlaunamyndin Eldfjall, sem var frumsýnd í lok september og er enn í bíó.

Athygli vekur dræm aðsókn á myndirnar Hrafnar, sóleyjar og myrra og Á annan veg. Fyrrnefndu fjölskyldumyndina sáu tæplega eitt þúsund bíógestir á meðan hin síðarnefnda laðaði að sér innan við 1.300 manns.

Ef allar íslensku myndirnar sem voru sýndar á árinu, þar á meðal Gauragangur og heimildarmyndin Gnarr sem voru frumsýndar í fyrra, nema heildartekjurnar um 137 milljónum króna með aðsókn upp á um 127 þúsund manns.

- fb

### ÍSLENSKAR KVIKMYNDIR Í BÍÓ 2011

| Kvikmynd | Aðsóknartekjur | Áhorfendur |
|---|---|---|
| Algjör Sveppi og töfraskápurinn | 29.846.180 kr. | 30.602 |
| Okkar eigin Osló | 29.238.064 kr. | 23.892 |
| Þór | 22.172.955 kr. | 23.976 |
| Borgríki | 19.330.675 kr. | 16.465 |
| Volcano | 9.760.160 kr. | 9.028 |
| Rokland | 9.213.340 kr. | 7.912 |
| Kurteist fólk | 7.829.070 kr. | 6.568 |
| Gauragangur | 7.674.015 kr. | 6.663 |
| Á annan veg | 1.325.870 kr. | 1.282 |
| Hrafnar, Sóleyjar og Myrra | 640.540 kr. | 932 |
| Gnarr | 156.050 kr. | 151 |
| *Samanlagt:* | *137.186.919 kr.* | *127.471* |



**VINSÆLUST** Sveppi og félagar við tökur á Algjörum Sveppa og töfraskápnum uppi á Langjökli.

Regatta
GREAT OUTDOORS™

Dare2b CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS
CRAGHOPPERS



Úlpur
Jakkar
Skíða/Bretta úlpur
Skíða/Bretta buxur
Isotex úlpur
Isotex buxur
Dúnúlpur
Softshell buxur
Softshell peysur
Softshell vesti
Flís peysur
Flísvesti
Skyrtur
Skyrtur fóðraðar
Buxur
Buxur fóðraðar
Undirföt
Skór
Smávara ofl. ofl.

NÝTT KORTATÍMABIL

## OPIÐ

**Virka daga 11 - 18**
**Lau. 17. des. 11 – 20**
**Sun. 18. des. 13 – 18**

# ÚTIVIST & SPORT

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Viðvörunarbjöllur í Seðló

Út er komið nýjasta eintakið af riti seðlabankans, Fjármálastöðugleika, sem kemur út tvisvar á ári. Var af því tilefni boðað til blaðamannafundar í höfuðstöðvum bankans á miðvikudag. **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri flutti þar stuttan inngang en svo tók Harpa Jónsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs, við og kynnti efni ritsins. Þegar Harpa var nýtekin til máls var hún hins vegar slegin út af laginu þegar viðvörunarbjöllur hófu að hringja um allan seðlabanka. Gerði Már sig þá líklegan til að standa upp úr stól sínum, leit alvörugefinn yfir salinn og sagði að upp væri komið neyðarástand í tengslum við fjármálastöðugleika. Var Már þó einungis að slá á létta strengi því orsökin var alls ekki svo alvarleg; kokkinum höfðu verið mislagðar hendur í eldhúsinu.



### Í fótspor leiðtogans

Tölvuleikjafyrirtækið CCP sagði upp 120 starfsmönnum í október. Varaborgarfulltrúinn **Diljá Ámundadóttir** var ein þeirra sem missti vinnuna hjá fyrirtækinu, en þar hafði hún starfað um hríð. Diljá var ekki lengi verkefnalaus, því hún hefur ráðið sig til auglýsingastofunnar Ennemm, þar sem hún mun einbeita sér að verkefnum tengdum samfélagsmiðlum. Svo skemmtilega vill til að Jón Gnarr, samherji Diljár í Besta flokknum, starfaði um skeið á sömu stofu og ætti þau því að hafa um nóg að ræða á næstunni.

**– mþl, hdm**



## Mest lesið Vísir

1. Verð á bensíni, áfengi, tóbaki og fleiru hækkar um áramótin
2. Eplum rigndi í Coventry
3. Lagt til að sonur Hannesar Þórs fái ríkisborgararétt
4. Ung hjón og barn sluppu ósködduð úr eldsvoða
5. Tía, Jósebína, Bertram og Trú samþykkt







Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa ★★★★★

Sofðu vel um jólin

10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum

(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

**Proflex stillanlegt rúm.**
Gott stillanlegt rúm á frábæru verði.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 399.900 kr.**
**Nú 379.900 kr.**

**Board Wallhugger stillanlegt rúm.**
Eitt vinsælasta stillanlega rúmið.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 549.900 kr.**
**Nú 529.900**

10000 TÍU ÞÚSUND KRÓNUR – PENINGABANKI ÍSLANDS

**Saga/Freyja hágæða heilsudýna.**
Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr. Nú 119.900 kr.**

**Þór hágæða heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr. Nú 139.900 kr.**

**20% afsláttur**
**Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr. Nú 169.900 kr.**
**Íslenskur höfuðgafl 94.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

**20% afsláttur**
**Jólagjöfin þín í ár. Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali. Frá 8.900 kr. Nokkrar stærðir**



**BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta. 169.900 kr.**
**BOAS leður hægindastóll. 79.900 kr.**
**BOAS rafmagns lyftu stólar. 149.900 kr.**

**Mikið úrval af svefnsófum**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is